












# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
**21. apríl 2011**
93. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




**Pratik Kumar**
*Vill hjálpa fólki að búa til arðbæran hugbúnað.*
**tölvur 22**

**Úti og inni um páskana**
*Fjölmargt er á seyði yfir páskana.*

**afþreying 20**



**Baráttan harðnar**
*Arsenal missteig sig gegn Spurs og Chelsea skaust í annað sætið á Englandi.*
**sport 40**

**2 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu
Allt | kirkjur






**GLEÐILEGT SUMAR** Sumardagurinn fyrsti er í dag, en það er fyrsti dagur Hörpu samkvæmt gömlu tímatali. Ber þessi tímamót alltaf upp á fimmtudag á tímabilinu frá 19. til 25. apríl. Ekki hefur verið sumarlegt veður undanfarið og leituðu þessar kanínur skjóls í Elliðaárdal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Fasteignaviðskipti glæðast

**Þinglýstum kaupsamningum vegna fasteignakaupa á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað um 70 prósent á milli ára. Verðmæti kaupsamninga á fyrsta ársfjórðungi er 34 milljarðar króna en var 19 milljarðar í fyrra.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Fasteignamarkaðurinn er að taka við sér og mikið um að fyrstu kaupendur sé að koma út á markaðinn. Þetta er mat Grétars Jónssonar, framkvæmdastjóra Félags fasteignasala. „Eftirspurn eftir húsnæði er mun meiri en áður og alveg ljóst að markaðurinn er að taka við sér,“ segir Grétar.

Þinglýstum kaupsamningum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði úr 668 í 1.115, eða um tæp 70 prósent, milli áranna 2010 og 2011, samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands. Borið er saman tímabilið frá 1. janúar til 14. apríl. Verðmæti kaupsamninga á þessu tímabili í ár er rúmir 34 milljarðar króna en var rúmir 19 milljarðar í fyrra.

Árið 2008 var þinglýst 1.267 kaupsamningum á sama tímabili og var verðmæti þeirra um 45,5 milljarðar króna.

Samkvæmt upplýsingum frá Íbúðalánasjóði hefur orðið verulega aukning í umsóknum einstaklinga undanfarna mánuði. Útlán til þeirra hafa aukist um helming á milli ára, eða um 2 milljarða króna. Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, segir þó lítils háttar samdrátt vera í útlánum yfir heildina.

„Útlán til leigufélaga hafa dregist saman um 79,2 prósent, eða um 24 milljarða, miðað við sama tíma í fyrra,“ segir Sigurður.

Hann segir útlán Íbúðalánasjóðs hafa dregist saman um 400 milljónir, eða um 6,5 prósent, á tímabilinu frá ársbyrjun til 13. apríl.

„Þetta tók tíma en einstaklingsmarkaðurinn er að taka við sér,“ segir Sigurður og bætir við að fólk sem hafi fengið greiðsluaðlögun vegna 110 prósent lána sé að koma aftur út á markaðinn.

Spár um lækkandi verð fasteigna hafa ekki gengið eftir en verð á fasteignum hefur nær staðið í stað síðustu tólf mánuði. **- sv**

**1.115**
Fjöldi þinglýstra kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu frá 1. janúar til 14. apríl 2011.


LYFJA
- Lifið heil

Gleðilega páska

+ Hjá okkur er opið alla páskana,
einnig föstudaginn langa og páskadag.

Lyfja Lágmúla kl. 7–01
Lyfja Smáratorgi kl. 8–24




www.lyfja.is

## SPURNING DAGSINS



*Páll Gunnar, hefur orðið vart við mikinn gosóróa eftir húsleitirnar?*

„Nei, nei, bara örlitla hreyfingu á skjálftamælum.“

Samkeppniseftirlitið gerði húsleit hjá stóru gosdrykkjaframleiðendunum í fyrradag. Páll Gunnar Pálsson er forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Matsfyrirtækið Moody's heldur lánshæfismati ríkissjóðs frá ruslflokki en telur horfur áfram verða neikvæðar:

# Mikilvægt að við drögum úr óvissunni

**EFNAHAGSMÁL** „Þetta er gott að sjá, nú er hálfur sigur unninn,“ segir Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra.

Matsfyrirtækið Moody's staðfesti síðdegis í gær lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs. Þær eru Baa3/P-3, einu haki fyrir ofan ruslflokk. Horfur eru enn neikvæðar, að mati fyrirtækisins.

Beðið hefur verið eftir nýju mati frá matsfyrirtækjunum Moody's & Standard & Poor's síðan Icesave-samkomulagið var fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir tæpum hálfum mánuði. Matsfyrirtækið Fitch hefur þegar fært lánshæfismat ríkissjóðs í ruslflokk. Enn er beðið eftir Standard & Poor's.

Í mati Moody's segir að þrátt fyrir að Icesave-samkomulagið hafi verið fellt sé jákvæði þátturinn sá að útlit sé fyrir að stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi fái senn hlutagreiðslu úr þrotabúi gamla Landsbankans. Til viðbótar virðist eignasafn bankans verðmætara en áður var talið.

Þá er ekki talið líklegt að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar hafi áhrif á efnahagsáætlun AGS og stjórnvalda þótt fimmta endurskoðun áætlunarinnar muni tefjast.

Árni Páll og sendinefnd á vegum íslenskra stjórnvalda fundaði með matsfyrirtækjunum á vorfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um síðustu helgi. Hann telur að fundirnir hafi hjálpað til og skilað betra mati en útlit var fyrir. „Það er gömul saga og ný að matsfyrirtækjum er illa við óvissu og því mikilvægt að við drögum úr áhættunni. Ef okkur tekst að forðast lækkun lánshæfismatsins ættum við að ná betur utan um hlutina á næstu misserum,“ segir Árni Páll. **- jab**



**ÁRNI PÁLL** Hálfur sigur er unninn, segir efnahags- og viðskiptaráðherra sem bíður eftir lánshæfismati Standard & Poor's. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**MEÐ EIGIN ÞÁTT** Þórunn Ívarsdóttir og Hildur Ársælsdóttir.

Upplifa drauminn erlendis:

## Íslenskir nemar með þátt í LA

**FÓLK** Tvær íslenskar konur hafa verið ráðnar stjórnendur nýs lífsstílsþáttar sem hefur göngu sína í Bandaríkjunum á næstunni. Þátturinn ber heitið StyleVid. Þáttarstjórnendurnir eru Þórunn Ívarsdóttir og Hildur Ársælsdóttir, sem báðar stunda nám við virtan tískuskóla í Los Angeles og hafa unnið nótt sem nýtan dag að undanförnu við undirbúning þáttarins.

„Þetta var ekki eitthvað sem við ætluðum okkur, en svona tækifæri er ekki hægt að sleppa,“ segir Þórunn.

Mikil ánægja er með þættina og hefur framleiðandinn boðið stúlkunum starf að námi loknu.

**- rat /** **sjá Allt í miðju blaðsins**

Útgáfa Fréttablaðsins:

## Kemur næst út á laugardag

**Fréttablaðið kemur næst út á laugardag og síðan ekki fyrr en á þriðjudag. Afgreiðsla blaðsins er lokuð þar til á þriðjudagsmorgun.**

**Þjónustuver 365 er opið frá 10 til 22 alla daga nema páskadag, en þá er opið frá 10 til 16.**



**FJARLÆGÐU UMDEILT VERK** Stjórn Nýlistasafnsins ákvað, eftir kvörtun bókaútgefanda, að fjarlægja eitt verkanna af sýningunni Koddu. Listamenn eru afar ósáttir og saka stjórnina um aðför að tjáningarfrelsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Saka Nýlistasafnið um árás á tjáningarfrelsið

**Listamenn eru ósáttir við að listaverk hafi verið fjarlægt af sýningu í Nýlistasafninu. Borið er við broti á sæmdarrétti bókarhöfunda. Sýningarstjóri segir ekkert athugavert við verkið og segir sýninguna verða færða burt úr safninu.**

**MENNING** „Þetta er svartur dagur í sögu tjáningarfrelsis á Íslandi,“ segir Hannes Lárusson, myndlistarmaður og sýningarstjóri, um ákvörðun stjórnar Nýlistasafnsins um að fjarlægja eitt verkanna af sýningunni Koddu. Tugir listamanna taka þátt í sýningunni sem var opnuð í Nýlistasafninu og Alliance-húsinu á Grandagarði um síðustu helgi.

Eitt af verkunum sem sýnt er á Nýlistasafninu er „Fallegasta bók í heimi“, sem er í grunninn eintak af bókinni Flora Islandica eftir Eggert Pétursson og Ágúst H. Bjarnason, sem hefur meðal annars verið útötuð í matarleifum.

Útgáfufyrirtækið Crymogea, sem gefur út umrædda bók, kvartaði til stjórnar safnsins með þeim rökum að sæmdarrétti höfunda væri brotinn með þessari meðferð.

Í tilkynningu segir stjórn Nýlistasafnsins að í verkinu Fallegasta bók í heimi verði að teljast afar líklegt að sæmdarrétttur höfunda hafi verið brotinn.

Með tilliti til hagsmuna safnsins var því ákveðið að fjarlægja verkið úr safnrýminu, en sýningin standi að öðru leyti óhreyfð.

Hannes er afar ósáttur við ákvörðunina og hótar að kæra málið. „Þetta er svívirðileg árás á tjáningarfrelsið, hreint skemmdarverk og með verri dæmum sem maður getur tiltekið í þessum efnum. Ég lít á þetta sem lögreglumál og ef hreyft er við verkinu eða það verður fjarlægt þá mun ég kæra það til lögreglu.“

Umfjöllunarefni sýningarinnar er eins konar uppgjör við hrunið og þjóðarsjálf Íslendinga og segir Hannes að í þessu máli birtist að nokkru leyti eitt það versta í þjóðarsjálfinu og segist ekki muna eftir öðru eins inngripi í listsýningu á seinni árum.

Hann þvertekur fyrir að verkið umdeilda hafi brotið á sæmdarrétti bókarhöfunda.

„Það þarf ekki að leita lengra en til Andy Warhol og Dieters Roth og þúsunda annarra listamanna á síðustu hundrað árum sem hafa notað fjöldaframleidda hluti sem hráefni í listaverk. Að menn skuli svo hrökkva upp við það núna segir bara á hvaða talibanastigi við erum hér.“

Í ljósi þessarar ákvörðunar stjórnar Nýlistasafnsins hyggjast sýningarstjórarnir færa þann hluta sýningarinnar sem þar er, vestur á Grandagarð þar sem flest verkin eru nú til sýnis.

**thorgils@frettabladid.is**

Tveir stórsmyglarar ákærðir:

## Með vökva til amfetamínframleiðslu

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært tvo karlmenn á þrítugsaldri fyrir tilraun til stórfellds fíkniefnasmygls.

Mönnunum, sem báðir eru af erlendu bergi brotnir, er gefið að sök að reyna að smygla samtals nær 1,6 lítrum af vökva, sem innihélt amfetamínbasa, til landsins 22. febrúar 2011. Unnt hefði verið að búa til rúmlega tíu kíló af amfetamíni úr vökvanum.

Mennirnir fluttu vökvann með flugi frá London. Tollverðir fundu flöskur í farangri mannanna.

Mennirnir eru einnig ákærðir fyrir að hafa ráðgert að selja efnið hér á landi. **- jss**

Ljósmyndari deyr í Líbíu:

## Var að mynda átökin í landinu

**LÍBÍA Breski ljósmyndarinn Tim Hetherington lést er hann lenti í átökum á milli hermanna hliðhollra Múammar Gaddafí einræðisherra og uppreisnarmanna í hafnarborginni Misrata í Líbíu í gær. Tveir blaðamenn er sagðir hafa slasast í átökunum.**

**Hetherington var í Líbíu á vegum bandaríska tímaritsins Vanity Fair og vann þar að umfjöllun um umsátrið um Misrata. - jab**

**ÞJÓÐKIRKJAN**

### Kærir biskupskosningu

Séra Agnes M. Sigurðardóttir hefur kært nýafstaðna kosningu til vígslubiskups. Séra Agnes lenti í þriðja sæti í kjörinu, en gerir athugasemdir við að tveir kjörseðlar, sem póstlagðir voru eftir að skilafrestur rann út, hafi verið taldir með. Yfirkjörstjórn mun taka kæruna til umfjöllunar á næstu dögum.




Palestínumenn ætla að knýja fram viðurkenningu Palestínuríkis í haust:

# Þurfa að sannfæra Bandaríkin

**ÍSRAEL, AP** Ísraelar og Palestínumenn féllust síðastliðið haust á að ljúka friðarsamningum í september á þessu ári. Ekkert hefur gengið í samningaviðræðum, en Palestínumenn virðast ætla að láta reyna á það hvort öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fallist ekki á stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínu þegar þessi frestur er liðinn.

Til þess þurfa Palestínumenn þó að sannfæra Bandaríkjastjórn um að beita ekki neitunarvaldi í öryggisráðinu. Mark Toner, talsmaður utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna, sagði Bandaríkin ekki telja það góða hugmynd að lýsa einhliða yfir stofnun Palestínuríkis.

Riyad Mansour, fulltrúi Palestínumanna hjá Sameinuðu þjóðunum, segir þó að Palestínumenn geri sér góðar vonir um að þriðjungur aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna muni viðurkenna sjálfstætt Palestínuríki í haust.

Tímasetningin liggi beint við, meðal annars vegna þess að þá ljúki tveggja ára uppbyggingarferli innviða Palestínuríkis, sem geri það að verkum að þá verði allar forsendur fyrir hendi til þess að sjálfstætt ríki verði orðið starfhæft. **- gb**



**BENJAMIN NETANJAHÚ** Forsætisráðherra Ísraels á ríkisstjórnarfundi um síðustu helgi. NORDICPHOTOS/AFP




# TAX FREE

## AF REIÐHJÓLUM

### Í DAG SUMARDAGINN FYRSTA

## Páskahátíð í Blómavali



**Páskablómin á betra verði!**

Páskakanínur
á vegum Dýraríkis

Í DAG
Börnin fá að klappa kanínum **í Skútuvogi og á Akureyri**



blómaval
heillandi heimur

## TILBOÐ
## Á TRAMPOLÍNI

**ÞÚ SPARAR 12.000,-**
MEÐ ÖLLUM PAKKANUM



**Trampolín**
**30.900,-**
~~38.900,-~~

**Öryggisnet**
**15.900,-**
~~19.900,-~~
3900566

Trampolín
**Þvermál 396 cm,**
**Hæð 88 cm.**
3900563

**Látum verkin tala!**

## Opið í dag Skírdag í eftirfarandi verslunum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skútuvogur | 10:00-21:00 | Akureyri | 10:00-16:00 |
| Grafarholt | 10:00-18:00 timbursala lokuð | Egilsstaðir | 10:00-15:00 |
| Reykjanesbær | 12:00-16:00 timbursala lokuð | Selfoss | 10:00-16:00 timbursala lokuð |
| Akranes | 10:00-15:00 eingöngu Blómaval | Ísafjörður | 11:00-14:00 eingöngu Blómaval |

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

**HÚSASMIÐJAN**

## GENGIÐ 20.04.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,54 | 113,08 |
| Sterlingspund | 184,31 | 185,21 |
| Evra | 163,47 | 164,39 |
| Dönsk króna | 21,917 | 22,045 |
| Norsk króna | 21,016 | 21,14 |
| Sænsk króna | 18,384 | 18,492 |
| Japanskt jen | 1,3592 | 1,3672 |
| SDR | 180,26 | 181,34 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,94

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þrír voru fluttir á sjúkrahús eftir kolsýringseitrun um borð í Hugin VE:

# Brugðust hárrétt við aðstæðum

**VESTMANNAEYJAR** Einn maður af þremur sem urðu fyrir kolsýringseitrun við störf um borð í togaranum Huginn VE við Vestmannaeyjahöfn í gær var fluttur til aðhlynningar á Landspítalann í Fossvogi.

Leiki kom að kolsýrutanki neðan þilja í skipinu. Sá sem verst varð úti missti meðvitund. Hinir tveir komu honum til hjálpar og kölluðu eftir aðstoð. Aðstæður um borð voru erfiðar en viðbrögð um borð voru hárrétt. Mennirnir voru í gærkvöld ekki taldir í hættu en þeir verða undir eftirliti um sinn. - þj



**FLUTTUR FRÁ BORÐI** Einn af mönnunum þremur sem urðu fyrir kolsýringseitrun var borinn meðvitundarlaus frá borði og síðar fluttur á Landspítalann. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Illviðri á Holtavörðuheiði:

## Sex bílar lentu utan vegar

**LÖGREGLUMÁL Sex bílar lentu utan vegar og einn valt á Holtavörðuheiði í gærkvöld. Björgunarsveitir frá Hvammstanga og Varmalandi aðstoðuðu ferðalanga á heiðinni en mikil hálka og hvassviðrið gerði ökumönnum erfitt fyrir. Þá voru lögreglumenn frá Borgarnesi og Blönduósi einnig á vettvangi.**

**Loka þurfti fyrir umferð um tíma í gærkvöld vegna umferðaróhappanna.**

**Ekki var vitað um meiðsl á fólki þegar blaðið fór í prentun í gærkvöld.**

Ragnar Önundarson ósáttur:

## Vill nafn sitt máð af vefnum

**SAMKEPPNISMÁL** Ragnar Önundarson, fyrrverandi forstjóri Kreditkorts hf., hefur kvartað til Persónuverndar yfir vefsíðunni Kortasamráð.is og krafist þess að umsjónaraðilum vefjarins verði gert að afmá nafn hans úr gögnum sem þar eru birt. Sambærileg kvörtun hefur verið send Samkeppniseftirlitinu.



**RAGNAR ÖNUNDARSON**

Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá Kortaþjónustunni, sem heldur vefsíðunni úti. Þar segist fyrirtækið vera í fullum rétti til að birta gögnin og hyggist rökstyðja það fyrir Persónuvernd.

Á vefsíðunni er að finna gögn úr máli Samkeppniseftirlitsins, þar sem greiðslukortafyrirtækin voru sektuð fyrir ólögmætt samráð sem beindist gegn Kortaþjónustunni. Meðal gagnanna eru tölvupóstssamskipti Ragnars við Halldór Guðbjarnarson, þáverandi forstjóra Visa á Íslandi. - sh

Ræningjaflokkur í Árósum:

## Unglingar bak við lás og slá

**DANMÖRK Sex táningar og maður á þrítugsaldri sitja í gæsluvarðhaldi í Austur-Jótlandi fyrir röð rána í Árósum og nágrenni. Þrír piltanna eru 14 ára.**

**Mennirnir frömdu ránin meðal annars í kjörbúðum og skyndibitastöðum og segir í frétt danska ríkisútvarpsins að í sumum tilfellum hafi starfsfólki fyrirtækjanna verið hótað með vopnum. Lögregla útilokar ekki að enn fleiri meðlimir ræningjahópsins gangi lausir og verði handteknir næstu daga.** - þj

# Gosrisarnir teiknuðu upp hillurnar hvor fyrir annan

**Vífilfell og Ölgerðin hafa um árabil skipt með sér verslunum og skipulagt uppröðun gosdrykkja í hillur og kæla hvort fyrir annað. Víða hangir mynd af samráðinu í verslunum. Samkeppniseftirlitið rannsakar málið.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig gekk meint samráð stóru gosframleiðendanna fyrir sig?

Eftir að Samkeppniseftirlitið hafði gert húsleit í fyrradag hjá Vífilfelli og Ölgerðinni vegna gruns um ólögmætt samráð kvaðst Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, algjörlega grunlaus um hvað þar byggi að baki.

Hjá Vífilfelli virtust menn ögn upplýstari – að minnsta kosti var í yfirlýsingu fyrirtækisins reynt að gera dálitla grein fyrir því um hvað meint brot snerust; uppröðun gosdrykkja í hillur verslana.

Það kann að virðast léttvægt – tittlingaskítur mundi einhver segja – en það hvernig vörum er raðað í verslunum, hversu áberandi þær eru og hve mikið pláss þær fá getur haft töluvert að segja fyrir viðskipti. Um þetta hverfast heilu fræðigreinarnar á háskólastigi.

Og það sem Samkeppniseftirlitið hefur nú til skoðunar sem mögulegt ólögmætt samráð er í hnotskurn þetta:

Um árabil hefur sá háttur verið hafður á að gosdrykkjarisarnir ákveða sjálfir hvernig gosinu og vatnsdrykkjum er raðað í hillur verslana – ekki starfsmenn verslananna. Um þetta fyrirkomulag hafa risarnir tveir á markaðnum – sem jafnan hafa þar verið einráðir – haft með sér samráð. Á því leikur ekki vafi.

Vífilfell og Ölgerðin hafa þannig, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, skipt með sér verslunum og skipulagt þar hillumetrana. Þannig hefur til dæmis Vífilfell teiknað upp hillurnar í Melabúðinni – fyrir bæði fyrirtækin – og Ölgerðin í Nóatúni – sömuleiðis fyrir bæði fyrirtækin.

Verslanirnar hafa að endingu úrslitavald um það hvað ratar í hillur þeirra og hvernig, en þetta fyrirkomulag hefur fest sig í sessi og verslunum þótt hagræði af, enda hafa ekki aðrir gosdrykkjaframleiðendur verið um hituna síðustu áratugi. Þetta hefur því sparað verslunum rökræður við risana tvo um það hvernig stilla beri upp vörum þeirra.

Skipulagið er teiknað í þar til gerðu forriti sem heitir Spaceman og bæði fyrirtæki notast við, og byggist á sölutölum frá AC Nielsen fyrir síðustu tólf mánuði. Það getur, eðli málsins samkvæmt, gert nýliðum á markaði, sem ekkert hafa selt síðustu tólf mánuði, erfitt fyrir. Meðal þeirra eru til dæmis Gosverksmiðjan Klettur og nokkrir vatnsframleiðendur.

Ekki hefur beint verið farið með þetta skipulag sem neitt mannsmorð. Alla jafna hangir mynd af því í goskælum verslana, jafnvel merkt öðru hvoru fyrirtækinu.

En nú hefur Samkeppniseftirlitið tekið við sér og rannsakar málið sem lögbrot. Fulltrúar stofnunarinnar lögðu hald á talsvert magn gagna hjá báðum fyrirtækjum á þriðjudag og afrituðu tölvupóstsamskipti. Næst þarf að leggjast yfir gögnin og vega þau og meta. Rannsóknin mun, ef að líkum lætur, taka mánuði – jafnvel ár. stigur@frettabladid.is



**SVONA Á AÐ GERA ÞETTA** Þessi Spaceman-teikning hefur hangið í goskælinum í Hagkaupi á Eiðistorgi. Hún er merkt Ölgerðinni.






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**GLEÐILEGA PÁSKA** Í dag verður stíf SA-átt við suðvesturströnd landsins. Á morgun verður að mestu hæglætisveður, þó strekkingur á annesjum A- og V-lands. Á laugardaginn þykknar upp og hvessir SV-til er líður á daginn. Besta veðrið verður norðaustanlands.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 22° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 16° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 17° |
| París | 23° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

## KJÖRKASSINN



*Hafa fréttir af brotum fyrirtækja á samkeppnislögum áhrif á neytendahegðun þína?*

| | |
|---|---|
| Já | 67% |
| Nei | 33% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga borgaryfirvöld að taka harðar á vanrækslu húseigenda í miðborginni?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Formaður Neytendasamtakanna segir smærri kjúklingabú óhagstæð fyrir neytendur:

# Vill sjá aukinn innflutning á kjúklingi

**LANDBÚNAÐUR** Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir að í stað þess að fjölga kjúklingaframleiðendum hér á landi til þess að auka samkeppni á markaðnum, eigi að auka innflutning á erlendum kjúklingi.

„Það liggur fyrir að það er fákeppni í þessari framleiðslu og slíkt er ekki til góðs fyrir neytendur,“ segir Jóhannes. „Hins vegar á ég eftir að sjá hvort það standist atvinnufrelsi stjórnarskrárinnar að setja hömlur á atvinnurekstur með þeim hætti að mælast til þess að fjölga búum og minnka þau. Um það hef ég efasemdir.“

Starfshópur á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins gaf nýverið út skýrslu um alifuglarækt á Íslandi. Niðurstöður skýrslunnar voru meðal annars þær að með því að minnka og fjölga búum, myndi skapast heilbrigðari samkeppni á markaðnum og sporna við alvarlegum salmonellusýkingum, sem koma frekar upp í stærri búum.

Jóhannes segir smærri bú dýrari í rekstri sem geri þau óhagstæðari neytendum. Fákeppni ríki bæði á kjúklinga- og svínakjötsmarkaðnum og aukinn innflutningur sé ein leið til þess að sporna við því vandamáli.

„Í stað þess að gera framleiðsluna óhagkvæmari með minni búum, ætti þá ekki að viðra samkeppnina betur með auknum innflutningi?“ spyr Jóhannes. **- sv**



**KJÚKLINGAFRAMLEIÐSLA** Formaður Neytendasamtakanna telur að með fjölgun kjúklingabúa muni markaðurinn verða óhagstæðari fyrir neytendur þar sem smærri bú eru dýrari í rekstri. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**DREGINN AÐ LANDI** Björgunarbátar Landsbjargar aðstoðuðu bátinn til hafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bátur fékk í skrúfuna:

# Þetta stóð tæpt

**BJÖRGUN Lítill grásleppubátur komst í hann krappann úti fyrir Gróttu á Seltjarnarnesi eftir hádegi í gær. Báturinn fékk í skrúfuna og rak í kjölfarið stjórnlaust að landi.**

**Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar kallaði á nærstaddan bát, sem brást snöggt við og tókst að draga grásleppubátinn frá landi á síðustu stundu. „Þetta stóð tæpt,“ segir Halldór B. Nellett, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs hjá Landhelgisgæslunni.**

**Björgunarbátar Landsbjargar voru sendir á staðinn og tóku bátinn í tog eftir að honum hafði verið bjargað. Þyrla Landhelgisgæslunnar fór einnig á staðinn. Farið var með bátinn í Reykjavíkurhöfn. - sh**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Dópaðir undir stýri

Lögreglan stöðvaði för þriggja ökumanna á höfuðborgarsvæðinu í fyrradag, því þeir voru allir undir áhrifum fíkniefna. Þetta voru allt karlmenn á aldrinum 30 til 50 ára. Tveir þeirra höfðu þegar verið sviptir ökuleyfi og var annar þeirra á stolnum bíl.

### Brotist inn í Lundann

Brotist var inn í veitingastaðinn Lundann í Vestmannaeyjum aðfaranótt miðvikudags. Rúða í húsinu var brotin og áfengisflöskum var stolið. Talið er að tveir menn hafi brotist inn og var annar þeirra enn fyrir utan þegar lögreglan kom á staðinn.

### Útkall vegna hávaða

Lögregla var kvödd að heimahúsi í höfuðborginni í fyrrinótt vegna hávaða. Ungir tölvuleikjaspilarar munu hafa lifað sig um of inn í leik sem þeir voru að spila. Þeir tóku tiltali lögreglu vel og lofuðu að taka tillit til nágranna sinna.

## LANDHELGISGÆSLAN

### TF Líf aftur komin í gagnið

Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF LÍF, er aftur komin í gagnið eftir mikla skoðun og hefur gæslan nú tvær þyrlur til afnota -- en aðeins eina þyrluáhöfn eins og stendur. Þá er eftirlitsvélin Dash komin frá Kanada þar sem hún var í viðgerð.



**ARNÓR SIGHVATSSON OG MÁR GUÐMUNDSSON** Í máli Arnórs Sighvatssonar aðstoðarseðlabankastjóra kom fram að fundir sem stjórnvöld hefðu átt með matsfyrirtækjum um helgina hefðu verið gagnlegir, jafnvel þótt þau kynnu að lækka lánshæfi landsins. Komið hefði verið á framfæri upplýsingum sem ykju líkur á betra mati síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Verðbólga skýrist af verðþróun erlendis

**Peningastefnunefnd Seðlabankans hefur ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum. Með lægri raunvöxtum jafngilda óbreyttir vextir slökun í stjórn peningamála. Verðbólguhorfur hafa versnað. Verðbólgumarkmið nást aftur á næsta ári.**

**EFNAHAGSMÁL** Misvísandi hagvísar og óvissa um efnahagsþróun í kjölfar atkvæðagreiðslu um Icesave gera að verkum að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum. Vextirnir eru þeir sömu og ákveðnir voru í febrúar. Vöxtum var ekki heldur breytt í mars.

Í rökstuðningi nefndarinnar er bent á að verðbólguhorfur hafi versnað, að minnsta kosti til skamms tíma, auk þess sem raunvextir Seðlabankans hafi lækkað umtalsvert. Þá hafi niðurstaða atkvæðagreiðslunnar um Icesave aukið hættu á veikara gengi krónunnar. Á móti komi þættir sem kalli frekar á slökun í stjórn peningamála, svo sem að hagvaxtar- og atvinnuhorfur hafi versnað. Hætta er sögð á að hagvöxtur verði enn minni vegna niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar um Icesave.

Í kynningu á niðurstöðu peningastefnunefndar sagði Már Guðmundsson horfur á að mæld verðbólga færi yfir þrjú prósent þegar liði á árið. Væntingar heimila til verðbólgu lægju í kringum fjögur prósent og mælingar á verðbólguálagi skuldabréfa langt fram í tímann sýndu svipaða tölu.

Um leið benti Már á að þótt skammtímaraunvextir væru undir einu prósenti hefði sú slökun í aðhaldsstigi peningastefnunnar ekki skilað sér nema að hluta til heimila og fyrirtækja. Í Peningamálum, efnahagsriti bankans sem út kom í gær, segir að hnökrar í miðlun peningastefnunnar endurspegli meðal annars óvissu um fjárhagslegan styrk fjármálafyrirtækja, gæði eigna þeirra og auknar álögur á bankarekstur. Aðgengi að lánsfé sé því enn erfitt og útlánsvextir tiltölulega háir.

Már áréttaði að verðbólga sem verið hefði og von væri á stafaði að töluverðu leyti af verðhækkunum á olíu og hrávöru erlendis. „Það er vitanlega mikið álitamál hversu varanlegar þessar hækkanir verða, en að því marki sem þær verða tímabundnar mun þetta ganga til baka og er eitthvað sem við þurfum ekki beinlínis að taka tillit til við ákvörðun peningastefnunefndar, svo lengi sem þetta hefur ekki varanleg áhrif á verðbólguvæntingar og smitast inn í launamyndanir.“

Seðlabankinn gerir því ráð fyrir að verðbólgumarkmið bankans náist aftur á næstu ári, þó með þeim fyrirvara að hækkanir sem felist í drögum að nýjum kjarasamningum virðist meiri en svo að samrýmist verðbólgumarkmiði til lengri tíma. „Þar með segjum við ekki að kjarasamningar á þeim nótum ógni verðbólgumarkmiðinu. Það fer eftir því hvað annað gerist, svo sem með gengi krónunnar,“ bætti Már við. olikr@frettabladid.is

## Lakari efnahagshorfur og meiri óvissa



**ÞÓRARINN G. PÉTURSSON**

Í nýjum Peningamálum, efnahagsriti Seðlabankans, kemur fram að hagvaxtarhorfur landsins hafi versnað síðan í febrúar. Breytingin er til komin vegna kröftugs vaxtar á innflutningi. Nýjar tölur Hagstofunnar sýna að efnahagssamdráttur í fyrra var meiri en talið var. Þá er útlit fyrir minni hagvöxt en vænst var á næstu tveimur árum. Yfirskrift Peningamála nú er: „Lakari efnahagshorfur og meiri óvissa.“

Fram kom í kynningu Þórarins G. Péturssonar, aðalhagfræðings Seðlabankans, að lakari hagvaxtarhorfur geri einnig að verkum að horfur á vinnumarkaði hafi versnað. Hann segir ráð fyrir því gert að atvinnuleysi nái hámarki á öðrum ársfjórðungi þessa árs, en verði að jafnaði 7,7 prósent á þessu ári. Atvinnuleysi verði svo komið í fimm prósent árið 2013 og um fjögur prósent um mitt ár 2014. „Hættan er sú að atvinnuleysi festist meira í sessi en við höfum áður talið,“ sagði Þórarinn.


Ár slaufunnar

CHEVROLET Gæði í 100 ár

CHEVROLET

Ert þú á benni.is?

Vinningshafar í spurningaleik Chevrolet

Chevrolet er 100 ára. Bílabúð Benna stendur fyrir alls konar uppákomum á afmælisárinu; Ári slaufunnar.

Nú er lokið spurningaleiknum Veistu Chevrolet svarið, sem fór fram á þremur stöðum á landinu: í Reykjavík, á Akureyri og í Reykjanesbæ. 16 heppnir þátttakendur hafa verið dregnir úr pottinum. Bílabúð Benna þakkar frábærar móttökur og óskar vinningshöfum til hamingju.

Nöfn vinningshafa eru birt á benni.is

Er nafnið þitt þar?



GRÆNN APRÍL

Bílabúð Benna Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - Reykjavík - sími 590 2000

# Opið um páskana



| | | |
|---|---|---|
| **Skírdagur, Sumardagurinn fyrsti** | **OPIÐ til kl. 24:00**<br>Skeifunni og Garðabæ | **OPIÐ til kl. 20:00**<br>Holtagarðar, Smáralind, Spöng, Akureyri, Eiðistorg og Kringlan |
| **Föstudagurinn langi** | **LOKAÐ, opnar á miðnætti í**<br>Skeifunni og Garðabæ | |
| **Laugardagur** | **OPIÐ til kl. 24:00**<br>Skeifunni og Garðabæ | **OPIÐ til kl. 20:00**<br>Holtagarðar, Smáralind, Spöng, Akureyri, Eiðistorg og Kringlan |
| **Páskadagur** | **LOKAÐ, opnar á miðnætti í**<br>Skeifunni og Garðabæ | |
| **Annar í Páskum** | **OPIÐ allan sólarhringinn**<br>Skeifunni og Garðabæ | **OPIÐ til kl. 20:00**<br>Holtagarðar, Smáralind, Spöng, Akureyri og Eiðistorg.<br>LOKAÐ í Kringlunni |

## ferskt með flugi!



**Jarðarber í lausu**
- þú velur sjálfur



**Hindber**



**Bláber**



**Brómber**



**Kirsuber**

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hvað heitir leiðtogi kommúnistaflokksins á Kúbu?*

**2** *Hvaða kvikmyndahátíð mun sýna myndina Gnarr um páskana?*

**3** *Hvers lenskt er liðið sem hefur gert tilboð í handboltamanninn Hreiðar Levý Guðmundsson?*

**SVÖR**

1. Raúl Castro, 2. Tribeca-kvikmyndahátíðin. 3. Liðið er frá Hvíta-rússlandi

Forsætisráðherra er tilbúinn að falla frá breytingum á upplýsingalögum:

# Nýtt upplýsingafrumvarp rangtúlkað

**UPPLÝSINGAMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra telur að gagnrýni á frumvarp um ný upplýsingalög sé rangtúlkanir. Hún segir það sér að meinalausu að falla frá breytingunum.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Þetta kemur fram í svohljóðandi færslu sem Jóhanna setti inn á Facebook-síðu sína í gær: „Frv. til upplýsingal. og stóraukinn upplýsingaréttur er nú gert tortryggilegt með rangtúlkunum. Í stað 80 ára leyndar vegna stjórnarskrárvarinna einkamálefna einstakl. er lagt til að árin verði 110 í algerum undantekn.tilfellum, enda lifir fólk lengur. Ef gera á gott framfaramál tortryggilegt með slíkum villandi málflutningi þá er mér algerlega að meinalausu að falla frá breytingunni og færa ákvæðið til fyrra horfs.“

Eins og Fréttablaðið sagði frá á þriðjudag hefur Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður og fleiri gagnrýnt í umsögnum við frumvarpið að það sé geðþóttaákvörðun stjórnvalds að loka á skjöl í sextíu ár. Slíkt sé ekki í samræmi við gegnsæi í opnu þjóðfélagi. Ekki síður hefur það verið gagnrýnt að þjóðskjalavörður getur, samkvæmt frumvarpinu, ákveðið að synja beiðni um aðgang að yngri skjölum en 110 ára vegna einka- eða almannahagsmuna.

Í umsögnum við frumvarpið er bent á að engin rök virðist hníga að því að leynd yfir skjali sé haldið í svo langan tíma. Er tekið dæmi um hvað það hafi verið árið 1901 sem myndi réttlæta leynd í dag á grundvelli almannahagsmuna. **- shá**

Útskýri mál sitt opinberlega:

# Ritstjórar biðjist afsökunar

**STJÓRNMÁL** Framkvæmdastjórn Landssambands framsóknarkvenna hefur skorað á ritstjóra Morgunblaðsins að biðja Siv Friðleifsdóttur opinberlega afsökunar á skopmynd sem birtist af henni í blaðinu á laugardag. Á myndinni var hún teiknuð sem vændiskona.

Stjórnin lýsir furðu sinni á því að ritstjórarnir Davíð Oddsson og Haraldur Johannessen, sem beri ábyrgð á birtingu myndarinnar, hafi ekki birt afsökunarbeiðni í blaðinu. Ef þeir sjái ekki ástæðu til afsökunarbeiðni vilji stjórnin fá útskýringu á því. **- þeb**



**STRÆTÓ** Engin þjónusta er veitt á föstudaginn langa og á páskadag.

Enginn akstur á morgun:

# Strætóakstur um páskana

**SAMGÖNGUMÁL** Strætisvagnar munu ekki ganga á föstudaginn langa og páskadag.

Í dag, skírdag, og á annan í páskum verður strætisvögnum ekið eftir hefðbundinni sunnudagsáætlun. Á laugardag verður ekið samkvæmt venjulegri laugardagsáætlun.

Allar nánari upplýsingar má fá á heimasíðu Strætó og í þjónustusímanum 540 2700. **- þeb**

Forstöðumaður Húsafriðunarnefndar um miðborgina:

# Vandamálið er ekki nýtt af nálinni

**SKIPULAGSMÁL** Nikulás Úlfar Másson, forstöðumaður Húsafriðunarnefndar, segir ástandið á hinum fjölmörgu niðurníddu húsum í miðborg Reykjavíkur mikið vandamál.

„Þetta er okkar sameiginlega umhverfi og það rými sem við eyðum lífinu í. Við eigum rétt á því að farið sé vel með það,“ segir Nikulás. Hann segir þó vandamálið ekki nýtt af nálinni og lengi hafi staðið til að gera eitthvað í málunum. Ástæðurnar séu ýmist skipulag eða skipulagsleysi, en almennt sé ekki farið nógu vel með eldri hús í miðborginni.

„Það þarf að afmarka skilmerkilega afstöðu Reykjavíkurborgar varðandi varðveislu þess sem telst vera söguleg eign borgarinnar,“ segir Nikulás. „Svo þau standist ágjöf verktaka og annara sem vilja þessi hús í burtu af einhverjum öðrum sjónarmiðum en menningarlegum.“

Nikulás er þó bjartsýnn á að borgaryfirvöld taki við sér og muni í auknum mæli nýta sér heimildir til framkvæmda. Nauðsynlegt sé að stefnumótun verði fest í sessi um varðveislu á eldri svæðum borgarinnar og ráðist verði í að finna lausn á þeim vanda sem hafi skapast.

„Ég er bjartsýnn á að þetta fari að ná í gegn og kröftug stefna verði mótuð er varðar varðveislu byggðarinnar innan Hringbrautar og Snorrabrautar,“ segir hann. **- sv**



**FUNDAÐ Í PARÍS** Mustafa Abdel Jalil, helsti talsmaður uppreisnarliðsins, tekur í hönd Francois Fillon, forsætisráðherra Frakklands, í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Pattstaðan í Líbíu dregst á langinn

**Þrátt fyrir að NATO hafi gert loftárásir á Líbíu í mánuð hafa liðsmenn Gaddafís ekki gefið eftir. Frakkar og Ítalir ætla, ásamt Bretum, að veita uppreisnarmönnum aðstoð. Hart er barist um Misrata.**

**LÍBÍA, AP** Hörð átök hafa staðið um borgina Misrata, sem uppreisnarmenn hafa haft á valdi sínu. Einnig voru bardagar í fjöllunum skammt frá Túnis, og flúðu þúsundir manna yfir landamærin.

Svo virðist sem Múammar Gaddafí, sem stjórnað hefur landinu í fjóra áratugi, leggi mikla áherslu á að ná Misrata á sitt vald. Þar er mikilvæg höfn og borgin er skammt frá höfuðborginni Trípolí, í vesturhluta landsins sem liðsmenn Gaddafís hafa að öðru leyti mestanpart á valdi sínu.

Frakkar og Ítalir hafa nú, ásamt Bretum, lofað uppreisnarmönnum í Líbíu aðstoð sem einkum á að felast í hernaðarráðgjöf. Sérfræðingar í hernaði verða sendir til Líbíu þar sem þeir munu gefa uppreisnarmönnum ráð í von um að rjúfa pattstöðuna sem ríkt hefur í átökum þeirra við stjórnarherinn undanfarið.

Frakkar hafa einnig lofað að herða loftárásir á líbíska stjórnarherinn. Þrátt fyrir að hersveitir NATO hafi nú gert loftárásir nánast daglega á liðsmenn Gaddafís í heilan mánuð hefur það ekki dugað til að stöðva átökin.

Abdul-Ati al-Obeidi, utanríkisráðherra Líbíu, segir að frekari loftárásir muni aðeins gera illt verra. Hins vegar sé Líbíustjórn til viðræðu um kosningar, lýðræði og stjórnarskrárbreytingar ef árásunum verði hætt. Jafnvel sé möguleiki á að liður í þeim umbótum verði brotthvarf Gaddafís sjálfs.

Navi Pillay, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, segir hins vegar að liðsmenn Gaddafís verði að gera sér grein fyrir því að með sprengjuárásum sínum á almenna borgara í Misrata og fleiri stöðum geti þeir verið að fremja stríðsglæpi. Alþjóðlegi sakadómstóllinn í Haag, sem dæmir í stríðsglæpamálum, muni rannsaka það í þaula.

Líbískir embættismenn neita því reyndar í viðtölum að sprengjum hafi verið varpað á Misrata. Moussa Ibrahim, talsmaður Líbíustjórnar, segir að alþjóðasamfélagið eigi ekki að hlusta á fréttir fjölmiðla eða sögur frá uppreisnarmönnunum.

Borgin Misrata hefur verið á valdi uppreisnarmanna í nærri tvo mánuði, eða frá því stuttu eftir að uppreisn þeirra gegn Gaddafí og stjórn hans hófst.

Liðsmenn Gaddafís hafa setið um borgina frá því að hún komst undir vald uppreisnarmanna en hafa hert árásir sínar nú síðustu daga. **gudsteinn@frettabladid.is**




Kringlan
Opið 13–18 í dag
Afgreiðslutími um páskana
Skírdagur 13–18
Föstudagurinn langi lokað
Laugardagur 10–18
Páskadagur og annar í páskum lokað
Páskar
Páskalitaleikur
Fimmtudag og laugardag á Blómatorginu. Allir þátttakendur fá glaðning frá Nóa Síríusi og geta unnið páskaegg nr. 7.
Vertu aðdáandi Kringlunnar á Facebook og þú gætir unnið páskaegg.
Gleðilegt sumar!
Allir krakkar fá fríar blöðrur í dag.
Athugið! Sambíóin Kringlunni eru opin alla páskana.



**OLÍAN EKKI FARIN** Náttúruverndarstarfsmaður sýnir olíuna sem loðir á hönd hans eftir að hann dýfði henni niður í mýri í Louisiana, ári eftir að olíulekinn mikli hófst í Mexíkóflóa. NORDICPHOTOS/AFP

ESB og Norðmenn hafa viljað breyta EFTA-dómstólnum en Ísland ekki:

# Hefði getað sektað fyrir Icesave

**EVRÓPUMÁL** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur síðustu ár þrýst á um að veita EFTA-dómstólnum samsvarandi heimild og Evrópudómstóllinn hefur gagnvart ESB-ríkjum, þannig að hann geti sektað EES-ríki sem brjóta ákvæði EES-samningsins. Norðmenn hafa verið þessu samþykkir en Íslendingar staðið á móti.

Þetta kemur fram í Íslandsskýrslu þeirri sem dr. Eiríkur Bergmann stjórnmálafræðingur gerði fyrir skýrslu norskrar rannsóknarnefndar og blaðið hefur greint frá. Eiríkur hefur þessar upplýsingar eftir ónafngreindum íslenskum embættismönnum.

Hann segir að hefðu þessar hugmyndir náð fram að ganga á sínum tíma hefði það getað þýtt við núverandi aðstæður að íslenska ríkið hefði mátt sekta vegna Icesave, færi það mál fyrir dómstólinn. „En þar sem við gáfum ekki eftir í þessu máli getur EFTA-dómstóllinn ekki dæmt okkur í fésekt,“ segir Eiríkur.

Norðmenn eru yfirleitt miklu fúsari til að fara að vilja og reglum Evrópusambandsins en Íslendingar, segir einnig í skýrslunni. **- kóþ**



**EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON** Hefur skrifað skýrslu um Ísland og EES-samninginn fyrir rannsóknarnefnd norska þingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dæmdir á skilorð:

# Tveir stálu tólf slökkvitækjum

**DÓMSMÁL Tveir ungir menn hafa verið dæmdir í Héraðsdómi Norðurlands eystra í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi hvor fyrir að stela tólf slökkvitækjum.**

**Mennirnir stálu tækjunum úr Múlagöngum og Héðinsfjarðargöngum í nóvember á síðasta ári. Þeir tóku tækin á leiðinni milli Dalvíkur og Siglufjarðar og gerðu sér að leik að sprauta úr nokkrum þeirra. Hvorugur hafði gerst brotlegur við lög áður. Refsing þeirra er skilorðsbundin í tvö ár. - jss**






**SVIPTINGAR Í BORGARSTJÓRN** Hanna Birna Kristjánsdóttir og Sóley Tómasdóttir hafa bundið enda á formlegt samstarf sitt við meirihlutann í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Skortur á vilja til samstarfs

**Hanna Birna Kristjánsdóttir og Sóley Tómasdóttir hætta sem forseti og varaforseti borgarstjórnar. Talsmaður meirihlutans segir að ekki hafi verið viðbúið að þær yrðu lengur en ár í embættunum.**

**REYKJAVÍK** Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn, sagði í gær af sér embætti sem forseti borgarstjórnar og Sóley Tómasdóttir, fulltrúi Vinstri grænna, sagði um leið af sér sem fyrsti varaforseti.

Þær Hanna Birna og Sóley sögðu í sameiginlegri tilkynningu að atkvæðagreiðslan um sameiningar í skólakerfi borgarinnar hefði gert útslagið um ákvörðun þeirra tveggja.

„Það er mat okkar að með atkvæðagreiðslunni [...] um miklar breytingar á þjónustu við börn í skólum borgarinnar sé það fullreynt að til staðar sé nokkur raunverulegur vilji hjá meirihlutanum til að ástunda betri vinnubrögð og auka aðkomu íbúa að lykilákvörðunum,“ sagði í tilkynningunni.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Hanna Birna að þessi málalok væru henni vonbrigði, en mælirinn hefði fyllst í í skólamálunum.

„Þar var farið fram með fádæma hörku og valdboði gegn foreldrum, fagaðilum og starfsfólki. Þar greiddi meirihlutinn í raun atkvæði gegn því að vinna með borgarbúum.“

Hanna Birna bætir því við að sjálfstæðismenn muni halda áfram að vinna að góðum málum fyrir borgarbúa. Hún segist ekki sjá eftir að hafa látið reyna á samstarfið. „Ég tel að við í Sjálfstæðisflokki og Vinstri græn höfum tekið rétta ákvörðun að láta reyna á þetta, en ég vildi óska þess að meirihlutinn hefði verið eins reiðubúinn og við vorum.“

> Það er leiðinlegt fyrir alla að þetta nýja og ferska afl skuli ekki hafa hugrekki til að taka stærri skref í átt að meiri sáttapólitík.
>
> SÓLEY TÓMASDÓTTIR BORGARFULLTRÚI VG

Sóley tekur í sama streng og segir meirihlutann ekki hafa verið tilbúinn í raunverulegt samstarf.

„Það má í raun segja að vinnubrögð hafi færst til baka í hefðbundna meiri- og minnihlutapólitík strax síðasta sumar. Við höfum ítrekað reynt að vinna með meirihlutanum í stórum viðfangsefnum, en þau hafa ekki verið tilbúin að hlusta á okkar sjónarmið.“

Hún segir miður að þessi tilraun hafi mistekist.

„Það er leiðinlegt fyrir alla að þetta nýja og ferska afl skuli ekki hafa hugrekki til að taka stærri skref í átt að meiri sáttapólitík.“

S. Björn Blöndal, aðstoðarmaður borgarstjóra, sagði í samtali við Fréttablaðið að ákvörðun þeirra Hönnu Birnu og Sóleyjar hefði ekki komið mjög á óvart.

„Við bjuggumst ekki við því að þær yrðu fram yfir þetta ár sem talað var um í upphafi.“

Björn þakkaði þeim fyrir störf sín og sagði að ákvörðun um eftirmenn þeirra yrði tekin eftir páskafrí. thorgils@frettabladid.is



markhonnun.is

# nettó

Gleðilega páskahátíð!

*Páskalambið fæst í Nettó!*



FERSKUR LAMBAHRYGGUR KRYDDAÐUR
**1.698 kr/kg**
áður 1.998 kr/kg

FERSKT LAMBALÆRI ÞURRKRYDDAÐ
**1.199 kr/kg**
áður 1.501 kr/kg

# GLEÐILEGA **PÁSKAHÁTIÐ!**

LAMBAINNRALÆRI FERSKT
36% afsláttur

**2.188 kr/kg**
áður 3.398 kr/kg

LAMBARIB-EYE M/HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN
20% afsláttur

**3.198 kr/kg**
áður 3.998 kr/kg

JARAÐARBER 250 G
50% afsláttur

**189 kr/pk.**
áður 377 kr/pk.

GRILL SVÍNAKÓTELETTUR
20% afsláttur

**1.118 kr/kg**
áður 1.398 kr/kg
KJÖTSEL

NAUTARIB-EYE FERSKT
45% afsláttur

**2.419 kr/kg**
áður 4.398 kr/kg

COCA-COLA 6 X 330 ML
33% afsláttur

**395 kr/pk.**
áður 589 kr/pk.

## OPNUNARTÍMI YFIR PÁSKANA

SKÍRDAGUR:
**OPIÐ FRÁ 12–18**
FÖSTUDAGURINN LANGI:
**LOKAÐ**

PÁSKADAGUR:
**LOKAÐ**
ANNAR Í PÁSKUM:
**OPIÐ FRÁ 12–18**

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

**Tilboðin gilda 19. - 25. apríl**
eða meðan birgðir endast

**Höfnum nýjum fjölmiðlalögum!**

Áskorun á Forseta Íslands

fjolmidlalog.is



**Viðurkenning**
**Öldrunarráðs Íslands 2011**

*Árlega veitir Öldrunarráð Íslands sérstaka viðurkenningu til einstaklings, stofnunar eða félagasamtaka sem þykja hafa unnið einstakt starf tengt málefnum aldraðra.*

Hér með óskar Öldrunarráð eftir tilnefningum til viðurkenningar Öldrunarráðs Íslands. Öllum er heimilit að senda inn tilnefningar.

Frestur til að senda inn tilnefningar er til og með 2. maí 2011 og skulu tilnefningar sendar til Öldrunarráðs Íslands, Hrafnistu við Laugarás, 104 Reykjavík eða á netfangið margret.gudmundsdottir@hrafnista.is

Öldrunarráð Íslands



17. júní í Reykjavík



**Dagskráratriði óskast**

Auglýst er eftir skemmti- og sýningaratriðum fyrir þjóðhátíðarskemmtun í Reykjavík. Í dagskránni er gert ráð fyrir barna og fjölskylduskemmtunum á sviðum, tónleikum, leiktækjum og ýmsum sýningum og götuuppákomum.

Hægt er að sækja um flutning atriða, uppákomur og viðburði á vefnum **www.17juni.is** en umsóknum má einnig skila í **Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík** á eyðublöðum sem þar fást. Umsóknarfrestur er til 12. maí.

Upplýsingar í síma 411 5502 eða á **17juni@hitthusid.is**

Hitt Húsið Sími: 411 5500 17juni@hitthusid.is www.17juni.is


## FRÉTTASKÝRING: Staða ríkisstjórnarinnar



**Í RÍKISSTJÓRN** Símarnir áttu um stund hugi Ögmundar Jónassonar og Árna Páls Árnasonar þegar vantraust á ríkisstjórnina var rætt í þinginu á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# R-listinn í Stjórnarráðið?

**Styrkur ríkisstjórnarinnar og hvort rétt og nauðsynlegt sé að fjölga í stjórnarliðinu er meðal umræðuefna á kaffistofum jafnt sem bakherbergjum stjórnmálanna þessa dagana.**

Íslendingar eiga því ekki að venjast í seinni tíð að hér starfi veik ríkisstjórn. Þrjár fyrstu ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar höfðu mikinn þingstyrk (9 til 17 þingmanna meirihluta) en sú síðasta (sem síðar urðu ríkisstjórnir Halldórs Ásgrímssonar og Geirs H. Haarde) hafði fimm þingmanna meirihluta.

Það er til marks um mikilvægi góðs þingstyrks stjórnar að meðal ástæðna sem gefnar voru fyrir því að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur endurnýjuðu ekki samstarf sitt eftir kosningarnar 2007 var að slík stjórn hefði aðeins notið eins manns meirihluta.

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hefur eins manns meirihluta. Þegar lagt var af stað vorið 2009 var meirihlutinn fimm menn. Síðan hafa þrír kvatt VG og stjórnina en einn komið í staðinn.

### Undantekningin Jóhanna

Ekki er allt unnið með meirihluta. Það skiptir máli hvernig sá meirihluti er samansettur. Þótt þrír stjórnarandstæðingar í þingliði VG séu nú horfnir á braut eru enn innanbúðar menn sem styðja ekki öll áform stjórnarleiðtoganna. Þá er meira að segja að finna í sjálfri ríkisstjórninni, líkt og kunnugt er. Þótt ágreiningur hafi ríkt um einstök mál í ríkisstjórnum síðustu tuttugu ára birtist hann aldrei landsmönnum jafn ljóslifandi og nú. Á þessu er vitaskuld undantekningin sem var stjórnin 1991-1995, þegar Jóhanna Sigurðardóttir sagði af sér ráðherraembætti og gekk í framhaldinu úr Alþýðuflokknum.

### Vill vinna með Framsókn

Um nokkurt skeið hefur verið rætt um að styrkja þurfi ríkisstjórnina og hafa Samfylkingarmenn verið þess nokkuð áfjáðir. Í flokknum hefur bæði verið horft til Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins en í Samfylkingunni er jú fólk sem spannar býsna breitt róf stjórnmálanna.

Ljóst er að Jóhanna Sigurðardóttir hefur ekki áhuga á að vinna með sjálfstæðismönnum. Í viðtali við DV í gær kvaðst hún helst horfa til Framsóknarflokksins í þeim efnum og hugsanlega Hreyfingarinnar. Þá má nefna að í umræðum um vantrauststillögu á ríkisstjórnina í síðustu viku gagnrýndi Jóhanna Sjálfstæðisflokkinn harðlega. Hún nefndi hann 22 sinnum á nafn og sagði hann meðal annars ekkert erindi eiga í ríkisstjórn. Hún minntist hins vegar ekki einu orði á Framsóknarflokkinn.

### Þolinmæðin þrotin

Þingmenn Samfylkingarinnar sem vilja styrkja ríkisstjórnina eru margir hverjir orðnir langþreyttir á væringunum í VG, sem þeir segja hafa skaðað stjórnina. Flokknum sé ekki lengur treystandi til að hafa líf ríkisstjórnarinnar í höndum sér.

Þá er sú skoðun útbreidd meðal Samfylkingarfólks að óbreytt komi ríkisstjórnin ekki mikilvægum málum í gegnum þingið. Setja þeir mál á borð við sameiningu ráðuneyta fyrir utan sviga en nefna sérstaklega stórvirka uppbyggingu í atvinnumálum, sem þeir telja alfarið stranda á VG.

Þótt Jóhanna hafi nú í nokkra mánuði rætt í þröngum hópum að breiðara samstarf sé ýmist æskilegt eða nauðsynlegt var það ekki fyrr en í samtali við Fréttablaðið að afstaðinni þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave sem hún viðraði þann möguleika opinberlega. Velta menn fyrir sér hvort henni sé virkilega alvara í þeim efnum. Vera megi að hún sé annað hvort að reyna að temja VG eða kaupa sér tíma í eigin þingflokki með því að segjast vera að skoða málið.

### Ótti við Framsókn

Innan VG eru ólíkar skoðanir á málinu. Sumir líta alls ekki á það sem vandamál; vissulega sé meirihluti stjórnarinnar naumur en raðir þingflokksins hafi þést og innan hans sé nú eining um að láta samstarfið ganga vel.

Aðrir eru á öðru máli og efast um að óbreytt ástand geti varað til lengdar. Í þeim röðum er áhugi á samstarfi við framsóknarmenn, ýmist einstaka eða flokk þeirra í heild. Vitaskuld er staðnæmst sérstaklega við þau Guðmund Steingrímsson og Siv Friðleifsdóttur.

Í VG er hins vegar ekki að finna vott af áhuga á samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn.

Það eru einkum umhverfisverndarsinnar sem telja ógæfuspor að bjóða Framsóknarflokknum að koma að stjórn landsins. Þeir óttast – í ljósi sögunnar – að Framsókn setji virkjana- og stóriðjumál á oddinn. Nóg sé að eiga við þá Samfylkingarmenn sem aðhyllist slíka stefnu þótt ekki bætist við nýr þingflokkur í stjórnarliðið sem sjái ekki aðrar leiðir til fjölgunar starfa en vatnsaflsvirkjanir og álver.

### Ágæt reynsla, en …

Að öllu samanteknu er í stjórnarflokkunum dágóður hópur fólks sem telur vitlegt að fá framsóknarmenn til samstarfs. Í þeim röðum fellst fólk á að vissulega séu áherslur flokkanna þriggja í ýmsum málaflokkum ólíkar en á hitt beri að líta að reynsla þeirra af samstarfinu í R-listanum til margra ára hafi verið góð. Vel megi hugsa sér að flokkarnir geti, í ljósi þess, komið sér saman um lausnir á brýnum viðfangsefnum. Komi Framsókn að ríkisstjórninni verði að skrifa nýjan stjórnarsáttmála.

Á þessum vangaveltum fólks er þó sú snurða að forysta Framsóknarflokksins er ekki sérlega áfjáð í samstarf með stjórnarflokkunum, svo ekki sé nú fastar að orði kveðið. Þrjá þarf í þetta hjónaband og í það gengur enginn til málamynda.




**Björn Þór Sigbjörnsson**
bjorn@frettabladid.is



BÓKAÐU SNEMMA TIL AÐ TRYGGJA ÞÉR PLÁSS.

**FO FÆREYJAR**

**kr. 79.900**

Brottför frá Seyðisfirði 4. -11. eða 18. maí. Frá Tórshavn 10. -17. eða 24. maí. Verð pr. mann. Tveir saman í klefa án glugga um borð Norrænu og fólksbíll með. Gist í tveggja manna herbergi á Hótel Færeyjum í fjórar nætur. Morgunverður innifalinn á hóteli.

**FO FÆREYJAR**

**kr. 75.900**

Brottför frá Seyðisfirði 4. -11. eða 18. maí. Frá Tórshavn 10. -17. eða 24. maí. Verð pr. mann. Fjórir saman í fjögurra manna klefa án glugga um borð Norrænu og fólksbíll með. Gist í tveggja manna herbergjum á Hótel Færeyjum í fjórar nætur. Morgunverður innifalinn á hóteli.

# DANMÖRK

**BROTTFÖR FRÁ SEYÐISFIRÐI 8. JÚNÍ**
**HEIM FRÁ HIRTSHALS 28. JÚNÍ**

## 94.800,-

**Verð pr. mann m.v. tvo í tveggja manna klefa ásamt fólksbíl**
**Heildarverð kr. 189.600**
**Fullt verð kr. 336.200**
**Þú sparar kr. 146.600**
Verðin eru án forfallatrygginga r.
Tilboðið miðast eingöngu við ofangreindar dagsetningar.

# DANMÖRK

**BROTTFÖR FRÁ SEYÐISFIRÐI 8. JÚNÍ**
**HEIM FRÁ HIRTSHALS 28. JÚNÍ**

## 57.500,-

**Verð pr. mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í fjögurra manna klefa án glugga ásamt fólksbíl**
**Heildarverð kr. 230.000**
**Fullt verð kr. 374.300**
**Þú sparar kr. 144.300**
Verðin eru án forfallatrygginga r.
Tilboðið miðast eingöngu við ofangreindar dagsetningar.

BÓKAÐU SNEMMA TIL AÐ TRYGGJA ÞÉR PLÁSS. Í FYRRA SUMAR URÐU MARGIR FRÁ AÐ HVERFA ÞVÍ ALLT VAR FULLBÓKAÐ

**FÆREYJAR**
SIGLT TIL ÞÓRSHAFNAR
18 TÍMA SIGLING FRÁ SEYÐISFIRÐI

# SUMAR TILBOÐ

Í FERÐ MEÐ NORRÆNU TEKURÐU BÍLINN MEÐ ÞÉR OG ALLAN ÞANN FARANGUR SEM Í HANN KEMST.

**DANMÖRK**
SIGLT TIL HIRSTHALS
TVEGGJA OG HÁLFS SÓLAHRINGS SIGLING FRÁ SEYÐISFIRÐI




BETRI STOFAN

# DANMÖRK







Skemmtilegt er að aka um Danmörku og margt forvitnilegt að sjá þar og upplifa. Þar er gott að slappa af og njóta góðs matar og veðurblíðu sem einkennir landið yfir sumartímann. Í Danmörku eru góðar strendur, fjöldi skemmtigarða og dýragarða, frábærir veitingastaðir og mannlífið gott.

Danmörk liggur við Norðursjó og stutt er að aka suður að landamærum Þýskalands. Einnig er hægt að aka um Eyrarsundsbrúna yfir til Svíþjóðar og góðar ferjusamgöngur eru til Noregs og fleiri landa.

# AFÞREYING Í NORRÆNU





Í Norrænu er ýmislegt sem gerir dvölina um borð ánægjulega. Þar er að finna þrjá veitingastaði, kaffiteríuna, glæsilegt hlaðborð og Simmer Dim veitingastaðinn. Naustbarinn er vinsæll og svo Víkingaklúbburinn, næturklúbbur þar sem dansað er öll kvöld. Á sóldekkinu er bar sem er opinn þegar veður er gott. Góð fríhöfn er um borð þar sem allur algengur fríhafnarvarningur fæst. Einnig er sundlaug, sólbaðsstofa, sauna og líkamsrækt til afnota fyrir farþega. Síðan er bíósalur þar sem sýndar eru bíómyndir alla daga og kvöld. Barnalandið hefur verið stækkað og er það nú mjög veglegt.

**WWW.SMYRIL-LINE.IS**

Ferðaskrifstofa — Leyfishafi Ferðamálastofu

**AUSTFAR**
Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfirði · Sími: 472 1111

**NORRÆNA**
FERÐASKRIFSTOFAN
Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík · Sími: 570 8600



**14.990,-/stk.**

**FALSTER bekkir**
B130×D36, H43cm. Grátt

## Opnunartími og dagskrá um páskana

Opið skírdag kl. 11-20,
páskaeggjaleit í versluninni hefst kl. 11,
pizzakynning kl. 13-17

Lokað föstudaginn langa

Opið laugardag kl. **10-20**,
ókeypis brunch kl. 9-11,
páskaeggjaleit í versluninni hefst kl. 10,
pizzakynning kl. 13-17

Lokað páskadag

Opið annan í páskum kl. 11-20



**SOCKER blómapottur 1.290,-**
B26×L47cm. Ýmsir litir



**SOCKER blómapottur 595,-**
H17cm. Ýmsir litir



**VÄSTLIG gróðurpokar 395,-/stk.**
H40cm. Ýmsir litir



**SMYCKA gervi-sólblóm 895,-/stk.**
L70cm. Gult

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30






**GRÄVA blómapottar** Ýmsir litir
H50cm **2.690,-** H35cm **1.990,-**



**LANTSTÄLLE kerti í glasi 595,-/stk.**
H8cm. Ýmsir litir



**GRÖNSKA teppi 4.990,-**
B115×L180cm. Ýmsir litir



**ROTERA lugt f/sprittkerti 795,-**
H21cm. Ýmsir litir

**www.IKEA.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Páskarnir eru meira en fimm daga frí.

# Þungum steinum velt

Páskafríið er frábært. Fimm frídagar sem er hægt að ganga að sem vísum, ólíkt jólafríinu sem er mjög misjafnlega vinnuveitendavænt, og án streitunnar og gjafakapphlaupsins sem stundum fylgir jólahátíðinni. Nú er tækifærið til að njóta góðra stunda með vinum og fjölskyldu.

En það er auðvitað ástæða fyrir því að við tökum okkur frí. Og ástæða til þess, alltént fyrir þá sem játa kristna trú, að íhuga tilgang hátíðahaldanna.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Píslarsagan er allt um kring í dymbilviku; sagan af því hvernig Jesú var fagnað í upphafi viku þegar hann reið inn í Jerúsalem á asnanum á pálmasunnudag. Hvernig hann kvaddi lærisveina sína og var síðan svikinn og tekinn höndum, hvernig hann var niðurlægður og krossfestur.

Að minnsta kosti fyrir þá sem nenna ekki að rífa sig upp á páskadagsmorgun til að mæta í messu er þessi partur af sögunni oft mest áberandi – í menningarviðburðum, passíusálmalestri, píslargöngum, bíómyndum og fréttum af fólki í útlöndum sem lætur festa sig upp á kross. Þegar fólk af yngstu kynslóðinni er spurt hvað hafi gerzt á páskunum er því krossfestingin gjarnan efst í huga, enda býsna dramatískur atburður sem auðvelt er að sjá fyrir sér.

Það eru til ótal þekktar myndir af síðustu kvöldmáltíðinni og Kristi á krossinum, en við þekkjum færri upprisumyndir. Eina slíka, sem margir Íslendingar þekkja vel, er þó að finna í Dómkirkjunni í Reykjavík. Þar er Kristur ekki hið niðurlægða fórnarlamb, heldur sigurvegarinn sem hefur risið upp frá dauðum og velt hinum þunga steini frá grafarmunnanum.

Sú mynd fangar kjarna páskanna; þeir eru sigurhátíð upprisunnar. Þá fögnum við sigri lífsins á dauðanum, ljóssins á myrkrinu, þess góða á illum öflum. Þess vegna eru páskarnir í raun enn mikilvægari hátíð í kristinni trú en jólin. Upprisuboðskapurinn, fyrirheitið um eilíft líf, er kröftugasta uppspretta trúar á Krist.

Það er ekki hægt að leyfa depurð yfir hörmungum píslarsögunnar, sem ná hámarki á föstudaginn langa, að ná tökum á sér nema að leyfa sér líka að gleðjast innilega á páskadag. Ekki aðeins yfir góðum endi á tvö þúsund ára gamalli sögu, heldur yfir þeirri leiðsögn sem hún veitir.

Í trúna á Krist hafa margir sótt andlegan styrk og vissu fyrir því að þrátt fyrir erfiðleika, niðurlægingu og tap er sigurinn alltaf í augsýn. Við getum sótt okkur styrk til að velta þungum steinum, stuðning til að leyfa lífinu að sigra. Það er góð tilhugsun í rólegheitum páskafrísins.

*Gleðilega páska.*

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Við Mishkin

Tryggvi Þór Herbertsson, prófessor í hagfræði og alþingismaður, ber blak af sjálfum sér og hagfræðiprófessornum Frederic Mishkin í grein í nýjustu Vísbendingu. Ber hún heitið Játning hagfræðings og er tilraun til að útskýra hvers vegna fræg skýrsla sem þeir skrifuðu fyrir Viðskiptaráð 2006 er eins og hún er. Greinin um margt ágæt og ekki er niðurlagið ónýtt. Þar segir: „Samanlagt höfum við Mishkin um 50 ára reynslu af ráðgjöf þar sem við höfum þegið fyrir endurgjald. Við höfum ráðlagt fjölda seðlabanka, ríkisstjórna, alþjóðastofnana og einkafyrirtækja um allan heim.“



### Við Siggi

Við þessi orð rifjast óneitanlega upp frásögn Einars Sveinssonar, sem eftir handboltaleik með Þrótti sagði frá því að hann og Sigurður bróðir hans stórskytta hefðu skorað samtals átján mörk í leiknum. Lét hann þess ógetið að Sigurður hefði skorað sautján þeirra.

### Voru þær það já?

Um leið og fréttir af afsögn Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og Sóleyjar Tómasdóttur úr embættum forseta og fyrsta varaforseta borgarstjórnar komu sumum á óvart klóruðu aðrir sér í höfðinu. Sú staðreynd að þær gegndu þessum embættum var nefnilega með best geymdu leyndarmálum stjórnmálanna. Aðrir voru hins vegar með staðreyndirnar á hreinu og veltu fyrir sér hvernig þær hefðu enst í embættum í það tæpa ár sem liðið er frá kosningum.



bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Uppáhalds tímaritið þitt!

Bókasöfn

Birgir Björnsson

umsjónarmaður Landsaðgangs – hvar.is.



Allir sem hafa aðgang að netinu um íslenskar netveitur geta komist í rafræn tímarit vegna áskrifta Landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Frá heimasíðu Landsaðgangsins, hvar.is er hægt að komast í tímaritin til að skoða eða lesa. Einföld leið til að athuga hvort tímarit er í Landsaðgangi er að fara inn á vefinn hvar.is og leita á Tímaritalista A-Z. Einnig veitir starfsfólk bókasafna notendum aðstoð við að leita í Landsaðgangi. Ef tímarit er í áskrift er það aðgengilegt alla daga ársins og á öllum tímum sólarhringsins. Tímaritin eru aðgengileg hvort sem er úr heimatölvum, á vinnustöðum, hjá skólum eða á heitum reitum. Fjöldi rita í Landsaðgangi eru um 17.000.

Þar er ekki aðeins að finna fræði- og vísindarit heldur einnig tímarit á fjölmörgum áhuga- og tómstundasviðum. Flest tímarit almenns efnis eru í gagnasöfnunum ProQuest Central og Ebscohost. Oft er útlit rafrænna tímarita eins og prentaðra útgáfu. Aðgangur getur einnig verið þannig að aðeins texti greinar birtist án myndefnis. Í einstaka tilvikum komast lesendur í tímaritsgreinar á vefsíðum ritanna þar sem myndefni fylgir.

Í stuttri blaðagrein er ekki möguleiki á að telja til öll tímarit á almennum áhugasviðum. En sem dæmi má nefna að áhugafólk um útiveru, heilsurækt og íþróttir getur til dæmis lesið eða skoðað greinar í American Fitness, Backpacker, Bowhunter, Climbing, Dance Magazine, Golf Magazine, Horse & Rider, Joe Weider´s Muscle and Fitness, Motor Boating, National Fisherman, Outdoor Life, Practical Horseman, Runner´s World, Ski, Skiing, The Sporting News, Sports Illustrated, Swimming World og Tennis. Fyrir fólk með áhuga á handverki og listum má nefna tímaritin, African Arts, Acoustic Guitar, Architecture, Art in America, Art Monthly, ArtUS, Bass Player, Billboard, British Journal of Photography, Craft Arts International, Guitar Player, Keyboard, Pottery Making Illustrated og Strings. Fyrir áhugafólk um þjóðmál og samtímaatburði eru eftirfarandi tímarit m.a. aðgengileg, Economist, Foreign Affairs, Time og Newsweek. Fyrir áhugafólk um tölvumál má nefna tímaritin Computer Act!ve og eWeek.

Landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum er samlag og greiða ríflega 200 aðilar til þess. Meðal greiðenda eru allir íslensku háskólarnir, opinberar stofnanir, bókasöfn um allt land og einstaka fyrirtæki. Er uppáhaldstímaritið þitt eða tímarit á þínu áhugasviði í Landsaðgangi – hvar.is?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Nýjar leikreglur, nýr leikur

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor



Stjórnarskráin geymir æðstu lög og leikreglur sérhvers lands. Þegar nauðsyn knýr á um breyttar leikreglur svo sem Alþingi og rannsóknarnefnd Alþingis hafa mælt fyrir um, þá búumst við til að breyta leikreglunum ekki til málamynda, heldur beinlínis til að breyta leiknum, til að bæta þjóðfélagið og skila því til afkomenda okkar í betra horfi en áður. Þetta gerist með tvennu móti. Í fyrsta lagi knýr ný stjórnarskrá á um nýja löggjöf á þeim sviðum, þar sem við á, eða breytta framkvæmd laga. Í annan stað opnar ný stjórnarskrá leiðir til dómsmála, þar sem menn geta leitað réttar síns í ljósi nýrra ákvæða í stjórnarskrá. Nýrri stjórnarskrá er ekki ætlað að vera dauður bókstafur, heldur lifandi löggjöf.

**Óspillt umhverfi og mannréttindi**

Tökum dæmi, svo að ekkert fari á milli mála. Hugsum okkur, að inn í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar sé bætt nýrri grein, þar sem aðgangur að óspilltu umhverfi er talinn til mannréttinda. Stjórnlaganefnd leggur þetta til (Skýrsla stjórnlaganefndar 2011, 1. bindi, bls. 80). Hliðstæður má finna í stjórnarskrám nálægra landa, til dæmis í Noregi og Finnlandi. Mörgum mun finnast rík ástæða er til að bæta slíku ákvæði inn í stjórnarskrá Íslands, þar eð hvorki löggjafarvaldið né framkvæmdarvaldið hefur hingað til fengizt til að taka á einum brýnasta umhverfisvanda Íslands með því að girða fyrir gróðurspjöll og uppblástur af völdum lausagöngu búfjár og hrossa. „Enn á sér þó stað hraðfara eyðing gróðurs og jarðvegs á Íslandi“, segir á vefsetri Landgræðslu ríkisins eftir þrotlausa baráttu frá 1907. Það er engin furða, úr því að stjórnvöld fást ekki enn til að ráðast að rótum vandans með því að láta loka sauðfé og hross inni í girðingum. Umhverfisráðuneytið þarf að fela Landgræðslunni að stöðva lausagöngu búfjár og hrossa án frekari tafar í stað þess að halda áfram að verja skattfé í vonlausa baráttu við lausgangandi búpening og hross, sem eira engum gróðri. Úr því að stjórnvöld hafa brugðizt í þessu máli, er ástæða til að binda hendur þeirra í stjórnarskránni.

Setjum nú svo, að ný stjórnarskrá taki gildi með slíku umhverfisverndarákvæði. Þá þarf Alþingi í samræmi við nýja stjórnarskrá að leiða í lög, að búfé og hross skuli lokuð inni í girðingum í landverndarskyni líkt og í nálægum löndum og umhverfisráðuneytinu sé skylt að sjá til þess, að lögunum sé framfylgt. Verði misbrestur á því, er hægt að stefna lögbrjótum fyrir rétt. Vanræki ráðuneytið skyldu sína til að sjá til þess, að lögunum sé framfylgt, er hægt að kæra ráðherrann til stjórnlagadómstóls, sem myndi samkvæmt nýrri stjórnarskrá fjalla um slík kærumál. Komist stjórnlagadómstóllinn að þeirri niðurstöðu, að umhverfisráðherrann hafi vanrækt skyldu sína til að sjá til þess, að girt sé fyrir lausagöngu, getur dómstóllinn vísað málinu til ríkissaksóknara, og getur hann þá ákært ráðherrann fyrir vanrækslu. Nærri má geta, hvort ráðherrar myndu þá ekki hugsa sig tvisvar um, áður en þeir vanvirtu stjórnarskrána. Þetta dæmi skýrir, hvernig betra jafnvægi milli framkvæmdarvalds og dómsvalds með gagnkvæmu aðhaldi og eftirliti gæti stöðvað uppblástur Íslands. Um það geta óháðir náttúrufræðingar vitnað, en varla Umhverfisstofnun, enda virðist hún starfa í sama anda og Fjármálaeftirlitið fyrir hrun.

**Stjórnarskráin getur stöðvað hernaðinn gegn landinu**

Ætla má, að stjórnlagaráð leggi til umhverfisverndarákvæði í stjórnarskrá í samræmi við tillögur þjóðfundar og stjórnlaganefndar, sem stjórnlagaráði ber að taka mið af. Og þó, kannski strandar málið. Kannski eru Íslendingar eins og Rússar inni við beinið og eftir því hirðulausir um landið og miðin, svo sem ekki bara uppblásturinn vitnar um og meðfylgjandi moldrok í öll þessi ár, heldur einnig ástand fiskstofnanna, brottkastið, hvalveiðarnar í óþökk umheimsins og allt það. Óþrifnaðurinn í hjarta Reykjavíkur vitnar ekki um djúpa virðingu fyrir umhverfinu, og ekki ber kjördæmaskipanin sök á því.

Þess er þá ef til vill ekki að vænta, að meiri hluti fólksins í landinu og meiri hluti stjórnlagaráðs hafi, þegar á reynir, miklar áhyggjur af uppblæstri landsins og undirrót hans, sem er og hefur alltaf verið óheft lausaganga búfjár og hrossa. Það mun koma í ljós. Enginn þeirra fimm flokka, sem eiga nú fulltrúa á Alþingi, virðist skeyta nóg um uppblástur landsins af völdum lausagöngu til að hafa orð á honum í stefnuskrám sínum – þrátt fyrir þrotlausar brýningar Halldórs Laxness, Herdísar Þorvaldsdóttur leikkonu, Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings og margra annarra landgræðslumanna í meira en hundrað ár. Þjóðfundurinn vísar veginn. Stjórnarskráin þarf að virða og vernda landið handa komandi kynslóðum, úr því að Alþingi brást. Markmið góðrar stjórnarskrár er einmitt að reisa girðingar.

> Vanræki ráðuneytið skyldu sína til að sjá til þess, að lögunum sé framfylgt, er hægt að kæra ráðherrann til stjórnlagadómstóls, sem myndi samkvæmt nýrri stjórnarskrá fjalla um slík kærumál.

AF NETINU

**Leyndarhyggja sjálfhverfra stjórnmálamanna**

Hugsunin á bak við sænsku upplýsingalögin er einföld: Stjórnvöld eiga að vinna fyrir hagsmuni almennings og enga aðra, og mega því ekki láta hagsmuni þeirra sem gegna opinberum stöðum hverju sinni hafa nein áhrif á slíkar ákvarðanir. Stjórnvöld eiga að þjóna almenningi. Einfalt, ekki satt?

Á Íslandi er hins vegar enn við lýði viðhorf sem á frekar heima í lénsveldistímanum en nútíma lýðræðisríki: Upplýsingalög miða ekki að því að takmarka völd opinberra aðila til að leyna upplýsingum sem þeir búa yfir. Heldur að hinu, að gera yfirvöldum kleift að skammta úr hnefa þær upplýsingar sem þeim þykir henta. Íslenska stjórnmálastéttin lítur enn á ríkisvaldið sem tæki til að viðhalda eigin völdum og telur að upplýsingalög eigi að vernda hagsmuni hennar, en ekki almennings.

Hvað var aftur sagt um gagnsæi í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis?

blog.eyjan.is/einar
Einar Steingrímsson

Costa del Sol
6. og 15. maí í 9 nætur
Frá kr. 109.900 með „öllu inniföldu“



**Heimsferðir** bjóða tvær frábærar 9 nátta ferðir til **Costa del Sol** í vor. Í boði eru frábær sértilboð, með *„öllu inniföldu“* á **Roc Flamingo ***** hótelinu sem var mjög vinsælt meðal farþega Heimsferða í fyrra. Ath. mjög takmarkaður fjöldi herbergja í boði á þessum kjörum.

Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu lífsins í vor á Costa del Sol á ótrúlegum kjörum.

Verð kr. 109.900 - með öllu inniföldu Hótel Roc Flamingo***
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 9 nætur með öllu inniföldu á Roc Flamingo ***.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN
m.visir.is Fáðu Vísi í símann!
Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir.
vísir

nettó
Gleðilega páskahátíð!

Áfram

Bók þessi heitir á frummálinu **„Moving On“**, en höfundur ritar hana á ensku eins og aðrar bækur sem út hafa komið eftir hann. Á íslensku hafa komið út bækurnar **„Bókin Um Hamingjuna“, „Að lifa er list“, „Erindi við þig“, „Leitað að guði“** og **„Það sem skiptir máli“** sem kom út fyrir jólin.

*Þýðendur: Þorgrímur Gestsson og Björg Þorgrímsdóttir*




1.998kr/stk.
áður 2.990 kr/stk.



**VÆDDEREN** Danska varðskipið Vædderen leggst að bryggju og misglaðbeittir sjóliðar bera handritin í land, Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða. MYNDIR/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



**VIÐ HÖFNINA** Talið er að um fimmtán þúsund manns hafi safnast saman á hafnarbakkanum í Reykjavík. Hér sést forsætisráðherrann Jóhann Hafstein í ræðustól.

# Handritin loksins heima

Í dag eru fjórir áratugir liðnir síðan danska herskipið Vædderen lagðist að bryggju með **handrit Árna Magnússonar** að Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða. ***Kjartan Guðmundsson*** leit á nokkrar myndir frá þessum mikla hátíðisdegi í sögu þjóðarinnar.

Ég man vel eftir þessum degi og hátíðleikanum sem honum fylgdi. Ég var viðstödd afhendingu handritanna á hafnarbakkanum og minnist þess að það var sólríkt en ekki mjög hlýtt og rosalega mikið af fólki. Þetta voru mikil tímamót og gaman að hafa upplifað þennan dag,“ segir Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sem var tíu ára gömul þegar fyrstu handritin komu heim fyrir fjórum áratugum. Handritin voru síðan flutt í áföngum til Íslands og kom síðasta sendingin 19. júní 1997, 26 árum síðar.



**GUÐRÚN NORDAL**

Fyrir tæpum tveimur árum bætti stjórn menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, handritasafni Árna Magnússonar á sérstaka varðveisluskrá sína yfir minjar sem þykja hafa sérstakt varðveislugildi fyrir andlegan menningararf mannkyns. Handritasafnið var tilnefnt í varðveisluskrána af hálfu ríkisstjórna Íslands og Danmerkur, þar sem hluti safnsins er varðveittur í Danmörku.

Á ársfundi stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sem haldinn verður hinn 11. maí næstkomandi, er ætlunin að ræða kynningu þessarar tilnefningar UNESCO betur, en henni hefur enn ekki verið fylgt nægilega eftir að sögn Guðrúnar. „Þetta er gríðarleg viðurkenning og kominn tími til að fylgja henni eftir, sem verður gert í samvinnu við Dani. Söfnin hér á Íslandi og í Danmörku vinna náið saman og einnig með Landsbókasafni, meðal annars að því að mynda handritin stafrænt og setja þau á netið til að gera þau aðgengilegri almenningi. Sú vinna er í fullum gangi, vefurinn handrit.is hefur þegar verið opnaður og sífellt bætist við hann efni og upplýsingar,“ segir Guðrún.





**ÁVALLT VIÐBÚINN** Skátar í stuttum pilsum stóðu heiðursvörð á hafnarbakkanum.



**HÁTÍÐ Í BORG** Í tilefni heimkomu handritanna var skólum lokað og einnig mörgum skrifstofum og fyrirtækjum svo almenningi gæfist kostur á að vera viðstaddur afhendinguna. Hér gengur hópur fólks fylktu liði í Skeiðarvoginum.



**HVE GLÖÐ VAR VOR ÆSKA** Börn voru sérlega áberandi í fagnaðarlátunum vegna heimkomu handritanna og báru mörg þeirra íslenska og danska fána.


Europris
Afgreiðslutími um páska:
Í dag, skírdag. Frá kl. 10:00 til 18:00
Föstudaginn langa er lokað
23. apríl. Frá kl. 10:00 til 18:00
24. apríl, páskadag. Er lokað
25. apríl. Frá kl. 10:00 til 18:00
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
1799
KÖKUFAT
Úr gleri
50% afsláttur
á nammibar í dag
og allar helgar
frá 299
ÁFYLLANLEG
PÁSKAEGG
2590
HNÍFAPARASETT
24 hlutir
Fleiri litir
KARFA
Flott í lautarferðina
Fleiri litir
2590
frá 3990
DISKASETT
Hvítt með silfurrönd
Matarstell, 8 hlutir, kr 3990
Matarstell, 18 hlutir, kr 7990
Kaffistell, 18 hlutir, kr 3990
599
VINDÖSKUBAKKI
Melamin
990
KERTI
Í glasi
1490
PÚÐAR
45 x 45 cm
890
FLÍSTEPPI
130 x 160 cm
1390
SESSUR
45 x 45 x 7 cm. Fleiri litir
HAGA
Plant jord
1290
GRÓÐURMOLD
50 ltr
www.europris.is
Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Glerártorgi, Akureyri

# Um bænadaga og páska ...

## ÚTIVIST

**PÍSLARGANGA Í MÝVATNSSVEIT:**
Sú hefð hefur skapast í Mývatnssveit að ganga rangsælis um Mývatn á föstudaginn langa. Gangan hefst við Reykjahlíðarkirkju kl. 9 og er lagt af stað undir klukknahljóm kirkjunnar. Hver og einn gengur á sínum hraða.



**SKÍÐAVIKAN Á ÍSAFIRÐI:**
Um helgina fer fram sjötugasta og sjöunda Skíðavikan á Ísafirði. Skíðasvæði bæjarins verða opin og rekur hver atburðurinn annan. Rokkhátíðin Aldrei fór ég suður fer einnig fram í bænum nú um helgina.



**BLÁALÓNSHRINGUR Á ANNAN Í PÁSKUM:**
Menningar- og sögutengd gönguferð verður í boði á annan í páskum. Gangan hefst kl. 13 við bílastæði Bláa lónsins og er áætlað að hún taki um þrjár klukkustundir. Möguleiki er að fara rúmlega hálfan hring og fá akstur til baka. Göngugarpar fá tvo fyrir einn í Bláa lónið. Enginn þátttökukostnaður.

**PÁSKAÆVINTÝRI Á AKUREYRI:**
Hlíðarfjall verður opið frá kl. 9-16 frá skírdegi til annars dags páska og verður boðið upp á rútuferðir til og frá fjallinu. Sundlaug Akureyrar verður einnig opin alla helgina.

**HJÓLAÐ, SKAUTAÐ OG SKOKKAÐ:**
Úr sveit til sjávar: Gljúfrasteinn - Grótta, er viðburður í dag sem felst í því að hlaupið er, skautað eða hjólað frá húsi skáldsins í Mosfellsdal út að Gróttu á Seltjarnarnesi. Það er í sjötta sinn sem þetta er gert á sumardaginn fyrsta á vegum fyrirtækisins Atorka, mannrækt og útivist.

Mæting er klukkan 10 við Gljúfrastein þar sem kynning er á safninu, en þaðan er lagt af stað klukkan 10.30. Leiðin er tæplega 40 kílómetrar um góðan malbikaðan stíg. Háfjara er við Gróttu klukkan 14.30.

## LEIKLIST

**SÓLHEIMALEIKHÚSIÐ FRUMSÝNIR VERNDARENGLANA:**
Leikfélag Sólheima frumsýnir leikritið „Verndarenglarnir" í dag, skírdag, kl. 15 á Sólheimum í Grímsnesi. Leikritið er samið sérstaklega fyrir Sólheima af Þórnýju Björk Jakobsdóttur, sem einnig leikstýrir verkinu. Önnur sýning verður á laugardag, 23. apríl, kl. 15. Miðapantanir fara fram í síma 847-5323.

## SUNDLAUGAR

**OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS UM PÁSKANA.**

**Álftaneslaug:** Lokað alla helgina nema laugardaginn 23. apríl, frá kl. 11-18.

**Árbæjarlaug:** Opið á skírdag frá kl. 11-19, á föstudaginn langa frá kl. 10-18, laugardaginn 23. apríl frá kl. 9-17, á páskadag frá kl. 10-18 og á annan í páskum frá kl. 11-19.

**Ásvallalaug:** Opið frá kl. 8-17 á skírdag, laugardaginn 23. apríl og á annan í páskum. Lokað á föstudaginn langa og á páskadag.

**Breiðholtslaug:** Opið frá kl. 10-18 á skírdag og á annan í páskum, en frá kl. 9-17 á laugardaginn 23. apríl. Lokað á föstudaginn langa og á páskadag.

**Grafarvogslaug:** Opið frá kl. 10-18 á skírdag, laugardaginn 23. apríl og á annan í páskum. Lokað á föstudaginn langa og á páskadag.

**Klébergslaug:** Opið frá kl. 11-17 á skírdag, laugardaginn 23. apríl og á annan í páskum. Lokað á föstudaginn langa og á páskadag.

**Lágafellslaug:** Opið frá kl. 9-16 á skírdag, laugardaginn 23. apríl og á annan í páskum. Lokað á föstudaginn langa og á páskadag.



**Laugardalslaug:** Opið frá kl. 8-22 á skírdag, laugardaginn 23. apríl og á annan í páskum, en frá kl. 10-18 á föstudaginn langa og á páskadag.

**Sundhöll Hafnarfjarðar:** Opið frá kl. 8-12 á skírdag, laugardaginn 23. apríl og á annan í páskum. Lokað á föstudaginn langa og á páskadag.

**Sundhöll Reykjavíkur:** Opið frá kl. 10-18 á skírdag og annan í páskum, en frá kl. 8-16 á laugardaginn 23. apríl. Lokað á föstudaginn langa og á páskadag.

**Sundlaug Kópavogs:** Opið frá kl. 9-18 á skírdag, laugardaginn 23. apríl og á annan í páskum. Lokað á föstudaginn langa og á páskadag.

**Sundlaugin Versölum:** Opið frá kl. 10-19 á skírdag, laugardaginn 23. apríl og á annan í páskum. Lokað á föstudaginn langa og á páskadag.

**Suðurbæjarlaug:** Opið frá kl. 8-17 á skírdag og á annan í páskum, en frá kl. 8-18 á laugardaginn 23. apríl. Lokað á föstudaginn langa og á páskadag.

**Varmárlaug:** Opið frá kl. 9-15.30 á skírdag og á annan í páskum, en frá kl. 9-16.30 á laugardaginn 23. apríl. Lokað á föstudaginn langa og á páskadag.

**Vesturbæjarlaug:** Opið frá kl. 11-19 á skírdag og á annan í páskum, en frá kl. 9-17 á laugardaginn 23. apríl.Lokað á föstudaginn langa og á páskadag.

## TÓNLIST

**SÖNGVAHÁTÍÐ BARNANNA:**
Í dag, skírdag, verður Söngvahátíð barnanna haldin í Hallgrímskirkju kl. 17. Fram koma Stúlknakór Seljakirkju, Stúlknakór Langholtskirkju, Stúlknakór Hafnarfjarðarkirkju og Stúlknakór Holtaskóla. Hljómsveit skipuð þeim Eyþóri Gunnarssyni, Sigurði Flosasyni, Gunnari Hrafnssyni, Hafþóri Guð-

ENNEMM / SÍA / NM46353

Við erum með réttu

Komdu til okkar eða hafðu samband og við aðstoðum þig við að finna hagstæðustu leiðina.

**Ódýrari mínútur**
Hringdu á 0 kr. í 1 GSM vin hjá Símanum*
Aðeins 11,9 kr. mín. í alla innanlands
590 kr. mánaðargjald
*1.000 mín./ 500 SMS á mán.

**3 vinir og 300 SMS**
Hringdu á 0 kr. í 3 vini óháð kerfi* og sendu 300 SMS á alla hina
Eitt mínútuverð óháð kerfi
1.390 kr. mánaðargjald
*600 mín./ 300 SMS á mán. 300 MB á mán. fylgir til áramóta.

**6 vinir óháð kerfi**
Hringdu á 0 kr. í 6 vini óháð kerfi*
Eitt mínútuverð óháð kerfi
1.990 kr. mánaðargjald
– Veldu áskrift eða Frelsi
*Áskrift 1.000 mín./500 SMS á mán. Frelsi 60 mín./60 SMS á dag

**1000 mínútur**
Hringdu á 0 kr. í alla GSM og heimasíma á Íslandi*
Frábær leið fyrir þá sem nota GSM símann mikið
7.990 kr. mánaðargjald
*1.000 mín./ 500 SMS á mán.

**Ring**
Fyrirframgreidd þjónusta – fyrir þá sem vilja afgreiða sig sjálfir
0 kr. innan Ring
990 kr. mánaðargjald
eða
0 kr. innan kerfis Símans
1.990 kr. mánaðargjald*
*1.500 mín./ SMS á mán.

Greidd eru mánaðargjöld og upphafsgjöld skv. verðskrá. Ekki eru greidd upphafsgjöld af símtölum í vinanúmer. Nánar á siminn.is

siminn.is

mundssyni og Valgarði Péturssyni kemur einnig fram. Sérstakir gestir verða söngvararnir Egill Ólafsson og Böðvar Reynisson.

## SÖFN

**LISTASAFN REYKJAVÍKUR - HAFNARHÚSIÐ**
Á laugardaginn verður opnuð útskriftarsýning Listaháskóla Íslands kl. 14 í Hafnarhúsinu og verða útskriftarverk nemenda úr myndlistar-, hönnunar- og arkitektúrdeildum til sýnis. Opið er í Hafnarhúsinu alla páskana en lokað á föstudaginn langa. Opið frá kl. 10-17. Opið til kl. 20 á skírdag.

**GERÐARSAFN Í KÓPAVOGI:**
Í tilefni aldarafmælis listakonunnar Barböru Árnason hefur verið opnuð yfirlitssýning með verkum hennar í Gerðarsafni. Sýningin stendur til 5. júní.

Yfir 250 verk eftir listakonuna eru til sýnis. Opið er í Gerðarsafni á skírdag 21. apríl og á laugardaginn 23. apríl, en lokað á föstudaginn langa og páskadag.

**LISTASAFN REYKJAVÍKUR - KJARVALSSTAÐIR:**
Á öðrum degi páska, hinn 25. apríl, lýkur „Sýningu sýninganna - Ísland í Feneyjum í 50 ár“ á Kjarvalsstöðum. Á sýningunni er þátttökusaga Íslands í Feneyjatvíæringnum rakin. Opið frá kl. 10-17 á fimmtudag, laugardag og mánudag, en lokað á föstudaginn langa og páskadag.

Sérstakir páskatónleikar fara fram á Kjarvalsstöðum mánudaginn 25. apríl, en þá spila þær Guðný Jónasdóttir sellóleikari og Elisabeth Streichert píanóleikari sellósónötur eftir Brahms og Sjostakóvitsj og einleiksverk eftir Hafliða Hallgrímsson. Tónleikarnir hefjast kl. 20. Almennt miðaverð er kr. 1.500 en kr. 1.000 fyrir nemendur, börn og eldri borgara.

**HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS:**
Á skírdag kl. 14 mun forstöðumaður Hönnunarsafn Íslands ganga um sýningarnar í safninu með gestum. Tvær sýningar eru í Hönnunarsafni Íslands um þessar mundir; sýning á verkum Gunnars Magnússonar innanhúss- og húsgagnahönnuðar og sýning á verkum Hrafnhildar Arnardóttur, en hún hlaut nýlega hin virtu norrænu textílverðlaun fyrir verk sín. Báðar sýningarnar standa til 29. maí. Opið er í Hönnunarsafni Íslands á skírdag og laugardaginn 23. apríl, en lokað á föstudaginn langa, páskadag og annan dag páska.

**ÍSLENSK GRAFÍK:**
Sýningin „Hið holdlega fiðurfok“ verður opnuð í sal Íslenskrar grafíkur á skírdag kl. 17. Listamaðurinn, Alda Rose Cartwright, hefur unnið verk sín bæði í grafík og málun. Sýningin stendur til 1. maí. Opið verður frá fimmtudegi til sunnudags frá kl. 14-18.

**ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ:**
Sýningar og verslun Þjóðmenningarhússins verða opnar alla páskahátíðina frá kl. 11-17. Leiðsögn á ensku verður í boði kl. 15 daglega frá skírdegi til annars páskadags, að báðum dögum meðtöldum. Veitingastofan verður lokuð sömu daga.

**HAFNARBORG HAFNARFIRÐI:**
Hafnarborg verður opin alla páskana að undanskildum páskadegi. Á föstudaginn langa, laugardaginn 23. apríl og á annan í páskum er opið frá kl. 12-17 en frá kl. 12-21 á skírdag. Tvær sýningar eru nú í Hafnarborg, „Varanlegt augnablik“ og „Birgir Andrésson og vinir“. Báðar sýningarnar standa til 1. maí.

## LESTUR PASSÍUSÁLMANNA



**FÖSTUDAGURINN LANGI**
**Seltjarnarneskirkja:** Passíusálmarnir verða lesnir af hópi 17 Seltirninga á ýmsum aldri í Seltjarnarneskirkju. Lesturinn stendur frá kl. 13-18. Organisti kirkjunnar, Friðrik Vignir Stefánsson, mun leika í lestrarhléum. Allir velkomnir og fólki heimilt að koma og fara að vild.

**Hallgrímskirkja:** Passíusálmarnir verða lesnir af hópi íslenskukennara í Hallgrímskirkju í dag frá kl. 13-18. Um tónlist sjá söngkonurnar Magnea Tómasdóttir og Kristín Sigurðardóttir, en þær syngja upphafsvers hvers sálms við íslensk þjóðlög úr safni Smára Ólasonar. Allir velkomnir. Fólki heimilt að koma og fara að vild.



**Kópavogskirkja:** Passíusálmarnir verða lesnir frá kl. 15-19.30 í dag. Sálmarnir verða lesnir af prestum sem tengast Kópavogi með ýmsum hætti. Að loknum lestri verður kirkjan myrkvuð og íhugun þagnarinnar tekur við. Allir velkomnir og fólki velkomið að koma og fara að vild.

**Grafarvogskirkja:** Félagar úr Samtökunum 78 sjá um lestur Passíusálmanna í Grafarvogskirkju í dag. Lesturinn hefst kl. 13 og stendur til kl. 17. Frumsamin tónlist sem tengist sálmunum verður flutt á milli lestra. Allir velkomnir. Fólki heimilt að koma og fara að vild.

**Akraneskirkja:** Valdir Passíusálmar verða lesnir í Akraneskirkju frá kl. 14 til kl. 15.30. Flytjendur eru lesarar úr Stóru upplestrarkeppninni. Fólki er heimilt að koma og fara að vild.

**Bessastaðasókn:** Helgiganga verður frá Bessastaðakirkju að Garðakirkju kl. 16 á föstudaginn langa. Farið verður yfir píslarsögu Krists á leiðinni, en Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir leiðir gönguna. Helgistund verður í Garðakirkju kl. 17, en Sólveig Hannam les úr Passíusálunum og sr. Jóna Hrönn þjónar fyrir altari. Kór Vídalínskirkju flytur kórverk á milli sálmanna.

**Guðríðarkirkja:** Passíusálmarnir verða lesnir frá kl. 10-14 í Guðríðarkirkju á föstudaginn langa. Ekki verður gert hlé á milli lestra. Fólk getur komið og hlustað á alla sálmana eða komið og farið að vild.

**Grindavíkurkirkja:** Passíusálmarnir verða lesnir af hópi Grindvíkinga á ýmsum aldri í Grindavíkurkirkju. Lesturinn hefst kl. 11 og stendur til kl. 16. Helga Bryndís Magnúsdóttir organisti leikur í lestrarhléum. Fólk getur komið og farið að vild.

**Húsavíkurkirkja:** Passíusálmarnir verða lesnir í heild sinni í Húsavíkurkirkju á föstudaginn langa. Lestur hefst kl. 11 og stendur til kl. 15.30. Allir velkomnir.

**Selfosskirkja:** Passíusálmarnir verða lesnir í Selfosskirkju kl. 13 á föstudaginn langa. Tíu lesarar skipta með sér lestrinum. Sigurður Sigurðarson mun kveða sálma við fornar íslenskar stemmur.



# Vill hjálpa fólki að auðgast

**Pratik Kumar** kom hingað til lands frá Indlandi fyrir tólf árum til að vinna hjá tölvufyrirtækinu Oz. Í fyrrahaust sagði hann upp vinnunni til að láta draum sinn rætast. Hann hefur búið til um tíu forrit og selt þau í forritaverslun Apple. Mörg þeirra hafa hlotið góða dóma í alþjóðlegum fagtímaritum. „Þetta er gullnáma,“ segir hann í samtali við *Jón Aðalstein Bergsveinsson.*

Forsvarsmenn tölvuleikjafyrirtækja sem búa til forrit fyrir Apple-vörur eiga ekki að eyða tíma sínum í að búa til forrit sem seljast lítið eða ekkert og gera síðan allt til að fá viðtal við sig í fjölmiðlum og láta eins og leikurinn sé að gera það gott,“ segir Pratik Kumar, stofnandi hugbúnaðarfyrirtækisins App Dynamic.

Hann hefur búið til, ýmist einn eða með öðrum, í kringum tíu forrit fyrir tól og tæki frá Apple, svo sem iPhone-símana, iPod Touch margmiðlunarspilarana og aðrar græjur, sem hafa fengið góða dóma í erlendum miðlum og seljast sem heitar lummur í forritaverslun Apple (App-Store). Samkeppnin er hörð enda í kringum fjögur hundruð þúsund forrit þar í boði.

„Þótt það kalli á mikla pappírsvinnu og krókaleiðir að fá Apple til að viðurkenna hugbúnaðinn og koma honum í sölu í forritaversluninni er það ekki nema byrjunin. Forritið þarf að vera gott, praktískt og njóta vinsælda til að skila einhverjum tekjum fyrir framleiðandann og fyrirtækið,“ segir Pratik.



**SINNIR DRAUMASTARFINU** Ef forriti gengur vel í forritaverslun Apple getur það skilað mörg hundruð milljónum í kassann, segir Pratik Kumar. Hann vill hjálpa fólki að feta í fótspor hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Gullnáma fyrir alla

Pratik fullyrðir óhræddur að eitt forrita hans, Remote HD, sem hefur vermt lista forritaverslunar Apple yfir þau forrit sem skilað hafa mestu í kassann, hafi selst fyrir hærri upphæð en íslenskir forritarar hafa fengið samanlagt fyrir vörur sínar til þessa í netversluninni.

„Þetta er gullnáma fyrir alla,“ segir Pratik og bendir á að Apple hafi nýverið greint frá því fyrirtækið hafi selt hundrað milljónir iPhone-síma. Þá eru ótaldar þær milljónir eintaka sem til eru af iPod Touch spilurum, iPoddum og fleiri græjum sem Apple hefur sett á markað síðastliðin ár. Pratik telst til að samanlagt séu tækin sem geti notað forritin hans tvö hundruð milljónir talsins.

Hann telur jafnframt að á milli sjötíu til áttatíu milljónir manns séu skráðar í App-verslunina og allir með veskin opin upp á gátt. „Þar er fólk tilbúið með greiðslukortin sín. Það er engu líkara en fólkið biðji um að fá að kaupa hugbúnað þar en ekki á hinn veginn. Ég þarf ekkert að auglýsa.“

Forrit á borð við þau sem Pratik býr til kosta á bilinu tvo til átta Bandaríkjadali, tæpar 230 til níu hundruð krónur stykkið. Apple tekur þrjátíu prósenta hlut af söluandvirði hvers forrits en framleiðandi þess, í þessu tilviki Pratik, fær afganginn.

„Ef forrit virkar vel, er praktískt og viðskiptavinir fá þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda má selja tíu til fimmtán milljónir eintaka af þeim á hálfu ári,“ segir hann. Miðað við það ættu tekjurnar af einu forriti sem kostar tvo dali að vera tveir til fimm milljarðar króna.

Eitt forrita Pratiks, Remote HD, gerir þeim sem nota iPhone eða iPod Touch kleift að tengjast borðtölvum sínum og nota tækin sem fjarstýringu. Viðmót tækisins breytist eftir því hvaða forrit er í forgrunni í tölvunni hverju sinni.

„Þetta var örugglega eitt það erfiðasta sem ég hef nokkru sinni gert,“ segir Pratik og telur að hann hafi varið löngum tíma á dag í tvö ár í forritunarvinnuna. Remote HD hefur nú verið í um eitt og hálft ár á meðal þeirra áttatíu forrita sem skilað hafa mestum fjármunum í kassann í forritaverslun Apple.

Tekjur App Dynamic af sölu Remote HD hafa rokkað til, allt frá því að vera fjörutíu þúsund krónur á dag til einnar milljónar þegar best lét. Það er eftir að Apple hefur tekið sína þrjátíu prósenta sneið af kökunni.

Ótalin eru öll hin forritin sem Pratik hefur búið til. Þau hafa mörg hver fengið afbragðsgóða umfjöllun í þekktustu tæknitímaritum heims. Þar á meðal eru sérhæfð blöð á borð við MacWorld og netmiðilinn Engadget.

### Vildi standa á eigin fótum

Pratik er fæddur árið 1977 og var 22 ára þegar hann kom hingað til lands árið 1999.

„Eins og allir Indverjar vildi ég reyna fyrir mér í Bandaríkjunum. Foreldrar mínir áttu nokkrar verksmiðjur í Nýju-Delí og hjá þeim starfa 150 manns. Mig skorti ekkert og ég þurfti ekki að fara. En eftir háskólanám í verkfræði langaði mig ekki til að vinna fyrir föður minn og framleiða íhluti fyrir bíla. Mér fannst menntunin nýtast á öðrum vettvangi og ákvað að reyna fyrir mér annars staðar,“ segir Pratik, sem skráði sig í skiptinemaprógramm sem átti að gera honum kleift að velja úr nokkrum löndum. Þegar hingað var komið bauðst honum að vinna hjá tölvufyrirtækinu Oz, sem í kringum síðustu aldamót var eitt af óskabörnum þjóðarinnar í tæknigeiranum.

„Oz heillaði mig og vefsíða fyrirtækisins leit mjög vel út. Þá bauð nýlegur samningur þess við farsímafyrirtækið Ericsson upp á marga möguleika. Svo langaði mig til að vinna hjá litlu en öflugu fyrirtæki, læra af reynslunni og upplifa eitthvað ævintýralegt,“ segir Pratik og rifjar upp að hann hafi ekki viljað fá lán hjá foreldrum sínum til að koma undir sig fótunum heldur kosið að nota sparifé sitt, sem var tvö til þrjú hundruð þúsund krónur.

Um fjórum mánuðum eftir að Pratik steig fyrst niður fæti á íslenska grund var útlit fyrir að verkefnið sem hann fékk í hendur hjá Oz væri að fara út um þúfur. Hann sneri því aftur heim til foreldrahúsa. En það var stutt viðdvöl því stjórnendur Oz kölluðu hann aftur til starfa nokkrum vikum síðar til að taka upp þráðinn að nýju. Þar var hann í eitt og hálft ár.

Heldur hefur teygst á dvöl Pratiks. Hann hefur nú fengið út inverskum ríkisborgararétti sínum fyrir íslenskan og eignast fjölskyldu; eiginkonu og fimm börn.

„Bandaríkin heilla ekki lengur,“ segir hann.

### Gerðu það sem þú vilt

Á síðasta ári var Pratik í góðu starfi hjá Arion banka sem skilaði honum reglulegum og góðum tekjum á íslenskan mælikvarða. Hann undi sér hins vegar ekki og vildi prófa að vinna að hugðarefnum sínum, sem hann taldi geta gefið betur af sér en bankinn greiddi. Það hefur gengið eftir og það án þess að hann hafi fengið nokkurn styrk, að eigin sögn.

„Bankar greiða há laun. En það sem ég aflaði á mánuði hjá bankanum gat ég fengið á einum degi með því að vinna hjá sjálfum mér,“ segir Pratik, sem vinnur einn á skrifstofu í Kópavogi. Hann greiðir verktökum fyrir það sem hann hvorki kann nógu vel né getur sinnt sökum tímaskorts. Einn þeirra býr til táknmyndir (e. icon) fyrir hugbúnað App Dynamic. Hann býr til myndirnar sem birtast netverjum í hvert sinn sem þeir leita svara við öllum heimsins vandamálum hjá bandaríska netleitarrisanum Google.

„Um leið og maður gerir sér grein fyrir möguleikunum sem felast í því að búa til hugbúnað fyrir forritaverslun Apple verður ekki aftur snúið. Þeir eru ótrúlegir. Ef allt gengur eftir þrefalda ég tekjur mínar í september,“ segir hann.

### Vill hjálpa öðrum

Pratik vill hjálpa þeim sem vilja feta í fótspor hans og verða sínir eigin herrar.

„Ég kann þetta og mig langar til að hjálpa fólki sem vill gera eitthvað þessu líkt. Ef einhverjir hafa áhuga á því að koma hugbúnaði sínum í sölu hjá Apple get ég hjálpað þeim. Það er ekki nóg að láta sig dreyma um að búa til tölvuleiki. Það verður að komast yfir það og búa til hluti sem markaðinn vantar. Ef forritinu gengur vel og neytendur kaupa það í einhverjum mæli má hagnast verulega á því,“ segir Pratik, sem ver næstum öllum sínum tíma við vinnuna.

En hvað þarf til? „Hæfileika, þekkingu og góða og skilningsríka konu,“ eru lokaorð Pratiks Kumar.

> Bankar greiða há laun. En það sem ég aflaði á mánuði hjá bankanum gat ég fengið á einum degi með því að vinna hjá sjálfum mér

## Nokkur forrit Pratiks sem Apple selur

**AirFrame**
Forritið gerir þeim sem eiga handheldan tækjabúnað frá Apple kleift að streyma myndefni úr tækjunum í gegnum Apple TV og birta það í háskerpusjónvarpi.

**AirServer**
Þetta forrit gerir fólki kleift að streyma myndefni úr handheldum tækjum Apple í tölvubúnað frá Apple. Þar á meðal breytir það Mac Mini í eins konar flakkara.

**Remote HD**
Með Remote HD er hægt að breyta handheldu Apple-tæki í fjarvinnslubúnað.

**Tunes**
Með Tunes má nota nettengd tæki Apple til að fjarstýra iTunes-forritinu í borð- og fartölvum.




**DÆMI UM STREYMI Á MYNDEFNI** AirFrame gerir fólki kleift að spila myndefni í einu nettengjanlegu tæki frá Apple, svo sem iPad, og sýna það í háskerpusjónvarpi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Tracker Pro**
Tracker Pro gerir þeim sem týnir iPhone-símanum sínum kleift að finna hann aftur fyrir tilstilli GPS-tækninnar. Þá má jafnframt nota forritið til að fylgjast með staðsetningu fólks.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is



# Sevilla í vor

## Tvær spennandi ferðir 5. - 8. maí og 6. - 9. maí.

### Einstakt verð

Sevilla er höfuðborg Andalúsíu á Suður-Spáni. Þróttmikil og lifandi borg með sjarmerandi göngugötum, tapas-börum, iðandi mannlífi og flottum verslunum.

**Verð frá 49.900 kr.***

**og 15.000 Vildarpunktar**

Innifalið: Flug fram og til baka með sköttum.

*Verð án Vildarpunkta 59.900 kr.

### Gistimöguleikar

frá 8.650 kr. nóttin

Bjóðum upp á úrval gistimöguleika.

Nóttin frá 8.650 kr. á mann í tvíbýli á Hotel Alcora Sevilla 6. - 9 maí. Fleiri hótel eru einnig í boði.

Sjá nánar á www.VITA.is

**Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur.**

Hjá VITA eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins. Auk þess getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum.

Vildarklúbbur

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA er lífið

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 54691 04/11

# tímamót

timamot@frettabladid.is



85 **ELÍSABET II.** Englandsdrottning er 85 ára í dag.

*„Að elska kostar sorg.“*

## MERKISATBURÐIR

**1910** Rithöfundurinn Mark Twain deyr, 74 ára að aldri.

**1965** Lög um útgáfu nafnskírteina, til einstaklinga 12 ára og eldri, eru staðfest. Um leið eru nafnnúmer tekin upp.

**1971** Fyrstu handritin koma til landsins frá Danmörku, Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða. Herskipið Vædderen flytur handritin hingað til lands.

**1977** Söngleikurinn Annie er sýndur í fyrsta skipti á Broadway.

**1989** Um 100 þúsund kínverskir mótmælendur safnast saman á Torgi hins himneska friðar í Peking í Kína.

# Styrkja Vatnaskóg með kaffisölu

Kaffisala Skógarmanna í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg verður haldin í dag frá klukkan 14 til 18. Kaffisalan er til styrktar sumarbúðunum í Vatnaskógi sem Skógarmenn hafa starfrækt síðan 1923.

Framkvæmdir við nýjan svefn- og þjónustuskála standa nú yfir, húsið er fullbúið að utan og vinna við innréttingar er fram undan.

Þess má geta að skráning í sumarflokka Vatnaskógar stendur nú yfir og hægt er að skrá sig á netinu á www.kfum.is. - sg



**KRÆSINGAR** Kaffisala Skógarmanna verður við Holtaveg í dag.




†

*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Stefáns H. Jónssonar**

Hjúkrunarheimilinu Mörk,
áður Hraunbæ 103, Reykjavík.

Útförin fór fram 19. apríl í kyrrþey.

**Kristín Stefánsdóttir** — **Valur Oddsson**
**Sigurjón Stefánsson** — **Hjördís Anna Hall**
**Haraldur Stefánsson** — **Erla Ingimarsdóttir**
**Sigríður Stefánsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**





*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför bróður okkar,*

**Halldórs Björnssonar**

Hátúni 10b.

Sérstaklega viljum við þakka Guðrúnu Blöndal hjúkrunarfræðingi og öðru starfsfólki á deild 28 í Hátúni fyrir alla þá aðstoð og stuðning sem þau veittu Halldóri í veikindum hans.

**Áslaug Björnsdóttir**
**Guðrún Björnsdóttir**
**Páll Björnsson**
**Guðmundur Björnsson**
**Hafliði Björnsson**
**Björn Björnsson**
**Þorfinnur Björnsson**
**Brynhildur Björnsdóttir**
**Böðvar Björnsson**
**og fjölskyldur**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**ÞETTA GERÐIST: 21. APRÍL 1989**

## *Nýtt kvennafangelsi tekið í notkun*



Á þessum degi árið 1989 var nýtt kvennafangelsi tekið í notkun í Kópavogi, að Kópavogsbraut 17, með formlegri opnun þáverandi dómsmálaráðherra, Halldórs Ásgrímssonar.

Húsnæðið hýsti áður upptökuheimili fyrir unglinga en með breytingunni átti það að rúma tíu fanga í byrjun. Það átti að reka sem nokkurs konar „hálfopið“ fangelsi, að því er Haraldur Johannessen, þáverandi forstjóri Fangelsismálastofnunar, sagði í viðtali daginn sem það var opnað. Að hans sögn átti fangelsið að vista alla kvenfanga, sama hvort þeir væru að afplána langa vist eða stutta. Auk þess átti fangelsið að vista „valda“ karlfanga sem stunduðu vinnu eða nám samhliða afplánun.

Í tilefni af opnuninni hélt Halldór Ásgrímsson ræðu þar sem hann sagði meðal annars fangelsismál vera í ólestri en aðbúnaður og húsnæði væri mönnum ekki bjóðandi, hvorki í fangelsinu í Síðumúla né við Skólavörðustíg. Stefnan væri að leggja niður þau fangelsi sem hefðu verið í notkun og bæta aðbúnað fanga.



**STÍFAR ÆFINGAR** Leikarar í Sólheimaleikhúsinu hafa þessa vikuna verið við æfingar frá morgni til kvölds.

**LEIKFÉLAG SÓLHEIMA 80 ÁRA:** FRUMSÝNING Á SUMARDAGINN FYRSTA

# Árviss hefð margra að mæta á frumsýningu í Sólheimum

Leikfélag Sólheima fagnar 80 ára starfsafmæli í ár en leikfélaginu var hleypt af stokkunum aðeins ári eftir að Sólheimar sjálfir voru stofnaðir. Leikfélagið er því eitt elsta starfandi áhugamannaleikfélag á landinu. Árviss frumsýning Sólheimaleikfélagsins ber upp á sumardaginn fyrsta, líkt og venjan er, og hefst í dag klukkan 15.

„Fyrsta sýning Sólheimaleikhússins á sumardaginn fyrsta er alltaf mjög vinsæl og margir vinir Sólheima sem hafa gert það að hefð að mæta ár eftir ár og eru því orðnir fastagestir hjá okkur,“ segir Katrín Magnúsdóttir, forstöðumaður Sesseljuhúss, umhverfisseturs Sólheima.

Verkið sem sýnt er í ár er samið sérstaklega fyrir Sólheima og kallast Verndarenglar. Höfundur þess, Þórný Björk Jakobsdóttir, er jafnframt leikstjóri hópsins. Í verkinu koma ýmsar furðuverur við sögu, svo sem álfar, tröll og huldufólk, ásamt verndarenglum. Lárus Sigurðsson, starfsmaður Sólheima, samdi tónlist við verkið. Sýningar verða alls fimm og síðasta sýning er sunnudaginn 1. maí. Til að panta miða er hægt að hringja í síma 847 5323.

„Verkið sjálft er fullt af söng og gleði og er ætlað öllum aldurshópum. Leikarar í verkinu eru sjálfir á öllum aldri, yngsti leikarinn er átta ára og sá elsti er 69 ára en meðlimir leikfélagsins eru íbúar Sólheima, bæði ófatlaðir og fatlaðir, og það má eiginlega segja að nær allir íbúar Sólheima séu eða hafi verið í leikfélaginu,“ segir Katrín. „Sumir eru alltaf með, aðrir stundum, en það eru um fjörutíu manns sem taka þátt í leiksýningu ár hvert.“

Æfingar á verkinu hófust strax eftir áramót og síðustu daga hefur verkið verið æft frá morgni til kvölds. „Lykilatriðið á Sólheimum er að allir hafa sitt hlutverk, hver og einn skiptir máli. Það er eins með leikfélagið – þar er hver einstaklingur mikilvægur í verkinu og hlutverkin eru þannig úr garði gerð að þau miðast út frá styrkleika hvers og eins þátttakenda. Þannig að aldrei eru gerðar meiri kröfur en við vitum að hver og einn getur uppfyllt. Leikgleðin er því alltaf til staðar og smitar út frá sér.“ **juliam@frettabladid.is**

# Sigur lífsins

Árleg páskahátíð á Kirkjubæjarklaustri ber yfirheitið Sigur lífsins og stendur yfir til 25. apríl. Fléttað er saman fræðslu um Skaftáreldana 1783, útivist á söguslóðum og helgihaldi páskahátíðarinnar.

Meðal dagskrárliða má nefna umfjöllun um séra Jón Steingrímsson eldklerk á skírdag, eldmessugöngu sama dag þar sem gengið er frá Minningarkapellu Jóns Steingrímssonar vestur að Systrastapa. Kórsöngur og tónleikar með Lummósveit lýðveldisins verða á laugardaginn. Á páskadag verður páskamessa við sólarupprás klukkan 5.

Nánari dagskrá má finna á www.klaustur.is



**HÁTÍÐARHÖLD** Sigur lífsins, árleg páskahátíð á Kirkjubæjarklaustri, stendur yfir til 25. apríl.



**Skartgripir** Konur nota mun frekar skartgripi en karlmenn. Upphaflega voru það þó karlmenn sem skreyttu sig með gulli og glingri til að sýna stöðu sína í samfélaginu.

Fermingartilboð




Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is

VIÐ LEGGJUM METNAÐ OKKAR Í AÐ BJÓÐA UPP Á SKÓFATNAÐ ÞAR SEM ÞÆGINDI OG FALLEG HÖNNUN FARA SAMAN!

KOMDU OG LÁTTU FÆTUR ÞÍNA NJÓTA ÞESS BESTA.



hjá Hafnhildi

KENNEL & SCHMENGER SCHUHMANUFAKTUR

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI FRÓÐLEIKUR

Meiri Vísir.

vísir

Sigríður María Sigurjónsdóttir er útskriftarnemi úr fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands.



# Kvenleg dramatísk snið

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Útskriftarsýning fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands fer fram í Hafnarhúsinu í kvöld en ein þeirra sem sýnir verk sín þar er Sigríður María Sigurjónsdóttir, eða Sigga Mæja eins og hún kallar sig. Hún segist sækja innblástur í málverk eftir ítalska listmálarann Alberto Abate sem hefur verið einn af leiðandi listamönnum í hinum svokallaða anakrónsima, eða tímaskekkjustíl. „Málverk hans eru svolítið eins og þau eigi ekki heima í nútímanum. Hugmyndin var að taka viðkvæm, falleg efni og rústa þeim á ákveðinn hátt,“ segir Sigga Mæja.

Sigga Mæja vinnur mestmegnis út frá textíl. Litar efnin sjálf og vinnur þau á mismunandi hátt til að ná fram ólíkum eiginleikum. „Ég nota mestmegnis silki og flauel og er einnig í samstarfi við Loðskinn, sútunarverksmiðju á Sauðárkróki, sem styrkir mig um hreindýra- og mokkaskinn sem þeir lita líka fyrir mig. Sniðin eru mjög kvenleg og dramatísk, síðir kjólar, útvíðar buxur og allt mjög sítt og flæðandi,“ segir Sigga Mæja og bætir við að hönnunin sé svolítið í anda 10. áratugar síðustu aldar.

Sjötíu og fjórir útskriftarnemendur í hönnunar- og myndlistardeild Listaháskólans sýna verk sín í Hafnarhúsinu næstu þrjár vikur, þar á meðal níu nemendur úr fatahönnun. *juliam@frettabladid.is*

Fermingartilboð

NÝTT 12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Gerið GÆÐA- og verðsamanburð



10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum



SAGA
Stærð 120x200 Verð 109.900 kr.



IQ-CARE
Stærð 120x200 Verð 164.900 kr.

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**Símunstraðir blómakjólar** eru alltaf sætir og er um að gera að taka forskot á sumarsæluna og mæta blómleg í páskaboðin.


**Augnháralitur og augnbrúnalitur**
**Tana® Cosmetics**



**Plokkari með ljósi**



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR


# Stjórna lífsstílsþætti í LA

**StyleVid er nýr þáttur þar sem fjallað verður um útlit og tísku í Los Angeles. Þáttastjórnendurnir eru tvær íslenskar stúlkur sem stunda nám í fatahönnun og framleiðslu og markaðssetningu á snyrtivörum í LA.**

StyleVid, nýr lífsstílsþáttur á netinu í umsjá Þórunnar Ívarsdóttur og Hildar Ársælsdóttur, fer í loftið á næstu vikum. Þórunn og Hildur stunda báðar nám í Los Angeles, við The Fashion Institute of Design and Merchandising og eru í starfsnámi hjá fjölmiðlafyrirtækinu Looking Hollywood. Þar höfðu þær búið til efni fyrir iPhone app og vefsíðu fyrirtækisins, þegar framkvæmdastjórinn, Thomas Tadayon, bauð þeim að búa til „online“ sjónvarpsþátt.

„Við slógum auðvitað til og höfum unnið nótt sem nýtan dag við að búa til efni og taka upp. Þátturinn mun fjalla um allt milli himins og jarðar en mest um tísku, útlit og lífsstíl,“ segir Þórunn. „Þetta starfsnám snýst ekki um að sækja kaffi handa yfirmanninum, það er frekar hann sem eldar fyrir okkur,“ bætir hún við hlæjandi og segir þær Hildi heppnar að fá að vinna með atvinnufólki í bransanum. „Thomas stofnaði snyrtivörufyrirtækið The Hollywood Prescription, sem Paris Hilton var andlit fyrir, og í dag býr hann til sjónvarpsþætti. Við fáum einnig að vinna með fyrirtækinu One Stop en það er með samninga við merki á borð við Christian Louboutin, Nicole Miller, J Brand Jeans, Rachel Pally og fleiri. Hjá þeim fáum við fatnað, skó og skartgripi fyrir hverja einustu töku. Þetta var ekki eitthvað sem við ætluðum okkur, ég er að læra fatahönnun og Hildur að hanna og markaðssetja snyrtivörur, en svona tækifæri er ekki hægt að sleppa.“



Þórunn Ívarsdóttir og Hildur Ársælsdóttir stjórna eigin lífsstílsþætti í Los Angeles.
MYND/ÞORSTEINN JÓNAS SIGURBJÖRNSSON

Við þáttagerðina hafa stelpurnar fengið til liðs við sig fleiri Íslendinga og verður öll grafík unnin af Pétri Erni Péturssyni og ljósmyndirnar tekur Þorsteinn Jónas Sigurbjörnsson. Þegar kom að því að velja tónlist í þáttinn ákváðu þær einnig að hafa hana íslenska. „Það kom ýmislegt til greina en við ákváðum að hafa tónlist með Steedlord, við erum báðar miklir aðdáendur.“

Þáttinn verður hægt að nálgast á heimasíðunni, www.stylevid.com en hún verður beintengd við YoutubeChannel. Þar verður einnig hægt að gerast áskrifandi að efni Stylevid. En þekktust þær eitthvað áður?

„Nei, ekki neitt. Við fundumst á Facebook og fórum á blint sushideit hér í borginni. Eftir það höfum við verið óaðskiljanlegar,“ segir Þórunn en þeim hefur báðum verið boðið fast starf hjá Looking Hollywood, eftir að námi lýkur. „Við setjumst hér að í bili. Los Angeles er full af tækifærum og heldur ekki leiðinlegt að baða sig úti í sólinni á frídögum.“ *heida@frettabladid.is*


**Opið alla Páskana nema Páskadag**

**Álnavörubúðin Hveragerði sími 483-4517**

**Full búð af nýjum vörum**



MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

**Páskablóm í úrvali**



Blóm gera kraftaverk
íslensk blóm

# Gleðin og sorgin togast á

**Páskar eru mesta hátíð kristninnar um allan heim. Sr. Kristján Valur Ingólfsson segir páskatímann einkennast bæði af gleði og sorg, og sé holl áminning fyrir okkur í daglegu lífi.**



Altaristaflan eftir Nínu Tryggvadóttur í Skálholtskirkju. MYND/ ÁRNI SVANUR DANÍELSSON

„Kristnin hefur alltaf litið á vikuna fyrir páska sem heilaga viku. Páskarnir verða enda ekki skildir frá aðdraganda þeirra í dymbilvikunni. Atburðarásin hefst á pálmasunnudegi þegar Jesús kemur til Jerúsalem og er fagnað innilega af íbúum og nær hámarki á páskadag," segir Kristján Valur. Hann segir merkilegt til þess að hugsa að sama fólk sem fagnað hafi Kristi geti nokkrum dögum síðar hafa hrópað, „krossfestið hann".



Séra Kristján Valur Ingólfsson.

Fyrsti hápunktur dymbilvikunnar er skírdagur. „Þá kallaði Jesús saman sína nánustu fylgismenn og átti með þeim kveðjumáltíð," segir Kristján Valur, og þar gaf Jesús lærisveinum sínum ákveðna fyrirmynd með því að taka að sér hlutverk þjónsins og þvo fætur gesta sinna. „Boðskapurinn í því er, að sá er mestur sem þjónar öðrum," útskýrir hann. Síðasta kvöldmáltíðin boðar einnig að við minnumst þess sem Jesús gerði fyrir okkur í hvert sinn sem við neytum þeirrar máltíðar saman í kirkjunni. Þá er hún líka áminning fyrir okkur sem freistumst til að grípa í bita og borða fyrir framan sjónvarpið að gleyma ekki að halda í borðsamfélagið í fjölskyldunni."

Meðan á kveðjumáltíðinni stóð vissi Júdas að farið yrði út í garð eftir hana eins og venja var. Hann hafði látið æðstu prestana vita svo þeir gætu tekið Jesú höndum og fékk að launum hina frægu 30 silfurpeninga. „Á páskunum togast því á gleðin og sorgin. Þeir hefjast með mikilli gleði á pálmasunnudag og gleðin er einnig til staðar í síðustu kvöldmáltíðinni. Síðan kemur sorgin með svikum Júdasar, handtöku Jesú, dómi og krossfestingu," segir Kristján Valur.

Sorgin nær hámarki á föstudaginn langa þegar æðstu prestarnir ákæra Jesú fyrir guðlast og landráð fyrir rómverska landstjóranum Pontíusi Pílatusi og hann er tekinn af lífi fyrir þær sakir. „Þannig er ytri skilningurinn á ástæðum krossfestingarinnar, en í innri skilningi trúarinnar er Jesús fæddur í þennan heim til að taka á sig öll afbrot mannanna og deyja fyrir þau á krossinum," segir Kristján Valur og útskýrir nánar: „Það sem kemur í veg fyrir að við getum öðlast eilíft líf er það sem við gerum af okkur á jörðu. Jesús tók á sig þessar syndir svo við gætum lifað fyrir hann." Sú mikla sorg sem einkennir föstudaginn langa er því ekki aðeins vegna dauða Jesú heldur vegna þess að mannkynið varð þess valdandi að hann þurfti að deyja, að sögn Kristjáns Vals.

„Miklu skiptir að við hugsum þetta á þennan hátt, því í gegnum tíðina hefur mönnum þótt auðvelt að varpa ábyrgðinni sérstaklega á gyðinga."

Hinn helga laugardag þegar Kristur dvelur í gröfinni bíða menn þess sem verða vill en síðan kemur páskadagur með mikilli gleði.

Þar sem þetta var mikill hátíðisdagur samkvæmt gyðingatrú mátti ekki vinna eftir sólarlag. Konurnar fóru því í bítið um morguninn til að ganga almennilega frá líkinu eins og var venja. Vörður hafði verið settur við gröfina þar sem menn óttuðust að fylgismenn Jesú myndu ræna líkinu og ljúga því að hann væri upprisinn. En þegar konurnar bar að var búið að velta stórum steini frá gröfinni og Jesú var ekki í gröfinni. „María Magdalena stóð grátandi við gröfina þegar kom til hennar maður sem reyndist vera Jesús upprisinn. Konurnar hlupu til baka og sögðu frá þessu," segir Kristján Valur. Og hver er boðskapurinn? „Hann er sá að við sem trúum á Guð og treystum á það samfélag sem við eigum við hann munum ekki deyja heldur rísa upp með Jesú Kristi og lifa með honum að eilífu."




„Ég heyri ekki fuglana syngja, sé ekki fegurð morgunroðans, treysti ekki lífinu. Þá koma páskarnir eins og kallaðir." www.trú.is


Hin fagra kirkja á Seyðisfirði.


Glaumbæjarkirkja í Skagafirði.

# Yfir þrjú hundruð kirkjur

**Kirkjur á Íslandi eru æði margar og fjölbreyttar. Allt frá ævagömlum torfkirkjum upp í nútímaleg guðshús úr steinsteypu.**

Á Vísindavefnum eru teknar saman tölur yfir fjölda kirkna á landinu. Þar segir að skráðar kirkjur, kapellur og guðshús séu 362 talsins. Árið 2004 vann Ásta Margrét Guðmundsdóttir kirknaskrá fyrir Þjóðkirkjuna. Þá voru kirkjur Þjóðkirkjunnar, gamlar og nýjar, 322 talsins.

Á vefsíðunni kirkjukort.net má finna upplýsingar um allar kirkjur á landinu.


Brunnhólskirkja á Mýrum í Skaftafellsprófastsdæmi.


Hin nútímalega kirkja í Stykkishólmi.

HALLGRÍMSKIRKJA
DYMBILVIKA OG PÁSKAR 2011

21. apríl Skírdagur
**Kl. 11 Skátamessa á sumardaginn fyrsta.**
**Kl. 17 Söngvahátíð barnanna**. Stór barnakór, karlaraddir, hljómsveit skipuð framúrskarandi djasstónlistarmönnum ásamt söngvaranum Agli Ólafssyni o.fl. flytja sálma og lofsöngva frá ýmsum heimshornum. Stjórnandi: Tómas Guðni Eggertsson. Kynnir: Sr. Kristján Valur Ingólfssson. **Aðgangur ókeypis.**
**Kl. 20 Kvöldmessa -Getsemanestund**
Afskrýðing altaris og Pelíkanklæði Unnar Pálsdóttur sett upp fyrir föstudaginn langa. Sr. Birgir Ásgeirsson og sr. Kristján Valur Ingólfsson, Hörður Áskelsson og Mótettukórinn.
**Kl. 23 Hallgrímur Pétursson-Miðnæturtónleikar**
Flytjandur: Kirstín Erna Blöndal sópran, Gunnar Gunnarsson orgel og Matthías Hemstock slagverk. **Aðgangseyrir 2.000 kr.**

22. apríl Föstudagurinn langi
**Kl 11 Guðsþjónusta** á föstudaginn langa. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur. Björn Steinar Sólbergsson leikur á orgel. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson.
**Kl. 13-18 Passíusálmar Hallgríms Péturssonar** fluttir af hópi íslenskukennara, umsjón: Baldur Sigurðsson.
Söngkonurnar Magnea Tómasdóttir og Kristín Sigurðardóttir syngja upphafs-vers hvers sálms við íslensk þjóðlög úr safni Smára Ólasonar.
Orgelleikarar: Björn Steinar Sólbergsson, Guðmundur Sigurðsson, Hörður Áskelsson og Smári Ólason. **Aðgangur ókeypis.**
**Kl. 20 Gesualdo og Schola cantorum**
Félagar úr Schola cantorum flytja 10 Responsoriae, hrífandi sex radda mótettur um pínu og dauða Jesú, eftir ítalska endurreisnartónskáldið Carlo Gesualdo de Venosa. sem með tónlist sinni túlkaði krossfestinguna á afar áhrifamikinn hátt. Stjórnandi Hörður Áskelsson. Upplestur: Halldór Hauksson. **Aðgangseyrir 2.500 kr.**




Páskadagur 24. apríl
**Kl. 8 Guðsþjónusta á páskadagsmorgun.**
Mótettukór Hallgrímskirkju flytur páskatónlist, stjórnandi Hörður Áskelsson, organisti Björn Steinar Sólbergsson, Sr. Birgir Ásgeirsson.
**Kl. 11 Hátíðarmessa á páskadagsmorgun**. Mótettukór Hallgríms-kirkju flytur páskatónlist, stjórnandi Hörður Áskelsson, organisti Björn Steinar Sólbergsson. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson og sr. Birgir Ásgeirsson.
**Kl. 14 Ensk messa á páskadag**
Sr. Bjarni Þór Bjarnason



Annar í páskum 25. apríl
Kl. **11 Fermingarmessa**



www.hallgrimskirkja.is www.listvinafelag.is

**● TÍMASETNING PÁSKANNA** Páskarnir eru ávallt á mismunandi tíma á hverju ári. Ástæðan fyrir því er að í Nýja testamentinu eru atburðir sem tengjast páskum miðaðir við samnefnda hátíð gyðinga. Í tímatali gyðinga er notast við tunglár sem gerir það að verkum að tiltekinn dagur getur færst á milli mánaða í okkar tímatali.

Reglan er sú að páskadagur er fyrsti sunnudagur eftir fyrsta fulla tungl frá og með 21. mars. Þetta verður til þess að páskadagur getur í fyrsta lagi fallið á 22. mars og í síðasta lagi á 25. apríl eða einhvern dag þar á milli.

Hin síðari ár hafa sumir haft orð á því að festa beri páskana betur í almanakið. Páskadagur yrði ávallt á sunnudegi en myndi aðeins hreyfast til um viku í mesta lagi, svipað og sumardagurinn fyrsti gerir í tímatali Íslendinga. Hugmynd hefur verið uppi um að páskadagur ætti að vera í annarri viku aprílmánaðar.



**● Í TÁRINU MIÐJU** Í tárinu miðju er yfirskrift dagskrár, sem haldin verður í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Er yfirskriftin sótt í eitt ljóða Ísaks Harðarsonar, en hann mun einmitt leggja dagskránni lið með ljóðalestri. Þá mun Sigurður Skúlason leikari lesa Passíusálmana í heild sinni á föstudaginn langa en lesturinn hefst klukkan 13.30, og á páskadag verður frumflutt nýtt tónverk eftir Báru Grímsdóttur tónskáld, sem hún samdi sérstaklega fyrir Kór Saurbæjarprestakalls við upprisuljóð eftir Hallgrím Pétursson. Ber það heitið Hjartað fagnar og er samið fyrir blandaðan kór og orgel.

Í tárinu miðju hefst í dag klukkan 14 með tónleikum. Klukkan 17 eru tónleikar Kórs Saurbæjarprestakalls og klukkan 20.30 flytur Ísak Harðarson ljóð við undirleik Gunnars Kvaran sellóleikara og Hauks Guðlaugssonar organista.

Á páskadag verður hátíðarmessa klukkan 11 í Hallgrímskirkju í Saurbæ.



**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 og Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is s. 512 5447.



Þörfin fyrir innanlandsaðstoð hefur aukist gríðarlega, að sögn Önnu Ólafsdóttur, verkefnastjóra hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. MYND: ANTON

# Safna nú eingöngu fyrir innanlandsaðstoð

„Við erum einmitt með páskasöfnun núna vegna þeirra breytinga sem standa fyrir dyrum í innanlandsaðstoðinni,“ segir Anna Ólafsdóttir, verkefnastjóri hjá Hjálparstarfi kirkjunnar, innt eftir því hvað sé efst á baugi í því starfi núna. „Reyndar höfðum við aldrei safnað fyrir innanlandsaðstoð fyrr en eftir hrunið og fyrst á eftir deildum við því þannig að féð sem safnaðist skiptist til helminga á milli innanlandsaðstoðar og erlendra verkefna, en nú er sem sagt í gangi fyrsta söfnunin sem er eingöngu fyrir innanlandsstarfið.“

Söfnunin fer þannig fram að valgreiðsla birtist í heimabönkum landsmanna, nema þeirra sem eru eldri en 65 ára, þeir fá heimsenda gíróseðla. Anna segir þörfina fyrir aðstoð innanlands hafa aukist gríðarlega. „Frá og með 1. maí verður aðstoðin í formi inneignarkorta í stað matarpokanna áður. Jafnframt verður sú breyting á að hvað varðar mataraðstoðina munum við eingöngu sinna barnafjölskyldum þannig að einstaklingum sem leita eftir mataraðstoð er vísað annað varðandi það. Öll önnur aðstoð sem við veitum stendur öllum til boða.“

Hjálparstarfið hefur auk þess til sölu fermingargjafabréf sem einnig er hægt að kaupa á vefsíðunni gjöfsemgefur.is. „Annars vegar er um að ræða fermingarskeyti í hefðbundnum stíl,“ segir Anna. „Og fyrir þá kveðju fást fjórar hænur sem jafnaldri fermingarbarnsins í einhverju þróunarlandi fær. Fólk kaupir bara skeytið og þarf ekkert að gera meira, en andvirðið fer til að kaupa hænur fyrir munaðarlaus börn sem fá þá egg í matinn, sem breytir mjög miklu upp á mataræði þeirra. Hins vegar eru dýrari gjafabréf, upp á fimm þúsund krónur, og rennur andvirði þeirra til frekari stuðnings við munaðarlaus börn í þeim löndum sem hjálparstarfið nær til.“

*- fsb*



**● LITUR PÁSKANNA** Litir kirkjuársins eru hvítur, rauður, fjólublár, grænn og svartur. Hvíti liturinn (stundum líka gylltur) er notaður á stórhátíðum á borð við jól og páska. Jólatíminn nær til þrettándans en páskatíminn nær til hvítasunnu.

Litur hvítasunnunnar er rauður sem er litur heilags anda. Fjólublár er litur föstu og iðrunar og klæðast prestar fjólubláu á aðventunni og sjö vikum fyrir páska.

Grænn er litur sumarsins og sunnudaganna eftir hvítasunnu. Svartur litur er einungis notaður á föstudaginn langa og svo við útfarir.



Í Dómkirkjunni er vel tekið á móti öllum. Hér er samankominn hópur sem hittist í hádegisverði að lokinni bænastund í vikunni. MYND/STEFÁN

# Vel tekið á móti öllum

Páskarnir eru stærsta hátíð kristninnar. Af því tilefni er hvarvetna talsverður viðbúnaður í kirkjum landsins. Dómkirkjan býður til helgihalds samkvæmt venju.

„Dómkirkjan er langelsta kirkjan hér í Reykjavík. Í 215. sinn er gengið til helgihalds dymbilvikunnar og páskanna innan veggja hennar. Stór hluti heimsins minnist atburðanna árlega og svo hefur verið á Íslandi í rúm 1000 ár. Þarna eru dimmustu skuggarnir sem föstudagurinn langi tjáir og svo undrið mesta, upprisa Jesú á páskum. Það er stærsti dagurinn í hátíðarhaldi kristinna um allan heim,“ segir sr. Hjálmar Jónsson, sóknarprestur Dómkirkjunnar. „Víða eru altarisgöngur á skírdag og á föstudaginn langa er píslarsagan lesin og Passíusálmar sr. Hallgríms Péturssonar lesnir og sungnir. Í Dómkirkjunni eru tvær messur hvern þessara helgidaga.“

Séra Hjálmar segir vel tekið á móti öllum. Auk hefðbundins helgihalds er fitjað upp á fleiru. „Í hádeginu á þriðjudögum er fyrirbænastund. Við göngum svo yfir í safnaðarheimilið þar sem húsmóðirin, Dagbjört Óskarsdóttir, hefur undirbúið hollan og góðan málsverð. Sama dag er TTT-starfið, en skammstöfunin merkir „tíu til tólf“. Á fimmtudögum er opið hús fyrir eldra fólk í safnaðarheimilinu og öll fimmtudagskvöld Kvöldkirkja. Í vetur hefur Ólafur Elíasson píanóleikari leikið prelúdíur og fúgur eftir J.S. Bach á flygil. Undir stjórn Kára Þormar organista starfa við kirkjuna Dómkórinn og Kammerkór Dómkirkjunnar. Þá eru messur í Kolaportinu klukkan 14 síðasta sunnudag hvers mánaðar, en næsta Kolaportsmessa verður á annan í páskum klukkan 14. Þar hlýðir fólk á söng og leik Þorvalds Halldórssonar og tekur þátt í guðsþjónustunni.“ Sjá www.domkirkjan.is.

DÓMKIRKJAN Í REYKJAVÍK

## Messur um bænadaga og páska

### Skírdagur.

**Fermingarmessa kl. 11**
Sr. Hjálmar Jónsson. Dómkórinn syngur,organisti er Kári Þormar.
**Kvöldmessa kl. 20**
sr. Þórir Stephensen prédikar. Fyrir altari þjóna sr. Kjartan Örn Sigurbjörnsson og sr. Sveinbjörn Bjarnason auk sr. Hjálmars Jónssonar sóknarprests Einsöngvari er Einar Clausen.Organisti er Kári Þormar. Kammerkór Dómkirkjunnar syngur.

### Föstudagurinn langi.

**Guðsþjónusta kl. 11.**
Sr. Árni Svanur Daníelsson prédikar. Dómkórinn syngur, organisti er Kári Þormar.
**Krossferill Krists kl. 14.**
Lesarar, Einari Gottskálksson, Auður Garðarsdóttir, Ólöf Guðrún Helgadóttir auk sr. Hjálmars Jónssonar sóknarprests. Dómkórinn syngur, organisti er Kári Þormar.

### Páskadagur.

**Hátíðarguðsþjónusta kl. 8.**
Herra Karl Sigurbjörnsson biskup prédikar. Sr. Hjálmar Jónsson þjónar fyrir altari. Dómkórinn syngur, organisti er Kári Þormar
**Hátíðarmessa kl. 11**
sr. Árni Svanur Daníelsson prédikar,sr. Hjálmar Jónsson þjónar fyrir altari. Dómkórinn syngur,organisti er Kári Þormar

### 2. páskadagur

**Messa kl. 11**
sr. Hjálmar Jónsson prédikar. Dómkórinn syngur organisti er Kári Þormar.
**Messa kl. 14 í Kolaportinu.**
Sr. Hjálmar Jónsson prédikar og þjónar ásamt sr. Steinunni Arnþrúði Björnsdóttur. Þorvaldur Halldórsson syngur og leikur.


Fermingargjöf sem gefur

Fermingarskeyti eða gjafabréf frá Hjálparstarfi kirkjunnar er gjöf sem heldur áfram að gefa. Fermingarbarnið fær skeytið eða bréfið í hendurnar en andvirðið rennur til jafnaldra fermingarbarnsins sem býr við fátækt.

Sendu skeyti, það kostar 1.990 kr.
Eða gefðu fermingargjafabréf að upphæð 5.000 kr.

Þú færð skeytin og gjafabréfin á www.gjofsemgefur.is eða pantar þau á skrifstofunni okkar, 528 4400.
Þú prentar út, sækir til okkar – eða við sendum fyrir þig.
Einfalt og gleðilegt.



Óskalistinn minn:

Rúm
Myndavél
Svefnpoki
Ipod
Webcam
Handklæði
Teppi
Orðabók
Hálsmen
Svo væri gaman að fá pening og „Gjöf sem gefur“. Mig langar til að einhver sem er ekki eins heppinn og ég fái að njóta með mér.



Óskalistinn minn:

Við systkinin erum munaðarlaus. 1.990 kr. fermingarskeyti á Íslandi dugar fyrir 4 hænum. Þær gefa okkur fullt af eggjum. Eða við gætum fengið sparhlóðir. Þá færi ekki allur dagurinn í að leita að eldsneyti og við hefðum meiri tíma til að læra.

5.000 kr. gjafabréf á Íslandi myndi gefa okkur 2 geitur. Namm! Mjólk og kjöt, ekki lengur bara maísgrautur! Eða kannski reiðhjól. Þá kæmist ég á markað með uppskeruna okkar og við fengjum pening fyrir ýmsu sem okkur vantar.

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**CARGO** sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
*Þú leigir hann.*
Krefst ekki meiriprófs réttinda

**NOWO OTWARTY**
SKLEP Z
WEDLINAMI
Otwartyod
pon - piatek 10-18
Sobota 09-16
ZAPRASZAMY

**Ný opnuð**
búð með mörgum teg.
af pylsum
Opið
mán - föst 10-18
Laugardag 09-16
Verið velkomin

Pylsumeistarinn Hrísateigur 47 105 Reykjavík pylsumeistarinn.is

**PAKKASENDINGAR**
Reykjavík
Selfoss
Reykjavík
Selfoss
2 ferðir á dag
772 6010 www.netpartar.is
Opið alla daga kl. 8–18

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

*Trúin flytur fjöll við flytjum allt annað*
553 5050
Allir bílar með posa
SENDIBÍLASTÖÐIN H.F
Klettagarðar 1 // Sími: 553 5050 og 533 1000
www.sendibilastodin.is // stodin@sendibilastodin.is

**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

**Bekkjarparty - Afmælis veislur**
ÓKEYPIS SALUR! ÓDÝRAR FERMINGARVEISLUR!
Stúdíó 29
Laugavegur 101
Sími 511 3032 &
861 2319

B.S.VERKTAKAR
Málun bílastæða
Vélsópun
Malbiksviðgerðir
Bílastæðaskilti
Hellulagnir
5514000-www.verktak.is

GARÐÁLFARNIR
GARÐAÞJÓNUSTA
Trjáklippingar
Trjáfellingar
Sláttur
Heimapúttvellir
Fáið tilboð ykkur að kostnaðarlausu!
577 4444

**[ AIS Fyrir Báta og Skip ]**
AIS Class – A AIS Class – B AIS Class – B með skjá
Betri búnaður - Betra verð
Elcon ehf • sími 5529510 • elcon@simnet.is

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**Til leigu**
Bjóðum til leigu vel útbúnar hjólagröfur
með rototilt og ýmsum gerðum af skóflum
KRAFTVÉLALEIGAN
Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3570 / www.kraftvelaleigan.is

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

XPRENT -merkir allt!
Prentun, merkingar, filmur, frágangur ofl.
www.xprent.is - s.777 2700 - xprent@xprent.is

**DRÁTTARBEISLI**
Eigum dráttarbeisli
undir ýmsar gerðir
bifreiða á lager
BÍLASALA AKUREYRAR HF
FREYJUNESI 2 • 603 AKUREYRI
SÍMI 461 2533 • FAX 461 2543

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

**Til sölu vegna flutnings.**
Allt nýlegir hlutir svo sem tvöfalt gestarúm á kr. 18 þús. ljóst borðstofuborð stækkanlegt á kr. 20 þús. Nýr þrekþjálfi á 35 þús, Heimabío surround 800w. kr. 39 þús. King size dýna á kr. 25 þús. Svo og þvottavél þurrkari, ísskápur 200 cm og margt fl. Uppl. í síma 773-4800.

**Frábæru minimizer haldararnir sem Oprah mælir með komnir.**
Verð 7.990 kr. Litir svart og hvítt
st. 36C-40DDD
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

**Eftirlitsmyndavél fyrir sumarbústaði og heimili.**
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

**Framleiðum lok á heita potta og sérsaumum yfirbreyðslur úr segli**
Upplýsingar gefur
Svandís í síma
848-5077 eða
tjalda@simnet.is

**KREPPUMARKAÐUR**
Breiðumörk 25 í Hveragerði (við hliðina á apótekinu).
Bækur - Leikföng - Fatnaður
og margt fleira.
Heillegir og fallegir hlutir á kreppuverði
Opið þriðjudaga til föstudaga frá14.00 til 18:00.
Við styrkjum Hjálparsveitina í Hveragerði.

freud
Hjólsagarblöð
Skerping ehf.
Smiðjuvegi 11 200 Kópavogi Sími. 564 2488 Gul Gata

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

**Gabriel demparar í 40 ár**
Gabriel
GS varahlutir
Bildshöfða 14 • Rvk • S. 567 6744 • gsvarahlutir.is

DAKIN FLATHERS
Bandsagarblöð

**Alla fimmtudaga**
gunny@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is


HÚSGAGNAHÖLLIN
Páskatilboð
OPIÐ Í DAG, SKÍRDAG 13-17 OG LAUGARDAG 12-18
FYRIR FERMINGAR-BARNIÐ
30% AFSLÁTTUR
FULL BÚÐ AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM!
Gleðilega páska!
NOCTURNE 315
140 X 200 cm
m/25 mm svamp yfirdýnu
59.990
ÁÐUR: 89.980
NOCTURNE 320
140 X 200 cm
m/25 mm svamp yfirdýnu
74.990
ÁÐUR: 109.980
NOCTURNE 315 með þykkri yfirdýnu, 25 mm svampur, millistíf dýna. Frotte áklæði sem hægt er að þvo við 60 gráður. Tvöfalt gormakerfi. Efra kerfi inniheldur 114 Bonell gorma á m2. Neðra kerfi inniheldur 150 Bonell gorma á m2. Verð er án fóta.
NOCTURNE 320 með þykkri yfirdýnu, 25 mm svampur, millistíf dýna. Frotte áklæði sem hægt er að þvo við 60 gráður. Tvöfalt gormakerfi. Efra kerfi inniheldur 232 LFK gorma á m2. Neðra kerfi inniheldur 150 Bonell gorma á m2. Verð er án fóta.
8.990
ÁÐUR: 11.990
25% AFSLÁTTUR
INDI borðstofu-stóll, svartur.
6.990
ÁÐUR: 12.990
45% AFSLÁTTUR
LAXI borðstofustóll, lakkaður svartur eða hvítur.
SKENKUR 100.000 AFSLÁTTUR
SKOVBY skenkur, eik/sápa.
B:180 D:46,5 H:81 cm.
139.990
ÁÐUR: 239.990
3.990
ÁÐUR: 4.990
20% AFSLÁTTUR
FLEUR bakkaborð, hvítt eða rautt.
169.990
ÁÐUR: 259.990
30% AFSLÁTTUR
SKOVBY borðstofuborð, eik/hvítt.
B:100 L:183/275 H:74 cm.
30% AFSLÁTTUR
109.990
FULLT VERÐ: 159.980
LA-Z-BOY
STANLEY La-z-boy, fæst með hvítu, svörtu, dökk-brúnu og vínrauðu leðri. B:80 D:85 H:105 cm.
30% AFSLÁTTUR
79.990
FULLT VERÐ: 119.990
LA-Z-BOY
MORGAN La-z-boy, fæst með brúnu, grænu og vínrauðu áklæði. B:90 D:90 H:100 cm.
20% AFSLÁTTUR
63.990
FULLT VERÐ: 79.990
LA-Z-BOY
ANDERSON La-z-boy, fæst með brúnu áklæði. B:80 D:80 H:102 cm.
EXPO • www.expo.is
HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 OPIÐ: Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** hár aldur, **6.** guð, **8.** samhliða, **9.** spendýr, **11.** í röð, **12.** smyrsl, **14.** safna saman, **16.** org, **17.** léreft, **18.** arr, **20.** skóli, 21. klúryrði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** jurt, **3.** í röð, **4.** nennuleysi, **5.** svelg, **7.** fíflalæti, **10.** angan, **13.** kosning, **15.** þefja, **16.** þrá, **19.** leita að.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** elli, **6.** ra, **8.** með, **9.** api, **11.** tu, **12.** salvi, **14.** smala, **16.** óp, **17.** lin, **18.** sig, **20.** fg, **21.** klám.
**LÓÐRÉTT: 1.** gras, **3.** lm, **4.** letilíf, **5.** iðu, **7.** apaspil, **10.** ilm, **13.** val, **15.** anga, **16.** ósk, **19.** gá.


## Aðalfundur

DC 3 Þristavinafélagsins verður haldinn þriðjudaginn 3. maí n.k. kl. 17.30 í Flugröst við Nauthólsvík. Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

## Afgreiðslustarf

Álafoss Mosfellsbæ vill ráða tvær lífsglaðar mann-eskjur til starfa í verslun sína í Mosfellsbæ í sumar. Vinnutími er frá 09-18 alla virka daga og tilfallandi helgarvinna. Æskilegt væri að hún hafi kunnáttu í prjónaskap og einhverja tungumálakunnáttu.

**Umsóknir sendast á addi@alafoss.is fyrir 28. apríl.**

## ÚTBOÐ



## HJÚKRUNARHEIMILI SJÁLANDI

Garðabær, óskar eftir tilboðum í **uppsteypu og utanhússfrágang vegna byggingar á nýju hjúkrunarheimili og þjónustuseli** að Sjálandi í Garðabæ. Verkið nær til þess að gera húsið fullfrágengið að utan og tilbúið fyrir innréttingu að innan. Stærð hússins þegar það er fullbyggt er 6.031 m².

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Mót | 18.500 m² |
| Steypa | 2.700 m³ |
| Steypustyrktarstál | 180.000 kg |
| Álklæðning | 2.700 m² |
| Viðsnúið þak | 1.350 m² |

Verkinu skal vera lokið eigi síðar en **5. september 2012.**

Útboðsgögn verða afhent rafrænt á verkefnavef verksins. Lykilorð að útboðsgögnum veitir Sigurður Arnar Sigurðsson sími **848 5099**, netfang: sigurdur@thg.is. Einnig er hægt að fá gögnin afhent á geisladisk frá kl. **10.00 fimmtudaginn 27. apríl** nk. í þjónustuveri Garðabæjar.

Tilboð verða opnuð á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabær fimmtudaginn 19. maí nk. kl. 14.00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Tækni- og umhverfissvið


# Steypa

BAKÞANKAR Sigríðar Víðis Jónsdóttur



Reykjavík er malbik. Nær helmingur lands í borginni fer undir samgöngu-mannvirki. Ekki tíu prósent eða þrjátíu, held-ur tæp fimmtíu. Það er meira land en notað er undir byggð svæði. Byggingar fá 42%, bílar 48%.

**GOTT** og vel – við þurfum að komast á milli staða. En er sjálfsagt að allir geti alltaf lagt bílum sínum hvar sem er, hvenær sem er, einungis nokkra metra frá áfangastað – og það ókeypis? Það kallar auðvitað á steypu og enn meiri steypu, heilan hafsjó af bílastæð-um sem saman teppaleggja borgina. Yfir Reykjavík liggur þykkt steyputeppi með rándýrum „ókeypis“ stæðum.

**ÞVÍ** auðvitað er nákvæmlega ekkert ókeyp-is við þau. Öll gjaldfrjálsu bílastæðin við stofnanir, fyrirtæki, verslanir og fram-haldsskóla standa á rándýru landi og kosta formúu. Ekki er hins vegar rukkað gjald nema fyrir brotabrot af bílastæðunum á höfuðborgarsvæðinu: 99% stæðanna eru gjaldfrjáls.

**EITT** stæði þarfnast að minnsta kosti 12 fermetra af landi. Eiga skilyrðis-laust að vera á lausu 12 fermetrar af „ókeypis“ malbiki hvert sem mér dettur í hug að aka bílnum mínum? Ef ég sjálf á skilyrðislaust að geta lagt bílnum heima við og hjá vinnu-staðnum er bíllinn minn búinn að eigna sér 24 fermetra af borgarlandinu án þess að ég hafi lagt það undir nokkurn mann. Ef ég á í ofanálag að geta skroppið í Smáralind, bíó eða niður að Tjörn – og valið úr stæðum sem þar skulu bíða eftir mér við hvert fótmál – þarf augljóslega enn meiri steypu, enn fleiri fermetra og enn meira land undir umferðar-mannvirki.

**AUÐVITAÐ** er rugl að ekki sé meginregla að menn stafli bílum frekar en að búa til enda-laust af flötum bílastæðum þar sem einum bíl eru gefnir eftir 12 fermetrar. Bílastæða-hús og bílakjallarar eru vissulega einkar ósjarmerandi en á móti er sóun á landi að leggja ekki mörgum bílum á mörgum hæðum á sömu 12 fermetrunum í borginni. Halló, meirihluti borgarbúa býr í fjölbýli því það að stafla fólkinu er… tjah… hagkvæm og skyn-samleg nýting lóðarinnar…

**REYKJAVÍK** er hafsjór af risavöxnum bíla-plönum. Nýlegt dæmi er að finna hjá Háskól-anum í Reykjavík sem fékk úthlutað lóð á einum besta stað í bænum. Og hvað var þá gert í útivistarparadísinni Nauthólsvík? Hellt malbiki yfir allt saman. Flottustu fermetrar borgarinnar voru lagðir undir flatt bílaplan með einum bíl í hverju plássi.

**PLANIÐ** stendur hálftómt öll kvöld, allar nætur og allar helgar. Eins og öll hin bíla-stæðin við stofnanir og fyrirtæki í borginni. Dálítið mikil steypa?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Toys R Us
GLEÐILEGT SUMAR
THE WAVE SCOOTER
BEN 10
211480
BEN 10 HLAUPAHJÓL
Venjulegt verð 5.999.-
9.999
SPARIÐ 6.000
FRJÁLST VAL
3.999
SPARIÐ 2.000
5.999
SPARIÐ 3.000
Razor SPARK
211503
RAZOR SPARK HLAUPAHJÓL
Sendir frá sér neistaflug fyrir aftan þig!
Venjulegt verð 8.999.-
211537
THE WAVE HLAUPAHJÓL
Hlaupahjól og hjólabretti í einu bretti. Innifalið er ABEC-5 legur.
Samanfellanleg grind.
Venjulegt verð 15.999.-
211506
HELLO KITTY HLAUPAHJÓL
Venjulegt verð 5.999.-
HELLO KITTY
471220
COLOR KIDS GANGSTÉTTARKRÍT
37 mismunandi litir og geymslufata.
Venjulegt verð 1.099.-
699
SPARIÐ 400
COLOR kids
Skoppar allt að 22 metra!
460950
RISA SKYBALL
Með helíum!
12 cm. Veljið á milli margra gerða.
Venjulegt verð 1.699.-
999
SPARIÐ 700
470812
KUBB
Fyrir leiki utandyra.
Úr birki. Fyrir 2-6 leikmenn.
Venjulegt verð 2.999.-
1.999
SPARIÐ 1.000
OPIÐ SUMARDAGINN FYRSTA 12-18
MEIRA Á WWW.TOYSRUS.IS
Tilboðin gilda til og með 23.04.2011. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.
Kópavogur: Smáratorg, sími 550 0800 •
Grafarvogur: Blikastaðavegur, sími 585 0600 • Akureyri: Glerártorg, sími 461 4500


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS PÁSKAEGG
Risapáskaegg 1.kg. 1998 kr.
Páskaegg nr. 6 520g 1298 kr.
Páskaegg nr. 5 420g 998 kr.
Páskaegg nr. 4 315g 798 kr.
Páskaegg nr. 3 170g 459 kr.
BÓNUS RÍSEGG
Bónus /Freyju rísegg 4 stk m/málshætti 298 kr.
Ódýrustu páskaeggin í Bónus
eru Bónus páskaeggin framleidd hjá sælgætisgerðinni Góu
Gleðilegt sumar !
AFGREIÐSLUTÍMI
Í BÓNUS UM PÁSKANA
Skírdagur 21.apríl 11.00-19.00
Föstudagurinn langi 22.apríl LOKAÐ
Laugardagur 23.apríl 10.00-19.00
Páskadagur 24. apríl LOKAÐ
Mánudagur 25.apríl opið 12.00-18.00
OPIÐ MÁNUDAGINN 25. APRÍL
AKUREYRI - SELFOSSI - REYKJANESI - HAFNARFIRÐI Á HELLUHRAUNI
REYKJAVÍK: FISKISLÓÐ - SMÁRATORGI - GRAFARVOGI
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Íslenskar gæðavörur
á frábæru verði í BÓNUS
AFGREIÐSLUTÍMI
SKÍRDAGUR
11:00-19:00
VINSÆLASTI
HAMBORGARHRYGGURINN
Í BÓNUS
1298 KR.KG
MEÐ BEINI
1598 KR.KG
ÚRBEINAÐUR
ALI HAMBORGARHRYGGUR
20% AFSLÁTTUR
2798 KR.KG
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTA RIBEY
MERKT VERÐ: 3498 KR.KG - 20% AFSLÁTTUR
998 KR.KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
3598 KR.KG
ÍSLANDSLAMB MANGÓKRYDDAÐ FERSKT LAMBAFILE
Holda KALKÚNN
998 KR.KG
FERSKUR VEISLUFUGL
MEÐ FYLLINGU
NÝTT Í BÓNUS FRÁ ÍSLANDSLAMBI
BLÁBERJAKRIDDAÐUR
LAMBA
INNRALÆRISVÖÐVI
Besti vöðvinn úr lambalærinu,
á grillið eða beint í ofninn !
2798 KR.KG
1259 KR.KG
FROSINN KALKÚNN 1.FLOKKUR
1298 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
FERSKT ÍSLENSKT SALAT Í BÓNUS
Lambhagi
BLANDAÐ SALAT
459 KR.150g
SALAT Í POTTI
275 KR.STK
100g SPÍNAT Í BOXI
298 KR. 100g
25% AFSLÁTTUR
1949 KR.KG
ÍSLANDSLAMB ÚRBEINAÐ SKAGFIRSKT HANGILÆRI
MERKT VERÐ: 2598 KR.KG - 25% AFSLÁTTUR
KJARNAFÆÐI
LÚXUS LAMBALÆRI
1398 KR.KG
KJARNAFÆÐI FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI
NONNI
BERNAISSÓSA
279 KR. 225ml.
1198 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ HEILT LAMBALÆRI
Sérskorið kryddað lambalæri þar sem
efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið
er skorið frá og því er meira kjöt
og minna bein á lærinu!
1498 KR.KG
ÍSLANDSLAMB SÉRSKORIÐ FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI
BÓNUS
KALDAR GRILLSÓSUR
Pipar sósa
Hvítlauks sósa
198 KR. 270ml.
Sérskorið ferskt Bónus lambalæri þar
sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið
er skorið frá og því er meira kjöt
og minna bein á lærinu!
1359 KR.KG
BÓNUS SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# menning

menning@frettabladid.is

**JÓN FRÁ BÆGISÁ KOMIÐ ÚT** Fjórtánda tölublað Jóns frá Bægisá – tímarits um þýðingar er komið út. Í heftinu birtast klassískar ritsmíðar, meðal annars eftir Lúther og Schleiermacher, auk frumsaminna greina. Þá birtir Sigurður A. Magnússon þýðingar sínar á átta ljóðum frá Suður-Afríku, en Sigurður ritstýrir ritinu ásamt Gauta Kristmannssyni og Ingibjörgu Haraldsdóttur.

## Stabat Mater í þriðja sinn

Stabat Mater eftir Pergolesi, eitt af höfuðverkum kirkjulegra tónsmíða, verður flutt í Bústaðakirkju föstudaginn langa kl. 14.

Flytjendur eru Gréta Hergils sópran og Svava K. Ingólfsdóttir messósópran við undirleik Antoníu Hevesi, píanóleikara Íslensku óperunnar, og Gretu Salóme fiðluleikara.

Milli þátta verður lesið úr Píslarsögunni.

Tónverkið fjallar um raunir Maríu meyjar þar sem hún stendur við kross Jesú Krists og syrgir son sinn.

Þetta er þriðja árið í röð sem verkið er flutt í Bústaðakirkju, en það er víða flutt á hverju ári á föstudeginum langa. Pergolesi samdi Stabat Mater þegar unnusta hans féll frá ung að aldri.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis.

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

13.04.11 - 19.04.11



**1** Milli trjánna - kilja
Gyrðir Elíasson




**2** Morð og möndlulykt
Camilla Läckberg




**3** Konan í búrinu - kilja
Jussi Adler Olsen




**4** Djöflastjarnan - kilja
Jo Nesbø




**5** Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir




**6** Furðustrandir - kilja
Arnaldur Indriðason




**7** Myrkrslóð - kilja
Åsa Larsson




**8** Betri næring - betra líf
Kolbrún Björnsdóttir




**9** Mundu mig, ég man þig
kilja - Dorothy Koomson



**10** Ljósa - kilja
Kristín Steinsdóttir

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

# LEGGJUM ÁHERSLU Á AÐ ÖLL TÚLKUNIN SÉ EKTA

**Í kirkju Hallgríms á Skólavörðuholti er fjöldi listviðburða um bænadaga og páska, auk hefðbundins messuhalds. Hörður Áskelsson kórstjóri kann vel frá þeim að segja.**



ORGANISTINN „Þessi músík gengur beint undir skinnið," segir Hörður um tónlist frá endurreisnartímanum sem flutt verður að kvöldi föstudagsins langa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Passíusálmarnir eru í brennidepli hjá okkur um bænadagana enda var það í Hallgrímskirkju sem þeir voru fyrst fluttir í heild sinni hér á höfuðborgarsvæðinu á föstudaginn langa. Það var Eyvindur Erlendsson leikari sem á heiður og þökk fyrir þá hefð." Þannig byrjar Hörður lýsingu sína á menningardagskrá bænadaganna í Hallgrímskirkju.

En hugum fyrst að deginum í dag, skírdegi og Söngvahátíð barnanna sem hefst klukkan 17. Þá koma um 100 börn úr nokkrum kórum á höfuðborgarsvæðinu saman ásamt hljómsveit sem er skipuð virtum djasstónlistarmönnum. Egill Ólafsson syngur og nokkrir karlakórsmenn einnig. „Þarna verða fluttir léttir sálmar víða að úr heiminum og Tómas Guðni Eggertsson organisti stjórnar," segir Hörður. Hann getur næst um svonefnda Getsemane-stund klukkan 20 í kvöld þar sem síðustu kvöldmáltíðarinnar er minnst. „Altarið verður afskrýtt í sérstakri athöfn undir lestri valinna Biblíutexta og síðan borið inn einstakt altarisklæði eftir Unni Ólafsdóttur hannyrðakonu. Öll ljós eru slökkt og þetta verður allt í mikilli kyrrð," lýsir Hörður og heldur áfram. „Klukkan 11 verða svo yndislegir tónleikar þar sem sálmar Hallgríms verða túlkaðir af söngkonunni Kirstínu Ernu Blöndal, Gunnari Gunnarssyni djasspíanista og Matthíasi Hemstock slagverksleikara."

Helgihald á morgun, föstudaginn langa, hefst með guðsþjónustu klukkan 11 en klukkan 13 er komið að lestri Passíusálmanna. „Lesarar þetta árið eru á ýmsum aldri og tengjast íslenskukennslu," upplýsir Hörður. „Í þetta sinn verður fyrsta vers hvers sálms sungið af þeim Kristínu Sigurðardóttur og Magneu Tómasdóttur við íslensk þjóðlög úr safni Smára Ólasonar."

Klukkan 20 hefjast enn tónleikar. Þá verður píslarsagan flutt með tónum hins ítalska Carlos Gesualdos de Venosa, sem gerði á endurreisnartímanum ódauðleg verk um pínu, kvöl, dauða og greftran Jesú. „Verkin eru skrifuð fyrir sex radda kór, eru gríðarlega djúp í nálgun sinni, áhrifamikil og kröfuhörð," segir Hörður sem stjórnar söng sex félaga úr Schola Cantorum. „Allir textar eru á latínu og við leggjum mikla áherslu á að skilja hvert orð til að túlkunin sé ekta. Halldór Hauksson, mikill grúskari og tónlistaráhugamaður, ætlar svo að brjóta upp efnisskrána með upplestri um sama viðfangsefni."

> Verkin eru skrifuð fyrir sex radda kór, eru gríðarlega djúp í nálgun sinni, áhrifamikil og kröfuhörð
>
> HÖRÐUR ÁSKELSSON KÓRSTJÓRI

Á páskadagsmorgun eru hefðbundnar guðsþjónustur klukkan 8 og klukkan 11. „Það er eitthvert mesta kikk sem hægt er að fá í kirkju að fá að vakna snemma á páskadagsmorgni og sækja kirkju," segir Hörður sannfærandi. gun@frettabladid.is






ANNA PÁLÍNA – BEZT Anna Pálína starfaði lengst af með eiginmanni sínum Aðalsteini Ásberg Sigurðssyni.

## Bestu lög Önnu Pálínu

Út er komin geisladiskurinn Anna Pálína – BEZT í nýrri hljóðritaröð útgáfunnar Dimmu. Á disknum er 21 lag vísnasöngkonunnar Önnu Pálínu Árnadóttur. Sum lögin hafa verið ófáanleg um skeið, til dæmis Haustvísa, Lífinu ég þakka og Maístjarnan.

Anna Pálína lést árið 2004, aðeins 41 árs að aldri. Hún haslaði sér snemma völl í tónlistinni og starfaði lengst af með eiginmanni sínum Aðalsteini Ásberg Sigurðssyni, sem stendur að útgáfunni Dimmu. Alls hljóðritaði hún átta diska með vísnatónlist, sálmum, barnatónlist, djass og íslenskum þjóðlögum.

Í lok apríl verður frumsýnd í Iðnó tónlistarskotin leikgerð af bókinni Ótuktinni, þar sem Anna Pála greindi frá hugsunum sínum og tilfinningum þegar hún glímdi við krabbamein.

# MEST SELDU BÆKUR ÁRSINS!

## „BESTA BÓK YRSU“

– Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljunni



**Metsölubók Yrsu Sigurðardóttur** sem gagnrýnendur hafa lofað í hástert. Mögnuð saga um ungt fólk sem gerir upp hús á Hesteyri í Jökulfjörðum – og lækni sem telur sig sjá son sinn, þremur árum eftir að drengurinn hvarf. **Sigurjón Sighvatsson** vinnur nú að gerð kvikmyndar eftir bókinni.




★★★★★ Jakob Hansen, Pressan.is

**1. SÆTI**
Bóksölulistinn
1. janúar – 9. apríl 2011

**2. SÆTI**
Bóksölulistinn
1. janúar – 9. apríl 2011




## „ALGERLEGA ÓMISSANDI BÓK“

Jóhanna Vilhjálmsdóttir, fjölmiðlakona

Aðgengileg bók eftir **Kolbrúnu Björnsdóttur grasalækni** um það hvernig meltingarkerfið virkar og hvernig þú getur komið starfsemi þess í lag. Uppskriftir að spennandi hollusturéttum úr smiðju Kolbrúnar og **Sólveigar Eiríksdóttur (Sollu á Gló)** fylgja bókinni!

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK

# Fólk

folk@frettabladid.is



**75** *þúsund dalir eru það sem skemmtistaður í New Jersey borgar P. Diddy fyrir að halda partí hjá sér. Það gerir rúmar átta og hálfa milljón íslenskra króna.*



**BREYTIST Í HERRAMANN** Leikkonan Evan Rachel Wood setur kyn ekki fyrir sig og heillast jafnt af konum sem körlum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Rachel er tvíkynhneigð

**Leikkonan Evan Rachel Wood viðurkennir í viðtali við tímaritið Esquire að hún girnist karla jafnt sem konur. Wood, sem var í löngu sambandi með rokkaranum Marilyn Manson, segist ekki setja kyn fyrir sig þegar hún leitar sér að maka. „Stelpur eða strákar, það skiptir ekki máli og ég er frekar upptekin af kynleysi ef út í það er farið. Þegar ég er með stelpum breytist ég hins vegar í herramann sem opnar dyr og borgar reikninginn,“ segir leikkonan, sem síðast lék í sjónvarpsþáttaröðinni True Blood.**






**LÍF Í TÓNLEIKAHALDI** Sprengja hefur orðið í innflutningi á erlendum tónlistarmönnum að undanförnu. Ísleifur Þórhallsson (til vinstri) segir þó að ekki verði uppselt á alla tónleika. Á næstunni troða meðal annars upp hér Eagles (að ofan), Cyndi Lauper og Elvis Costello.

# Tónleikahald aftur í tísku

**Fjöldi erlendra tónlistarmanna og skemmtikrafta er á leiðinni til Íslands á árinu. Mikil fjölgun hefur orðið síðan hrunið varð árið 2008. Tilkoma Hörpunnar spilar stóra rullu.**

**1.500**

Sætafjöldinn í Eldborgarsalnum.

Fréttir af hinum og þessum erlendu skemmtikröftum sem eru á leiðinni hingað til lands hafa verið tíðar að undanförnu.

Bandaríska stórhljómsveitin Eagles spilar í Nýju Laugardalshöllinni í júní og rapparinn Busta Rhymes treður upp í Vodafonehöllinni í maí, auk þess sem Elvis Costello, Cyndi Lauper, Jamie Cullum, Afrocubism og spjallþáttastjórnandinn fyrrverandi Larry King stíga öll á svið í Eldborgarsal Hörpunnar á þessu ári.

Þegar kreppan skall á haustið 2008 héldu tónleikahaldarar að sér höndum eftir mikla gósentíð árin á undan og þorðu ekkert að gera, sérstaklega vegna lágs gengis krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Síðan þá hefur gengið lagast lítillega, auk þess sem nýja tónleikahöllin Harpa mun sinna listamönnum sem erfitt hefur verið að sinna í gegnum árin. Þetta eru listamenn sem hafa talist of stórir fyrir Háskólabíó, sem tekur um 900 manns í sæti, en að sama skapi of litlir fyrir Laugardalshöll, sem tekur á bilinu 3.000 til 5.000 manns. Eldborgarsalur Hörpunnar tekur 1.500 manns í sæti og sá fjöldi hentar vel fyrir þennan nýja hóp listamanna.

Guðbjartur Finnbjörnsson flytur inn Cyndi Lauper og Larry King en fyrir hrun flutti hann inn listamenn á borð við Paul Simon og Cliff Richard. Hann segir að tilkoma Hörpunnar hafi breytt mestu fyrir sig. „Þarna myndaðist möguleiki til að fá þessa „milliartista“ og fyrir mitt leyti er það stóra málið,“ segir hann um Hörpuna. Einnig telur hann mikilvægt að þurfa ekki lengur að borga margar milljónir fyrir að koma upp hljóða- og ljósabúnaði því hann sé að mestu til staðar í Hörpunni. Hljómgæðin og þægindin sem þar séu skipti auðvitað líka miklu máli.

Ísleifur B. Þórhallsson hjá Senu skipuleggur uppselda tónleika Eagles í Nýju Laugardalshöllinni. Aðspurður telur Ísleifur að samspil nokkurra þátta hafi orðið til þess að tónleikahald sé aftur komið í tísku. „Það er liðinn ákveðið langur tími frá hruninu og það var viðbúið að þetta færi einhvern tímann af stað aftur. Núna eru allir að fara af stað á sama tíma og ég held að þessi Eagles-velgengni æsi menn svolítið upp,“ segir Ísleifur. „Harpan kemur svo akkúrat inn á þessum tíma en það er alveg augljóst að það verður ekki uppselt á allt. Þegar það er gríðarlegt framboð af erlendum listamönnum aukast líkurnar á að eitthvað gangi ekki upp.“

Talað hefur verið um að erlendir flytjendur taki lægra gjald en áður fyrir að koma fram bæði hér heima og erlendis. Ísleifur viðurkennir að Eagles hafi farið fram á lægri þóknun nú en fyrir hrun, þegar einnig var reynt að fá sveitina til landsins. Þar spilar inn í almennt dvínandi aðsókn á tónleika erlendis, eftir mikinn vöxt þar undanfarin ár. Að sögn Ísleifs hefur kostnaðurinn við að fá hljómsveitir til Íslands þó ekki lækkað nógu mikið til að vega upp á móti gengisfalli krónunnar og ástandinu hér á landi.

freyr@frettabladid.is

## Leikur helst illmenni

**Breska fyrirsætan Elizabeth Hurley fór með gestahlutverk í sjónvarpsþáttum sem gerðir eru um ofurhetjuna Wonder Woman. Hurley lék illmenni í þessum fyrsta þætti þáttaraðarinnar og lét vel af.**

**„Ég hef leikið nokkur illmenni í gegnum tíðina og mér finnst það æðislega gaman. Það kemur mjög áreynslulaust,“ gantaðist fyrirsætan með í viðtali við tímaritið Hello! Hurley skildi nýverið við eiginmann sinn, indverska milljarðamæringinn Arun Nayar, eftir að upp komst um ástarsamband hennar og ástralsks íþróttamanns.**



**GAMAN AF LEIKLIST** Elizabeth Hurley segist hafa gaman af því að leika illmenni.

## Tekur upp nýja plötu

**Leikarinn Jeff Bridges er að undirbúa nýja plötu með T-Bone Burnett, sem samdi tónlistina í myndinni Crazy Heart. Bridges fékk Óskarinn fyrir hlutverk sitt í henni. Bridges hefur gert samning við útgáfufyrirtæki EMI, Blue Note Records, og á plötunni verða lög eftir hann og aðra lagahöfunda. Að sögn Bridges veitti tónlist Burnetts í Crazy Heart honum mikinn innblástur en Burnett fékk einnig Óskarinn fyrir eitt lag í myndinni. Bridges hefur samið og gefið út tónlist allt sitt líf. Hingað til hefur hann þó gefið plöturnar sínar út sjálfur.**



HINN EINI SANNI

# RISA

## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

# MARKAÐUR




## NÚ AÐ MIÐHRAUNI 2, GARÐABÆ

*við hliðina á Dýraríkinu*

**Nýtt kortatímabil**

### Opnunartími um páska

| | |
|---|---|
| Skírdag | 21. apríl milli kl. 12:00 og 18:00 |
| Föstudaginn langa | 22. apríl milli kl. 12:00 og 18:00 |
| Laugardag | 23. apríl milli kl. 12:00 og 18:00 |
| Páskadag | 24. apríl, LOKAÐ |
| Annan í páskum | 25. apríl, milli kl. 12:00 og 18:00 |

## Opið um páskana milli kl. 12:00 og 18:00

**Útsöluvörur frá**

STEINAR WAAGE Kaupfélagið skór.is

ecco NIKE PUMA hummel

Reebok BLEND ORGINAL SKECHERS



**BEÐIÐ EFTIR BRÚÐKAUPINU**
Sif Sigmarsdóttir

# Prinsarnir, nærbuxurnar og hórmangarinn

Brúðartertan er ávaxtakaka á mörgum hæðum þakin hvítu kremi og sælgætisblómum. Kjóllinn er í endurreisnarstíl og er slörið sagt þrír metrar að lengd. Basl hefur verið með sætaskipan í kirkjunni en faðir og móðurbróðir brúðgumans talast vart við og þarf því að halda þeim í sundur. Plön móður brúðarinnar um sérsniðna dragt fyrir brúðkaupið eru í uppnámi eftir að slettist upp á vinskapinn við stílistann.

Breskir fjölmiðlar keppast við að færa fréttir af minnstu smáatriðum undirbúnings konunglegs brúðkaups Vilhjálms Bretaprins og Kate Middleton sem fram fer í næstu viku. Og ákafinn einskorðast ekki við fjölmiðla. Til að gera hjónavígslunni hátt undir höfði hefur ríkisstjórn Bretlands gert brúðkaupsdaginn að opinberum frídegi. En er áhugi Breta á konungsfólki, kökum, kjólum og skarti jafnmikill og menn vilja vera láta?



**EFTIRVÆNTING** Breskar borgir skrýðast smám saman hátíðarbúningi. Rúm vika er í brúðkaup Vilhjálms Bretaprins og Kate Middleton. NORDICPHOTOS/GETTY

Nú þegar vika er til brúðkaupsins hafa áhyggjur tekið að vakna með sumum konungssinnum. Þeir óttast að viðburðurinn muni ekki nýtast sem skyldi til að auka krúnunni vinsældir.



Tvennt kemur til: Í fyrsta lagi sýndi skoðanakönnun sem birt var í vikunni að einn af hverjum fimm Bretum hyggst nýta frídaginn sem veittur var til að fagna brúðhjónunum til að skella sér í ferðalag. Frekar en að fylgjast með hátíðarhöldunum heima ætla margir að nýta langa helgina til að ferðast til útlanda. Í annan stað virðast fáir ætla að viðhalda rótgróinni breskri hefð sem gjarnan er viðhöfð í tengslum við stórviðburði og konungsfjölskylduna. Götuhátíðir eru breskur siður sem festi sig í sessi í lok fyrri heimsstyrjaldar þegar svokölluð „friðarteboð" fóru fram um allt land við undirritun Versalasamningsins. Þegar Karl Bretaprins og Díana giftu sig árið 1981 fékk sveitarfélagið Bolton meira en 100 umsóknir um leyfi til að halda götuhátíð. Í byrjun apríl höfðu sama sveitarfélagi borist fjórar umsóknir um götuhátíð vegna brúðkaups Vilhjálms og Kate.

Einn er þó sá hópur Breta sem ekki hyggst flýja land. Konunglegt brúðkaupið hefur reynst lýðveldissinnum gullið tækifæri til að koma málstað sínum á framfæri. Lýðveldissinnar hafa boðað til götuhátíðar. Yfirskrift hennar er hins vegar „andkonunglega-brúðkaups-götuhátíðin". Þótt konungssinnar hefðu gjarnan viljað sjá fleiri götuhátíðir hefðu þeir þó vafalaust kosið að andstæðingar hefðanna héldu sig við hlutskipti sitt og hunsuðu þær.






**DÝRAMUNSTUR** Strákum finnst dýramunstur ekki fallegt á kvenmannsklæðnaði.

**VÍÐAR BUXUR** Tvíburarnir Mary-Kate og Ashley Olsen eru þekktar fyrir að vera með puttana á púlsinum í tískunni en breskir karlmenn eru ekki hrifnir af víðum buxum eins og þær klæðast á þessari mynd.

**ENGIR KLOSSAR** Unga kynslóðin hefur tekið ástfóstri á ný við gömlu góðu Dr. Martens skóna en strákarnir eru ekki eins hrifnir samkvæmt könnuninni.

# Karlar ekki hrifnir af nýjustu tísku

**Ef marka má könnun sem breska dagblaðið Daily Mail gerði hafa karlmenn mikla skoðun á því hverju konur klæðast eða öllu heldur hverju þær eiga ekki að klæðast.**

Nýjasta kvenmannstískan, sem einkennist af víðum buxum, síðum pilsum og klossuðum skóm, virðist ekki leggjast vel í breska karlmenn. Þeir vilja einnig leggja blátt bann við dýramunstruðum flíkum og klossum með tréhæl, sem er uppáhald margra kvenna.

Sem betur fer er smekkur manna misjafn en fyrir þá sem ætla að klæða sig upp til að ganga í augun á hinu kyninu er kannski best að reyna að komast hjá að klæðast því sem sést á þessum myndum. - áp



**SÍÐ PILS** Breskir karlmenn eru ekki hrifnir af síðum pilsum og kjólum í anda tíunda áratugarins og vilja meina að slík föt minni þá á ömmu sína.



**TRÉSÓLAR** Klossar og aðrir skór með tréhæl ganga ekki í augun á öðrum karlmönnum en hönnuðinum Karl Lagerfeld, sem notar þá óspart hjá Chanel.



**AXLAPÚÐAR** Söngkonan Beyoncé Knowles er hrifin af ýktum öxlum en það eru breskir karlmenn ekki. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vont að gata eyrun

Hin unga og upprennandi leikkona Rooney Mara hefur þurft að þola miklar útlitsbreytingar til að líta út eins og Lisbeth Salander, til dæmis að lita hárið svart og klippa það stutt ásamt því að aflita á sér augabrúnir. Mara segir þó að erfiðast af öllu hafi verið að gata á sér eyrun, en hún var ekki með göt áður. „Það var alveg hrikalega vont að gata eyrun og ég þurfti að fá fjögur göt í hvorn eyrnasnepilinn," segir Mara í viðtali við tímaritið W. Einnig þurfti hún að gata augabrúnir, nef, varir og geirvörtur til komast í gervi tölvuhakkarans Salander í Hollywood-útgáfu myndarinnar Karlar sem hata konur efir Stieg Larsson.



**MIKLAR ÚTLITSBREYTINGAR** Hin unga Rooney Mara þurfti að bíta á jaxlinn til að komast í gervi Lisbeth Salander. NORDICPHOTOS/GETTY

Rooney Mara hefur ásamt leikstjóranum David Fincher og tökuliði verið á flakki um Svíþjóð undafarna mánuði en síðast sást til þeirra á Gardemoen-flugvelli í Osló, þar sem Mara skartaði gervi Salander og vakti athygli flugvallargesta.



TILBOÐ MÁNAÐARINS Á TACO BELL
Crunchwrap SUPREME
Bragðlaukatryllir á frábæru verði
FIRE
HOT
MILD
Mundu eftir sósunum
Crunchwrap, meðlæti & gos
899 kr.
með nautahakki. Með kjúkling/steik 999 kr.
pepsi
HUGSAÐU™ ÚT FYRIR BRAUÐIÐ
TACO BELL
Grafarholti | Sími 588 6959
Hafnarfirði | Sími: 555 0828 | www.tacobell.is

# Ræddi við móður Jeffs Buckley

Robert Pattinson, sem sló í gegn í Twilight-myndunum, hefur mikinn áhuga á að leika Jeff Buckley í nýrri kvikmynd um ævi tónlistarmannsins sáluga.

Leikarinn greindi nýverið frá því að hann hefði hitt móður Buckleys og fór vel á með þeim. Hún tekur þátt í framleiðslu myndarinnar, sem Jake Scott mun leikstýra. Pattinson, sem var fyrst orðaður við hlutverkið í janúar, segir óvíst hvort hann hreppi hnossið en vonar það besta. „Ég hitti móður hans sem er frábær kona. Ég ræð því ekki hvort ég fæ hlutverkið en ég elska tónlist Jeffs. Hann var æðislegur,“ sagði hann. „Ég veit ekki hvort ég get sungið eins og Jeff því hann var einstakur tónlistarmaður. Ég get ekki heldur spilað á gítar eins og hann. Ég myndi þurfa að leggja mikið á mig. Ef einhver hermir bara eftir rödd Jeffs myndi það ekki hljóma sérstaklega vel,“ bætti hann við. „Þetta snýst alltaf um handritið. Maður veit aldrei hvernig það á eftir að endurspegla manneskjuna.“



**VILL LEIKA BUCKLEY** Robert Pattinson vill leika tónlistarmanninn Jeff Buckley í nýrri mynd um ævi hans.

Aðrir leikarar sem hafa áhuga á hlutverkinu er James Franco, sem var tilnefndur til Óskarsins fyrir hlutverk sitt í 127 Hours.

Jeff Buckley drukknaði í Memphis árið 1997, aðeins þrítugur að aldri. Þá var hann að vinna að sinni annarri sólóplötu.

# Léku sér að örlögunum

Leikkonan Kate Hudson á von á sínu öðru barni með kærastanum, breska söngvaranum Matt Bellamy. Parið hefur verið saman frá því síðasta vor og er þetta fyrsta barn Bellamys.

Hudson sagðist ekki hafa verið að leita að ástinni þegar hún féll fyrir Bellamy en að hún hafi einfaldlega ekki getað haldið sig fjarri söngvaranum. „Ég vissi ekki hvort ég var tilbúin í samband og ég var alls ekki að leita eftir því. En ég gat ekki haldið mig fjarri. Ég vildi vera með honum öllum stundum og tala við hann stanslaust.“ Hudson viðurkennir jafnframt að þungunin hafi ekki komið þeim á óvart. „Við vissum alveg hvað við vorum að gera. Við vorum að leika okkur að örlögunum og svona fór það.“



**ÁSTFANGIN** Leikkonan Kate Hudson er ástfangin og á von á sínu öðru barni með kærasta sínum, Matt Bellamy.
NORDICPHOTOS/GETTY


Vorútsalan heldur áfram

Allt að 70% AFSLÁTTUR

Rýmum fyrir nýjum vörum

Óskum landsmönnum gleðilegs sumars og minnum á flottu nýju vörurnar um alla búð

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI




**UMDEILT MYNDBAND** Nýjasta myndband Lady Gaga verður vafalítið afar umdeilt.

# Umdeilt myndband

**Söngkonan Lady Gaga sendir á föstudaginn langa frá sér myndband við lagið Judas. Það er annað smáskífulagið af væntanlegri plötu hennar Born This Way. Í myndbandinu er Gaga klædd sem María Magdalena og hafa ljósmyndir úr því þegar vakið mikla hneykslan hjá fjölda trúarhópa. „Hún er að reyna að notfæra sér kristindóminn til að breiða yfir hæfileikaleysi sitt og hundleiðinlega sviðsframkomu,“ sagði einn trúarleiðtoginn. Ekki eru allir óánægðir með Gaga því Harry Potter-stjarnan Daniel Radcliff hefur lýst yfir ánægju sinni með stuðning söngkonunnar við réttindi samkynhneigðra.**



**LÍFLÁTSHÓTANIR** Rebecca Black hefur fengið tvær líflátshótanir vegna lagsins Friday.

# Black tvisvar hótað lífláti

Lögreglan er að rannsaka líflátshótanir sem ungstirnið Rebecca Black, sem syngur lagið Friday, hefur fengið. Í síðasta mánuði fékk hún tvær hótanir, aðra í gegnum tölvupóst og hina þegar hringt var í plötufyrirtækið hennar. „Hótanirnar snerust um að það ætti að fjarlægja lagið hennar af netinu, annars yrði hún drepin,“ sagði talsmaður lögreglunnar. „Við eigum erfitt með að meta hversu alvarlegar hótanirnar eru en við tökum þær engu að síður alvarlega.“ Þrátt fyrir hótanirnar er Black hvergi af baki dottin og er að undirbúa sitt næsta lag.

# Gæsapartí á Ritz

Söngkonan Lily Allen ætlar að halda gæsapartí sitt á glæsihótelinu The Ritz í London. Allen ætlar að giftast unnusta sínum Sam Cooper í bænum Stroud í Glouchesterskíri 11. júní. „Lily vill að það verði smá glamúr í gæsapartíinu. Hún hefur spaugað með að hún sé orðin svo gömul að hún vilji bara drekka te og prjóna en ef maður þekkir Lily rétt mun það fljótt breytast í andhverfu sína,“ sagði vinkona hennar.
Kjóllinn sem Allen ætlar að klæðast í brúðkaupinu verður hannaður af vini hennar, Chanel-tískumógúlnum Karl Lagerfeld.



**STUTT Í GÆSAPARTÍ** Gæsapartí Lily Allen verður í glæsilegri kantinum.

# Hárinu vegnar vel

Sex sýningum er lokið á söngleiknum Hárinu í Silfurtunglinu á Akureyri. Frumsýningin var á föstudaginn í síðustu viku í menningarhúsinu Hofi og gekk hún eins og í sögu.
Sýningarnar halda áfram um páskana, eða á föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum.
Með aðalhlutverk í Hárinu fara Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Matthías Matthíasson, Magni Ásgeirsson, Erna Hrönn Ólafsdóttir, Ólöf Jara Valgeirsdóttir, Pétur Örn Guðmundsson og Ívar Helgason.



**LEIKHÓPURINN** Sýningarnar á Hárinu hafa heppnast mjög vel. Hér er leikhópurinn að lokinni frumsýningunni.



**SKULDUÐU SKATT** Ozzy og Sharon Osbourne fengu að vita af 190 milljóna króna skattaskuld í gegnum blaðamann. NORDICPHOTOS/GETTY

# Í skattasúpu

Rokkarahjónin Ozzy og Sharon Osbourne fengu heldur betur að finna fyrir því þegar þeim barst krafa frá skattayfirvöldum í Bandaríkjum sem hljóðaði upp á tæpar 190 milljónir króna. Hjónin fengu fyrst veður af skattaskuldinni gegnum blaðamann sem hafði nælt sér í pappírana.
„Ég gaf mér ekki tíma til að sinna peningamálunum og var alltaf að aflýsa fundum með endurskoðandanum okkar. Ég elska hreinlega sjálfa mig of mikið til að nenna sinna leiðinlegum peningamálum,“ viðurkenndi Sharon í viðtalsþættinum The Talk.
Þau virðast þó ekki vera á flæðiskeri stödd og hafa nú borgað skuldina háu.



**KÆRASTINN SLAPP** Kærasti Christinu Aguilera slapp við ákæru fyrir ölvunarakstur.

# Kærastinn ekki ákærður

**Matthew Rutler, hinn 25 ára kærasti söngkonunnar Christinu Aguilera, hefur sloppið við ákæru fyrir ölvunarakstur. Hann var handtekinn 1. mars grunaður um ölvun við akstur. Vegna skorts á sönnunargögnum sleppur hann við ákæru. Hin þrítuga Aguilera var einnig handtekin þetta sama kvöld fyrir að vera ölvuð á almannafæri. Stutt er síðan söngkonan skildi við eiginmann sinn Jordan Bratman. Saman eiga þau drenginn Max sem er þriggja ára.**



# Dikta og GusGus opna Hörpu

Dikta, GusGus, Víkingur Heiðar og að sjálfsögðu Sinfóníuhljómsveitin verða meðal þeirra listamanna sem troða upp á opnunartónleikum Hörpunnar 13. maí. Opnunarathöfnin verður í beinni útsendingu Sjónvarpsins.

Fjögur hundruð listamenn munu koma fram á opnunarkvöldinu og má búast við mikilli flugeldasýningu. Víkingur Heiðar mun vígja nýjan Steinway konsertflygil, Dikta hyggst rokka af fullum krafti og GusGus kemur fram ásamt strengjaleikurum úr Sinfóníuhljómsveitinni. Til að slá botninn í léttmetið mun poppstjarna Íslands, Páll Óskar, stíga á svið ásamt Memfismafíunni og stórsveit Samúels J. Samúelssonar. Dagskránni lýkur síðan á Óðinum til gleðinnar en meðal þeirra sem koma fram þá eru Kristinn Sigmundsson og Þóra Einarsdóttir.

Mikil tónlistardagskrá verður alla opnunarhelgina, meðal annars sérstök barnadagskrá með Sinfóníunni og Maxímús Músíkús. Á laugardeginum verður síðan mikil tónlistarveisla frá hádegis til miðnættis með tónlistarmönnum á borð við Ólaf Arnalds, Caput-hópinn, Mammút, Agent Fresco, Valdimar, Hjaltalín og HAM. Ókeypis er inn á alla viðburði laugardagsins og sunnudagsins nema Sinfóníunnar og Maxímús Músíkús en miðaverðinu þar verður stillt í hóf því miðinn kostar aðeins hundrað krónur og hefst forsala 28. apríl.

- fgg




**VEISLA** Dikta og Víkingur Heiðar eru meðal þeirra sem koma fram á opnunartónleikum Hörpunnar föstudaginn 13. maí. Tónleikarnir verða í beinni útsendingu Sjónvarpsins og hefjast þeir klukkan 18.

# FALLEGUSTU prinsessurnar

**Vefsíðan BeautifulPeople.com fékk yfir hundrað þúsund manns til að velja tíu fallegustu prinsessur heims og kom nokkuð á óvart að Kate Middleton, tilvonandi eiginkona Vilhjálms Bretaprins, þótti fallegri en Díana prinsessa, móðir Vilhjálms.**

Leikkonan og prinsessan Grace Kelly þótti sú fegursta og kom það væntanlega fáum á óvart. Rania, drottningin af Jórdaníu, hreppti annað sætið enda þykir hún sérstaklega fögur. Þriðja sætið kom í hlut Kate Middleton og fast á hæla hennar fylgdi Díana prinsessa.

Aðrar prinsessur sem komust á listann voru meðal annars Karlotta af Mónakó, sem er barnabarn Grace Kelly, og sænska prinsessan Madeleine.



**FEGURST** Grace Kelly þykir enn vera ein fallegasta prinsessa sem lifað hefur.

NORDICPHOTOS/GETTY



**RANIA** Drottningin af Jórdaníu hreppti annað sætið.



**DÍANA PRINSESSA** Vermdi fjórða sætið.



**KATE MIDDLETON** þykir fallegri en móðir unnusta hennar.

SMÁRABÍÓ realD 3D HÁSKÓLABÍÓ GLEÐILEGA PÁSKA




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SCREAM 4 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| SCREAM 4 Í LÚXUS | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| HANNA | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| HANNA Í LÚXUS | KL. 5.40 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 1 (1050 KR) - 3.20 - 5.45 | L |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL Í LÚXUS | KL. 1 - 3.20 | L |
| RIO 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 1 (750 kr) - 3.20 - 5.45 | L |
| RIO 3D ENSKT TAL ÓTEXTUÐ | KL. 1 (1050 KR) - 3.20 - 5.45 | L |
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 1 (750 kr) - 3.20 | L |
| LIMITLESS | KL. 8 - 10.20 | 14 |

OPIÐ ALLA PÁSKANA

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HANNA | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 (1050 KR) - 5.50 | L |
| RIO 2D ENSKT TAL | KL. 3.40 (750 kr) - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| KURTEIST FÓLK | KL. 3.30 - 8 - 10.10 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 (750 kr) - 5.50 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SCREAM 4 | KL. 8 - 10.10* KRAFTSÝNING | 16 |
| HANNA | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 4 | L |
| RIO 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 2 (600 KR) | L |
| RIO 3D ENSKT TAL | KL. 6 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 2 (600 KR) 4 - 6 | L |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — GLEÐILEGA PÁSKA OPIÐ ALLA PÁSKANA




Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| SCREAM 4 | 8 og 10.20 POWER |
| RIO - ISL TAL 3D | 2(950), 4 og 6 |
| RIO - ISL TAL 2D | 2(700) |
| YOUR HIGHNESS | 8 og 10.10 |
| HOPP - ISL TAL | 2(700), 4 og 6 |
| KURTEIST FÓLK | 4, 6 og 8 |
| NO STRINGS ATTACHED | 10 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ARTHUR | kl. 1:30 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30 | 7 |
| ARTHUR | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| DREKA BANAR ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| CHALET GIRL | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 5:50 | 12 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS 3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 4 - 6 | L |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 1:50 | L |
| YOGI BEAR M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ARTHUR | kl. 6 - 8 | 7 |
| DREKABANARNIR ísl tal | kl. 4 - 6 | L |
| CHALET GIRL | kl. 4 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 10:10 | 12 |
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| ARTHUR | kl. 3.10 - 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| RIO 3D M/ ísl. Tali | kl. 3.20 - 5.40 | L |
| RIO 2D M/ ísl. Tali | kl. 3.20 - 5.40 | L |
| CHALET GIRL | kl. 3.20 - 8 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| SOURCE CODE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 10.20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| ARTHUR | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| DREKA BANAR M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| BARNEY´S VERSION Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 | L |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 10:40 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS 3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 1:20 -3:20 | L |

SPARBÍÓ KR 700 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

tryggðu þér miða á www.sambio.is




BAR & CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| BOY | 18:00, 20:00, 22:00 |
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 18:00, 22:20 |
| BLUE VALENTINE | 20:00, 22:10 |
| FOUR LIONS | 18:00, 20:00, 22:00 |
| DRAUMURINN UM VEGINN: 2. HLUTI | 17:50 |
| JÖKLAR (NETLEIKHÚS) | 20:00 |

BARA GÓÐAR MYNDIR WWW.BIOPARADIS.IS




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS


NÝIR TÍMAR. NÝJAR REGLUR.
NIÐURSTAÐAN ER SÚ AÐ ÞETTA ER BESTA SCREAM MYNDIN. WES CRAVEN SANNAR Að ENN ER HÆGT Að VERA FRUMLEGUR Í HROLLVEKJUM. -M.D.M., BIOFILMAN.IS
SCREAM 4 ER GLÆSILEG UPPSKRIFT AÐ STÓRSKEMMTILEGU BÍÓKVÖLDI. HÚN ER ÓVÆNT, BRJÁLUÐ OG SKEMMTILEG ÚT Í GEGN. ÉG FÍLAÐI HANA Í BOTN! -T.V. - KVIKMYNDIR.IS/SÉÐ & HEYRT
BRÁÐSKEMMTILEG MYND SEM VIRKAR VEL BÆÐI Í GRÍNI OG SPENNU. SNJALL-SÍMAR OG ÞRÁÐLAUST NET ERU HELSTA NÝUNGIN HÉRNA OG FÓLK GETUR RÉTT ÍMYNDAÐ SÉR HVERSU SPRÆKUR MORÐINGINN ER ÞEGAR HANN FÆR AÐ HRELLA FÓRNARLÖMB SÍN MEÐ IPHONE. -Þ.Þ.- FRÉTTATIMINN
SCRE4M
DAVID ARQUETTE
NEVE CAMPBELL
COURTENEY COX
EMMA ROBERTS
HAYDEN PANETTIERE
SMÁRABÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
BORGARBÍÓ
sena
KOMIN Í BÍÓ!
SMS LEIKUR
BOÐSMIÐI
VILTU VINNA MIÐA?
SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL SC4 Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
FULLT AF VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR
TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!
9. HVER VINNUR!
FJÖLDI AUKAVINNINGA
VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.
WWW.SENA.IS/SCREAM4

# sport

sport@frettabladid.is



**KIEL** vann í gær sætan sigur, 38-35, á toppliði Hamburg í þýska handboltanum. Aron Pálmarsson skoraði 4 mörk fyrir Kiel sem er í öðru sæti deildarinnar. Þórir Ólafsson skoraði síðan 6 mörk fyrir Lubbecke sem tapaði á heimavelli, 25-27, fyrir Göppingen. Lið Dags Sigurðssonar, Fuchse Berlin, vann síðan öruggan ellefu marka sigur á Lemgo, 35-24, þar sem Alexander Petersson komst ekki á blað.

## ÚRSLIT

*Enska úrvalsdeildin:*

**Tottenham-Arsenal 3-3**
0-1 Theo Walcott (5.), 1-1 Rafael van der Vaart (7.), 1-2 Samir Nasri (11.), 1-3 Robin Van Persie (39.), 2-3 Tom Huddlestone (44.), 3-3 Rafael van der Vaart, víti (70.)

**Chelsea-Birmingham 3-1**
1-0 Florent Malouda (2.), 2-0 Salomon Kalou (25.), 3-0 Florent Malouda (61.), 3-1 Sebastian Larsson, víti (76.)

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man United** | **33** | **20** | **10** | **3** | **70-32** | **70** |
| Chelsea | 33 | 19 | 7 | 7 | 61-27 | 64 |
| **Arsenal** | **33** | **18** | **10** | **5** | **66-34** | **64** |
| Man City | 32 | 16 | 8 | 8 | 50-30 | 56 |
| **Tottenham** | **32** | **14** | **12** | **6** | **47-39** | **54** |
| Liverpool | 33 | 14 | 7 | 12 | 46-39 | 49 |



**BARÁTTA** Gylfi Einarsson Fylkismaður og Baldur Sigurðsson berjast hér um boltann í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Undanúrslit Lengjubikarsins:

## Fylkir komið í úrslitaleikinn

**FÓTBOLTI Fylkir vann góðan sigur á KR, 1-0, í undanúrslitum Lengjubikarsins í gær og er komið í úrslitaleikinn.**

**Fyrri hálfleikur var með daufara móti og var markalaust í leikhléi. Á 48. mínútu náði Ingimundur Níels Óskarsson aftur á móti að skora fyrir Fylki.**

**KR fékk nokkur fín færi í kjölfarið, meðal annars sláarskot, en inn vildi boltinn ekki.**

**Fylkismenn réðu síðan ferðinni undir lokin og unnu nokkuð sanngjarnan sigur. - hbg**

# Chelsea stimplar sig inn

**Chelsea komst upp í annað sæti ensku úrvalsdeildarinnar í gær. Bæði Chelsea og Arsenal eru sex stigum á eftir Man. Utd. Spurs náði jafntefli gegn Arsenal.**

**FÓTBOLTI** Það má ekki afskrifa Chelsea en liðið er komið á fullt í toppbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar eftir sigur á Birmingham en Arsenal gerði á sama tíma jafntefli gegn Tottenham.

Leikurinn á White Hart Lane byrjaði með hreint ótrúlegum látum. Strax á 5. mínútu kom Theo Walcott Arsenal yfir með góðu marki og leikmenn Arsenal voru nánast enn að fagna markinu þegar Rafael van der Vaart jafnaði metin fyrir Spurs. Mögnuð byrjun.

Það var þó langur vegur frá því að leikmenn liðanna ætluðu að slaka á klónni því að 12. mínútu kom Samir Nasri liði Arsenal aftur yfir með þrumuskoti fyrir utan teig.

Fimm mínútum fyrir hlé skoraði Robin Van Persie þriðja mark gestanna. William Gallas lenti í vandræðum með að hreinsa. Boltinn fór til Walcotts sem gaf í teiginn á Persie. Hann náði skoti að marki sem Gomes varði glæsilega. Persie náði aftur á móti frákastinu og kláraði færið með stæl. Spurs gafst ekki upp frekar en fyrri daginn og Tom Huddlestone minnkaði muninn fyrir hlé. 2-3 í hálfleik í hreint út sagt stórkostlegum knattspyrnuleik.

Sama fjörið hélt áfram í síðari hálfleik þar sem bæði lið sóttu af krafti. Á 70. mínútu braut Szczesny, markvörður Arsenal, á Aaron Lennon og vítaspyrna réttilega dæmd. Van der Vaart tók spyrnuna og skoraði af miklu öryggi. Aðeins mínútu síðar átti Modric að skora en Szczesny varði glæsilega. Bæði lið áttu ágæt færi það sem eftir lifði leiks en fleiri urðu mörkin ekki.

„Það var brjálæðislegur hraði í þessum leik. Auðvitað erum við svekktir eftir að hafa komist 3-1 yfir. Við sýndum frábært viðhorf í fyrri hálfleik en duttum of mikið til baka í þeim síðari. Það er stutt síðan við spiluðum og erfitt að vera á þessum hraða í 90 mínútur,“ sagði Wenger.



**FLUGFERÐ** Gareth Bale lenti í harkalegu samstuði við markvörð Arsenal og fékk í kjölfarið vænta flugferð. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

„Við erum ekki búnir að gefast upp. Við munum berjast eins og brjálæðingar í þeim leikjum sem eru eftir. Það má ekki gleyma því að við erum búnir að spila 15 leiki í röð án þess að tapa. Það er ekkert annað lið í deildinni sem státar af slíkum árangri. Það er frábært viðhorf og barátta í þessu liði.“

Fimmtíu milljón punda maðurinn Fernando Torres mátti sætta sig við að byrja á bekknum þegar Chelsea vann auðveldan heimasigur á Birmingham og er því enn í baráttunni. Hann fékk þó að spila en tókst ekki að skora frekar en áður. henry@frettabladid.is




**SIGURMARKIÐ** Ronaldo fagnar hér glæsimarki sínu sem skilaði Real bikarmeistaratitlinum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Úrslit spænska bikarsins:

## Ronaldo sá um Barcelona

**FÓTBOLTI** Real Madrid varð í gær bikarmeistari á Spáni þegar liðið lagði Barcelona, 1-0, í framlengdum úrslitaleik. Það var Cristiano Ronaldo sem skoraði eina mark leiksins.

Sigurinn er gríðarlega mikilvægur fyrir Madrídarliðið og gefur liðinu trú fyrir baráttuna sem fram undan er hjá liðunum í undanúrslitum Meistaradeildarinnar.

Mörkin létu á sér standa í venjulegum leiktíma en Börsungar voru óheppnir að skora ekki enda talsvert sterkari aðilinn í leiknum. Börsungar tóku öll völd á vellinum og hreinlega yfirspiluðu Madrídinga sem vissu ekki sitt rjúkandi ráð. Markið lá í loftinu en það kom ekki og því varð að framlengja leikinn.

Þegar tvær mínútur voru eftir af fyrri hálfleik framlengingar kom Cristiano Ronaldo liði Real Madrid yfir.

Angel di Maria átti þá frábæra sendingu í teiginn og þar skallaði Ronaldo boltann listavel í fjærhornið. 1-0. Ronaldo var búinn að vera ógnandi í leiknum og nokkrum sinnum komist nálægt því að skora.

Börsungar reyndu allt hvað þeir gátu til þess að jafna leikinn en allt kom fyrir ekki. - hbg

Fjallabyggð

**Auglýsing um tillögu að deiliskipulagsbreytingu**

**- Saurbæjarás -**

**Frístundabyggð í Siglufirði, Fjallabyggð**

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Saurbæjarás í Siglufirði auglýsist hér með skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið er skilgreint 21,5 ha að flatarmáli og afmarkast við Skútudal í norðri og austri, strandlengju í vestri og Saurbæjarás í suðri. Þar er gert ráð fyrir 27 frístundahúsum ásamt útivistarsvæði.

Breytingin felur í sér breytta aðkomu að 8 frístundahúsum auk þess sem hámarksstærð frístundahúsa var aukin og mænisstefnu einstakra húsa snúið. Skipulagið var einnig staðfært að nýju Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofum Fjallabyggðar að Gránugötu 24 á Siglufirði og Ólafsvegi 4 í Ólafsfirði frá og með fimmtudeginum 21. apríl til fimmtudagsins 2. júní 2011. Tillagan verður einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins - www.fjallabyggd.is -

Skriflegar athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skipulags- og umhverfisnefnd eigi síðar en kl. 16.00 fimmtudaginn 2. júní 2011.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Bæjarstjóri Fjallabyggðar**

KR-ingar eru bjartsýnir á að halda Marcus Walker í Vesturbænum á næsta tímabili:

# Marcus tók stigametið af Damon

**KÖRFUBOLTI** Marcus Walker verður örugglega á milli tannanna hjá íslensku körfuboltafólki um ókomna tíð eftir magnaða frammistöðu sína í úrslitakeppninni. Þegar menn fóru að skoða sögubækurnar betur kom líka í ljós að spilamennska þessa eldfljóta og stórskemmtilega bakvarðar væri einstök í 28 ára sögu úrslitakeppninnar.

Marcus sló nefnilega tólf ára stigamet Damons Johnson með því að skora 332 stig í 11 leikjum KR í úrslitakeppninni en það gera 30,2 stig að meðaltali í leik. Walker bætti metið þegar hann gerði nánast út um leikinn með frábærum þriðja leikhluta þar sem hann skoraði 18 af 40 stigum sínum í leiknum á þriðjudagskvöldið.

Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR, ætlar að semja við Marcus og alla aðra leikmenn liðsins fyrir lokahóf KKÍ. „Ég sest niður með honum áður en hann fer aftur til Bandaríkjanna og vænti þess að við skrifum undir samning. Það á síðan eftir að koma í ljós hvort það verða einhver ákvæði í þeim samningi um tilboð frá liðum utan Íslands. Þá væri honum eins og gefur að skilja heimilt að stökkva á það enda eru eru meiri peningar í boði,“ segir Böðvar.

„Þessi strákur er bara topp eintak og mér myndi ekki bregða við það ef hann kæmi aftur til Íslands og tæki annað ár með okkur. Honum líður mjög vel hérna og nýtur sín virkilega. Þetta er líka kornungur strákur og það væri ekkert vitlaust fyrir hann að taka eitt ár til viðbótar hér,“ segir Böðvar.




**MARCUS WALKER** Átti einstaka úrslitakeppni með KR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Damon og Walker eru nú tveir af aðeins fjórum meðlimum í 300 stiga klúbbnum því Damon bætti á sínum tíma met Rondey Robinson sem skoraði 313 stig með Njarðvík í úrslitakeppninni 1995. Derrick Allen var síðastur á undan Walker til að bætast í hópinn.

Marcus Walker skoraði 33 stig eða meira í þremur síðustu leikjum KR-liðsins í úrslitakeppninni, rauf 30 stiga múrinn í sex leikjum og var með 20 stig eða meira í öllum ellefu leikjunum. Walker var með 32,5 stig að meðaltali í úrslitaeinvíginu þar sem hann hitti úr 67 prósentum þriggja stiga skota sinna (14 af 21) og tapaði aðeins 2 boltum á 143 mínútum. - óój

### Flest stig í úrslitakeppni

| | |
|---|---|
| **Marcus Walker** | **KR 2011** |
| 332 stig í 11 leikjum | 30,2 í leik |
| **Damon Johnson** | **Keflavík 1999** |
| 317 stig í 11 leikjum | 28,8 í leik |
| **Rondey Robinson** | **Njarðvík 1995** |
| 313 stig í 12 leikjum | 26,1 í leik |
| **Derrick Allen** | **Keflavík 2004** |
| 301 stig í 12 leikjum | 25,1 í leik |
| **Damon Johnson** | **Keflavík 2002** |
| 300 stig í 10 leikjum | 30,0 í leik |

Ár slaufunnar

CHEVROLET
Gæði í 100 ár

CHEVROLET

# Pantaðu þér glænýjan ferðafélaga fyrir sumarið!

## Nýr Captiva kemur í júní - pantaðu þinn strax!




Nýr Captiva 2011
Nýjar vélar - Minni eyðsla

Eins og forveri hans er glænýr Captiva hlaðinn staðalbúnaði og fæst með krafmiklum og sparneytnum bensín- og díselvélum.
Við eigum von á nýju Captiva bílunum í júní, en tökum við pöntunum strax. Nánari upplýsingar eru á **www.benni.is**
Einnig er velkomið að senda fyrirspurnir á netfangið chevrolet@chevrolet.is.

**Bensín 2,4 L - 167 hestöfl**
Captiva LT - 7 sæta - Tausæti
6 gíra beinskiptur
Hlaðinn staðalbúnaði
**Verð kr. 4.990 þús.**

**Bensín 2,4 L - 167 hestöfl**
Captiva LT - 7 sæta - Leðursæti
6 gíra sjálfskipting
Hlaðinn staðalbúnaði
**Verð kr. 5.590 þús.**

**Dísel 2,2 L - 184 hestöfl**
Captiva LT - 7 sæta - Tausæti
6 gíra sjálfskipting
Hlaðinn staðalbúnaði
**Verð kr. 6.290 þús.**

Bíll á mynd: Captiva LTZ með 19 tommu álfelgum. Verð eru háð gengi hverju sinni og geta breyst án fyrirvara.




GRÆNN APRÍL

Floti af nýjungum frá Chevrolet

www.benni.is

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3330
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - sími 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## > Julia Roberts

„Mér þykja hattar skemmtilegir. Þegar maður er með óhreint hár, er hattur góður fylgihlutur.“

